



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN ÁRSSKÝRSLA 2022



**Við erum
öll í þessu
saman**



LEIKURINN OKKAR

Stjórn HSK 2022

**Formaður:**

Guðriður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var
ritari frá 2001–2010. Sat í
varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í
varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í
varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016.
Var ritari stjórnar frá
2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Jón Þróstur Jóhannesson
Meðstjórnandi frá 2021. Sat
í varastjórn frá 2018–2021.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Olga Bjarnadóttir
Varamaður frá 2016.



Lárus Ingi Friðfinnsson
Varamaður frá 2022.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá
1991.

Ársskýrsla 2022

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson.
Prófarkalestur: Engilbert Olgeirsson, Helgi
S. Haraldsson, Olga Bjarnadóttir og Örn
Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl
Sigurdórsson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson, Guðmundur
Karl Sigurdórsson, UMFÍ, ÍSÍ og forystufólk í
félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 175 eintök.

Forsiða: Frá Unglingalandsmóttinu á Selfossi.



Þátttakendur á frjálslíþróttaleikum barna á Unglingalandsmóttinu á Selfossi.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 11 Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2022
- 12 Íþróttamaður og íþróttakona HSK
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Heiðranir á héraðsþingi
HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum
Heimasíða HSK
Ársskýrsla HSK má sjá á www.hsk.is
Annað kynningarstarf
Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Fundur, þing og námskeið:

- 16 100. héraðsþing HSK
Stjórnarfundir HSK árið 2022
Sambandsráðsfundur UMFÍ
Formannafundur ÍSÍ
Þing sersambanda

Samstarfsverkefni:

- 18 Félagsmiðstöðin Sel
Nýtt skilakerfi á starfsskýrslum tekið í notkun
á árinu
Getraunastarfið innan HSK
Heildarstigatafla HSK
HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi
nefndir hjá HSK
- 19 Enn eitt metárið í lottóinu og aukagreiðsla frá
ÍSÍ og UMFÍ

Ýmsar upplýsingar:

- 20 Lög HSK
- 21 Aðildarfélag og formenn félaga um áramót
- 22 Gull- og silfurmerki HSK
Fjöldi iðkenda eftir greinum
- 23 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum
- 24 Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK
- 25 Íþróttakarl og íþróttakona HSK
- 26 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
- 27 Fréttapunktur frá ÍSÍ 2022
- 29 Fréttapunktur frá UMFÍ 2022
- 30 UBH lagt niður

- 30 Þrjú hestamannafélög sameinast
Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar
fjárhagsafkomu HSK
- 31 Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
Umhverfissjóður UMFÍ
Ferðasjóður Íþróttafélaga
- 32 Greiðsla til félaga og deilda vegna
Unglingalandsmóts 2022
Úthlutun úr Íþróttasjóði 2022

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 33 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts
UMFÍ á Selfossi

Yfirlit um störf nefnda og ráða:

- 36 Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2022
- 37 Almenningslíþróttanefnd
Blaknefnd
Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Frjálslíþróttaráð
- 39 Glímuráð
- 40 Íþróttanefnd eldri félagsmanna
Íþróttanefnd fatlaðra
Skáknefnd
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd

Skýrslur aðildarfélaga:

- 42 Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
- 43 Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
- 44 Golfklúbbur Kjöðabergs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Úthlið
- 45 Golfklúbbur Þorlákshafnar
- 46 Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Jökull

- 47 Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Sleipnir
- 48 Íþróttafélagið Dimon
Íþróttafélagið Garpur
- 49 Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
- 50 Íþróttafélagið Mímír
Íþróttafélagið Suðri
Íþróttafélag Uppsveita
- 51 Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
- 52 Korfuknattleiksfélag Selfoss
Lyftingafélagið Hengill
Skotíþróttafélagið Skyttur
- 53 Umf. Dagsbrún
Umf. Eyrarbakka
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
- 54 Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
- 55 Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
- 56 Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjótandi
- 58 Umf. Þór
Umf. Þórsmörk
- 59 Myndir úr starfinu
Félög sem ekki skiluðu skýrslu



Fundargögn
héraðsþings 2023

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Á hverju ári höldum við HSK-félagar héraðsþing þar sem við stillum saman strengi fyrir komandi verkefni og fögnum þeim árangri sem náðist á liðnu ári.

Um helstu afrek liðins árs og starfsemi sambandsins má lesa í ársskýrslunni okkar sem hér er lögð fram.

Staða íþróttamála á sambandssvæðinu er um margt góð. Viðspyrnan eftir heimsfaraldur var öflug og flestir hafa náð vopnum sínum aftur. Því er ekki að leyna að áhrif faraldursins voru neikvæð varðandi liðan unga fólksins okkar og þar spiluðu íþróttir stórt hlutverk. Stjórnvöld gerðu sérstakar ráðstafanir til að sporna gegn neikvæðum félagslegum afleiðingum sem hlutust af covid og fyrir það ber að þakka.

Sameinuð og samstillt sigruðum við

Okkur er í fersku minni að á brattann var að sækja vegna heimsfaraldursins meðan hann geisaði af fullum krafti. Uppnám var hvarvetna, margir kviðnir, ráðvilltir og áhyggjufullir, meðan við börðumst við þennan sameiginlega óvin okkar og fór íþróttahreyfingin ekki varhluta af því. Okkur bar gæfa til að takast á við aðstæður þar sem við tókum vísindi fram yfir fordóma, gætni umfram óðagot, litum á staðreyndir og lögðum okkur fram um að forðast óttann. Við vissum að félags- og efnahagsleg áhrif faraldursins, sem og samdráttur í efnahagslífinu, myndi snerta okkur öll.

Tekist var á við þennan vágast af hálfu íþróttahreyfingarinnar og annarra með því að hægja á útbreiðslu og hindra smit með fordæmalausum aðgerðum sem svo sannarlega reyndu á okkur öll. Við bárum ábyrgð á því að fara eftir ráðum okkar sérfræðinga og tókum þátt í þeim inngripum sem heilbrigðisyriföld lögðu til og það var lykkillinn að því að koma okkur út úr þessum hörmungum og af stað á nýjan leik. Við lögðumst saman á áramnar og lýstum yfir stríði á hendur veirunni og uppskárum að lokum erfði starfa okkar.

Vitaskuld var miklu fórn að, en það var að miklu að vinna og auðvitað voru margir svekktir en létu sig hafa það. Stundum féllust okkur hendur en við risum upp aftur með þá trú að það væri ljós við enda ganganna sem reyndist vera.

Ávinningur

Þrátt fyrir faraldurinn hefur margt jákvætt átt sér stað undanfarin ár og má með sanni segja að Sunnlendingar leggi metnað sinn í að byggja upp gott íþróttalíf á sambandssvæðinu. Við vitum að til þess að ná árangri þurfum við að vera samtaka og leggja áherslu á uppbyggilegt íþrótt- og æskulýðsstarf, enda er það afar mikilvægt fyrir vöxt og viðgang svæðisins.

Við þurfum að setja markið hátt og hlúa með öllum ráðum að þessum mikilvæga þætti. Við á svæðinu hefur verið lagður góður grunnur að því að efla alhliða íþróttaiðkun. Er það vel og þakkarverður sá metnaður sem sveitarfélögin hafa lagt í að efla enn frekar gott íþróttastarf. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það nú einu sinni þannig að sameiginlegt átak og kraftmikil samstaða íbúanna er það sem byggir upp metnaðarfullt starf.

Við þurfum öll sem eitt að hafa í huga að það er afar mikilvægt að störf okkar einkennist af umhyggju og stuðli að velliðan allra þátttakenda/iðkenda. Afar brýnt er að allir sem koma að þjálfun og vinnu í íþróttageiranum sýni öllum persónulegan áhuga, jákvæðni, hlýju, þolinmæði og umburðarlyndi. Við



Guðríður formaður við setningu 100. héraðsþings HSK 2022.

þurfum að horfa á ólíkan menningar- og félagsheim þeirra sem auðlind. Allir iðkendur þurfa að finna að þeir séu öruggir og tilheyri hópnum. Þannig farnast okkur vel.

Unglingalandsmót UMFÍ 2022

Íþróttir eru hluti af daglegu lífi margra íslenskra barna. Mörg æfa íþróttir nánast daglega og hafa gaman af að etja kappi við jafnaldrá sína. Loksins, loksins, sögðu því margir og gleðin var einlæg þegar Unglingalandsmót UMFÍ 2022 hófst á Selfossi en því hafði verið frestað í tvígang vegna covid.

Í febrúar 2022 hófum við enn á ný undirbúning mótsins, allar greinar voru klárar og sérgeinastjórar virkjaðir á ný. Dusta þurfti rykið af mörgum atriðum, kanna stöðu tjaldsvæðis, tónlistarfólks og fleira tengt mótshaldinu. Framkvæmdanefnd mótsins gerði sér fulla grein fyrir að það væri sameiginlegt verkefni okkar að vekja tilfinningarnar og kalla fram góðar minningar af fyrri mótum. Við vissum að við þyrftum að kveikja áhuga á skipulagðri hreyfingu, koma fólki á hreyfingu, ekki aðeins fyrir þetta mót heldur allt skipulagt íþróttastarf.

Oft má heyra börn lýsa draumastarfi sínu sem atvinnunum í þeirri íþróttagein sem þau hafa hvað mestan áhuga á, en málið er að færri komast að en vilja í hörðum heimi íþróttanna. Unglingalandsmótin eru frábær afþreying fyrir alla. Á mótinu var boðið upp á fjölbreytta og skemmtileg dagskrá alla dagana og síðast en ekki síst þá gátu allir tekið þátt á eigin forsendum. Yngri systkini keppenda gátu tekið þátt í kynningum á hinum ýmsu greinum og féll það vel í kramið.

Að keppni dagsins lokinni var mótsgestum skemmt af valinkunnum hópi listamanna þar sem dans og söngur dunaði fram eftir kvöldi. Smá áhyggjur hafði nefndin af veðurspá helgarinnar en úr henni rættist svo sannarlega og var hið besta veður.

Á Selfossi hefur mikið kapp verið lagt á að byggja upp myndarlega íþróttaaðstöðu og var afar skemmtilegt að geta boðið upp á jafn glæsileg íþróttamannvirki og þar er að finna. Á mótssvæðinu eru þrír samliggjandi knattspyrnuvöllir þ.e. grasvöllur, gervigrasvöllur og knattþöll og standa þeir við fullbúinn frjálisíþróttavöll. Fyrir mótið var síðan komið

fyrir strandblaks- og strandhandboltavöllum við enda knattþússins. Skammt undan eru svo íþróttahúsið lða og íþróttahús Vallaskóla. Allt í göngufæri sem skapaði mikla og góða stemningu fyrir mótsgesti og var til mikils hægðarauka við alla skipulagningu.

Það reyndi á okkur við undirbúninginn og skipulagningu að þrír árgangar höfðu ekki átt kost á að taka þátt í Unglingalandsmótum. Það auðveldaði okkur mjög við framkvæmd mótsins að HSK hefur á að skipa frábærum flokki sjálfbóðaliða. Þeir lögðu metnað sinn í að halda mótið með okkur og gerðu það með glæsibrag. Að móti loknu gengu HSK-félagar og fulltrúar Sveitarfélagsins Árborgar stoltir frá borði, með þá vissu að hafa lagt mikla vinnu og metnað í verkefnið og uppskorið í samræmi við það.

Ekki er hægt að fjalla um mótið án þess að koma betur inn á þátt sjálfbóðaliðanna. Þeir höfðu lagt mikið af mörkum árið 2020 og svo aftur 2021. Þórir Haraldsson, formaður unglingalandsmótsnefndar, hélt utan um upplýsingar varðandi framlag þeirra og kom fram hjá honum að 1.096 vinnustundir höfðu farið í undirbúninginn á árunum 2020 og 2021 og gerir það samfellda sjálfbóðavinnu á hverjum degi í átta klukkustundir í hálf ár. Þessar tölur segja allt um þá miklu vinnu sem þegar hafði farið fram og þann kraft sem allir þeir sem að mótinu komu lögðu í verkefnið.

Margir spyrja sig hvort mót sem þessi hafi eitthvert gildi og þá hvaða. Eru allir þeir tímar sem börn verja á íþróttavellinum tímasóun eða er hægt að taka eitthvað úr íþróttum með sér út í lífið? Í mínum huga er ekki spurning um ávinninginn þar sem helstu niðurstöður rannsókna sýna að íþróttir geta aukið jákvæða getu einstaklinga á ýmsum sviðum og dregið úr neikvæðum þáttum. Íþróttir geta auk þess styrkt námsgetu, aukið sjálfsstraust, bætt andlega sem líkamlega heilsu og ekki síst þá er talið að þær dragi líka úr líkum á því að einstaklingar sýni frávíkshæðun. Við mótahald af þessu tagi þarf allt að ganga upp og ég fullyrði að skipuleggjendur, sjálfbóðaliðar og aðrir sem að mótinu komu hafi staðið sig með þryði við framkvæmd vandasamra verka. Ég sannfærð um að gestir okkar hafi farið heim með með góðar minningar og upplifun um glæsilegt Unglingalandsmót UMFÍ árið 2023.

Landsmót UMFÍ 50+

Nokkrir keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótinu sem var haldið í Borgarnesi 24.-26. júní. Þeir kepptu í frjálsum, sundi, golfi og ringó og unnu að sjálfsögðu til verðlauna í nokkrum greinum.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Stykkishólmi 23.-25. júní 2023 og að sjálfsögðu hvetjum við Skarphéðinsfólk til þátttöku.

Stjórn HSK hefur ávallt tekið jákvætt í að sækja um mót þegar forráðamenn sveitarfélaga hafa komið að máli við stjórnina og viðrað þá hugmynd. Við vitum eins og áður hefur komið fram að hér á okkar sambandssvæði er duglegur og ósérhlífinn hópur sem vilur ekki fyrir sér að taka að sér mót, hvaða nafni sem þau nefnast.

Héraðssambandið Skarphéðinn hefur sent inn umsókn til UMFÍ um að fá að halda Landsmót UMFÍ 50+ árið í Þorlákshöfn 2024. Sveitarfélagið Ölfus fór þess á leit við HSK að leggja inn umsókn þessa efnis. Í Þorlákshöfn er frábær íþróttastaða og allt til staðar til að halda glæsilegt mót. Nú er bara að sjá hvort umsókn okkar hlýtur brautargengi.

Fundir og þing

Þann 25. nóvember 2022 var formannafundur ÍSÍ haldinn í Fákshéimilinu í Viðidal og sátu fundinn formaður HSK og framkvæmdastjóri. Fundurinn var vel sóttur en síðasti formlegi formannafundurinn var haldinn 2019 þar sem fundir 2020 og 2021 voru haldnir á rafrænu formi.

Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, skýrði frá nýrri framtíðarsýn ÍSÍ og breytingum á skipulagi skrifstofu hreyfingarinnar. Einnig ræddi hann væntanlegan covid-styrk frá ríkisstjórninni og fjármagn í Afrekssjóð fyrir komandi ár. Hann skýrði stöðu mála varðandi uppbyggingu þjóðarhallar um innanhússíþróttir og ræddi breytingar á húsnæði ÍSÍ í íþróttamiðstöðinni og flutning höfuðstöðva UMFÍ í miðstöðina.

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir fjármálin í fjarveru gjaldkera stjórnar.

Á fundinum lagði framkvæmdastjórn ÍSÍ fram nokkur mál til kynningar og umræðu. Lárus L. Blöndal fór yfir lottóreglur og úthlutun, en verið er að skoða framtíðarfyrikomulag þess, í samstarfi við UMFÍ. Þá fór Andri yfir skráningarmál íþróttahreyfingarinnar.

Á fundinum ræddi Lárus um sjálfbóðaliða í íþróttahreyfingunni og þær áhyggjur innan hennar varðandi mönnun allra þeirra mikilvægu starfa og hlutverka sem þeir sinna fyrir íþróttirnar í landinu. Einnig ræddi hann þá óvægnu meðferð sem sjálfbóðaliðar hljóta og nefndi þar sérstaklega samfélagsmiðla. Miklar umræður sköpuðust í kjölfarið og er greinilegt að áhyggjur fara vaxandi innan hreyfingarinnar varðandi þátttöku sjálfbóðaliða í öllu íþróttastarfi sem vart gengi upp án aðkomu þeirra. Að fundi loknum var fundargestum boðið til kvöldverðar.

Áður en formlegur formannafundur hófst kynntu Sigurbjörg Sigurpálsdóttir og Aron Freyr Kristjánsson, frá embætti samskiptaráðgjafa, nýútgefna viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf og voru allir sambandsaðilar ÍSÍ hvattir til þess að kynna sér vel viðbragðsáætlunina og koma á framfæri til allra sem að íþróttastarfi koma. Verkefni um viðmið og góða stjórnunarhætti kynntu þau, Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs ÍSÍ og Jón Reynisson, starfsmaður ÍSÍ. Byggir verkefnið á viðmiðum Alþjóðaólympíuþnefndarinnar, viðmiðum Evrópusambands Ólympíuþnefnda og rannsókn Play the Game sem Jón Reynir Reynisson og Garðar Óli Ágústsson unnu að í sínu meistaranámi frá Háskólanum í Molde í Noregi.



Guðríður afhenti Aðalsteini Sveinssyni fyrrverandi gjaldkera HSK gullmerki HSK á héraðsþingi 2022.

Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn með hefðbundnum hætti á Höfn í Hornafirði 15. október. Fundinn sóttu formaður HSK og framkvæmdastjóri ásamt rúmlega 40 fulltrúum íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar sem aðild eiga að UMFÍ.

Í ræðu formanns UMFÍ, Jóhanns Steinars Ingimundarsonar, varð honum tíðrætt um heimsfaraldurinn þó honum væri að mestu lokið. Sagði hann einstaklinga enn glíma við ýmsar afleiðingar hans m.a. versnandi mataræði, hreyfingarleysi og einsemd þar sem fólk forðaðist fjölmenni. Þetta eru vandamál sem Jóhann sagði að við stæðum öll frammi fyrir og því væri það samfélagslegt. Verkefni dagsins í dag sagði hann vera lýðheilsuál í stóra samhenginu og þar þurfi að horfa á líkamlega sem andlega þáttinn.

Jóhann sagði frá endurhugsuðum sviðsmyndum sem margar hafa þegar haft jákvæð áhrif á starf UMFÍ og hvatti fundarmenn til þess að vera óhrædda við að hugsa hluti upp á nýtt m.a. starfshætti og fjárhags- og styrktarmál. Hann ræddi enn fremur um stærsta málið sem UMFÍ stóð í um þetta leyti en það var flutningur hreyfingarinnar á þjónustumiðstöð UMFÍ í Laugardalinn. Jóhann taldi breytingarnar og flutninginn afar jákvætt skref og sagði vonir bundnar við að samgangur og samskipti íþróttahreyfingarinnar yrði meiri en nokkru sinni.

Á fundinum voru ýmiss málefni lögð fram og rædd m.a. mótamál UMFÍ, LUF, Þratarlund og íþróttahéruð. Að mínu mati var stærsta málefni fundarinnar kynning á vinnu varðandi endurskoðun íþróttahéraða. Að loknu sambandsþingi UMFÍ sem fram fór á Húsavík 2021 skipaði stjórnin, í samræmi við samþykkt þingsins, vinnuhóp um íþróttahéruð og lottóreglur.

Hópurinn kynnti ýtarlega vinnu sína varðandi íþróttahéruð og lottóúthlutun. Þar kom fram að hvert íþróttahérað vinnur eftir sínu höfði með fleiri og fjölbreyttari hlutverk en fram kemur í íþróttalögum og lögum, bæði UMFÍ og ÍSÍ. Samræmingar og skilgreiningar milli héraða eru ekki til staðar og velta starfsmanna og sjálfbóðaliða er mikil. Upplifun starfshópsins er að almenn þekking og viðhorf á íþróttahéruðum sé lítil og að sums staðar sé nánast aðeins um að ræða „skúffu“ sem deilir út fjármunum.

Vinnuhópurinn kynnti fyrir fundargestum hugsanlega sviðsmynd sem felur í sér starfsstöðvar vítt og breytt um landið sem hefðu það hlutverk að

þjónusta nokkur íþróttahéruð. Samspil og samskipti væru milli starfsstöðva t.d. er varðar íþróttamál, lýðheilsu og mannvirki. Starfshópurinn reiknaði með að fjármunir komi frá ríkinu með það meginmarkmið að efla íþróttahéruð. Sömuleiðis kæmi fjármagn frá ÍSÍ og UMFÍ í gegnum lottó.

Með þessum hugmyndum yrði aukin skilvirkni og viðbragðsflýtur innan íþróttahreyfingarinnar sem myndi styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir um land allt. Með þessu móti yrði hreyfingin með skýra ábyrgð og hlutverk og samtakamátturinn yrði þannig þvert á ungmennafélagshreyfinguna. Með þessu fyrirkomulagi telur starfshópurinn að betri nýting mannauðs og aðfanga náist, það auki og samræmi vinnu milli eininga, ásamt því að stuðningur og þjónusta aukist við félög hvarvetna á landinu. Það hvernig hreyfingin geti náð markmiðum um að vera skilvirk, viðbragðsflýtur og samræmd hreyfing svari kröfum nútímans. Telur starfshópurinn að lykिलinn að farsæld felist í þessum breytingum.

Fundurinn samþykkti að veita starfshópnum umboð til áframhaldandi starfa til þess að vinna að tillögu varðandi málefnið. Spennandi verður að fylgjast með framvindu þessa máls á næstunni og vonandi hefur þessi vinna í för með sér að boðið verði upp á enn fjölbreyttar framboð íþróttastarfs um allt land og að allir hafi sem jafnastan aðgang. Vanda þarf til verka og kynna málefnið vel fyrir öllum svo ljóst sé hvað felst í sameiningu íþróttahéraða. Koma verður í veg fyrir að hagkvæmnin sem talið er að náist fram með þessum breytingum bitni á smærri aðildarfélögum.

Ýmis verkefni

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári, sem og aðra viðburði á þeirra vegum.

Lokaorð

Með sanni má segja að íbúar á Suðurlandi geti státað af öflugum og blómlegum íþróttastarfi. Tækifærin sem felast í heilbrigðu íþróttastarfi eru mörg og framtíðin björt ef vel er á málum haldið.

Við vitum öll að mikið starf fer fram á vettvangi HSK meðal stjórna, forsvarsmanna félaga, deilda og nefnda. Jafnframt vitum við mætavel að langstærsti hluti starfsins fer fram á keppnisvöllum og í íþróttamannvirkjum vítt og breytt um landið á hverjum einasta degi. Hverjum má þakka það? Jú, því dugmikla fólki sem enn leggur á sig sjálfbóðaliðastörf af miklum metnaði en fá því miður oft ekki miklar þakkir fyrir sín vel unnu störf. Þeirra framlag fáum við seint fullþakkað og öllum þeim styrktaraðilum sem gera okkur kleyft að halda úti öflugum og fjölbreyttu starfi. Ef þeirra nyti ekki við hér á okkar sambandssvæði okkar væri starfið ekki jafn blómlegt og raun ber vitni. Því er afar mikilvægt að við gleymum aldrei að sjálfbóðaliðinn er mikilvægasti hlekkurinn í íþróttakeðjunni okkar.

Öllum þeim sem unnið hafa með okkur, en þeir skipta hundruðum, eru færðar þakkir. Þeim sem hverfa úr nefndum og ráðum eru þökkúð vel unnin störf og ósk um farsæld á nýjum vettvangi.

Áfram gakk, verum samtaka í að leggja sérstaka áherslu á velsæld til að við öll getum átt heilbriggt og gott líf í okkar samfélagi. Hvernig okkur líður og hvernig við nýtum tækifærin til að efla og þroska hæfileika okkar skiptir meira máli en hagtölur sem okkur eru birtar.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK

Ársreikningur HSK 2022


Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2022.

Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2021 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2022. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2022 með undirskrift sinni.

Selfossi, 16. febrúar 2023,




Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK



Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2022. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 16. febrúar 2023,



Brynja Hjálmtýsdóttir



Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2022

	Skýr.	Rauntölur 2022	Áætlun 2022	Rauntölur 2021
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	63.550.566	44.485.000	55.746.510
Tekjur af mótum	2	22.142.022	20.850.000	2.644.900
Auglýsingatekjur	3	520.000	520.000	520.000
Aðrar tekjur	4	3.574.198	3.830.000	4.119.751
Rekstrartekjur alls		89.786.786	69.685.000	63.031.161
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	13.014.739	13.170.000	12.530.269
Fundir og þing	6	570.936	420.000	1.022.908
Áhöld og tæki	7	453.742	400.000	0
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/móthalds	9	21.706.784	20.595.000	2.741.639
Rekstur mannvirkja	10	400.000	400.000	400.000
Rekstur skrifstofu	11	857.365	820.000	763.137
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	516.758	550.000	520.373
Önnur gjöld	13	52.668.606	32.862.000	44.996.269
Rekstrargjöld alls		90.188.930	69.217.000	62.974.595
Hagnaður án fjármagnsliða		-402.144	468.000	56.566
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		692.642	100.000	85.435
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-58.511	-70.000	-51.486
Fjármagnstekjuskattur		-152.380	-22.000	-18.800
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		481.751	8.000	15.149
Hagnaður (tap) tímabilsins		79.607	476.000	71.715

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2022

	2022	2021
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selin	6.791.579	6.784.858
Samkomutjald	560.000	560.000
Fastafjármunir alls	7.351.579	7.344.858
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	254.255	65.765
Handbært fé	12.552.181	13.524.381
Veltufjármunir alls	12.806.436	13.590.146
Eignir samtals	20.158.015	20.935.004
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	20.078.408	19.999.972
Tekjuafgangur ársins	79.607	71.715
Eigið fé alls	20.158.015	20.071.687
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	0	863.317
Skammtímaskuldir alls	0	863.317
Skuldir og eigið fé samtals	20.158.015	20.935.004

Skýringar á rekstrarreikningi HSK	Rauntölur 2022	Áætlun 2022	Rauntölur 2021
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	4.656.429	3.500.000	4.229.195
Lottó	55.864.539	38.350.000	48.794.306
Getraunir	1.327.018	935.000	1.030.189
Framlag frá sveitarfélögum	1.702.580	1.700.000	1.692.820
Framlög og styrkir alls	63.550.566	44.485.000	55.746.510
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	578.700	200.000	144.900
Landsmótshald	21.563.322	20.650.000	2.500.000
Tekjur af mótum alls	22.142.022	20.850.000	2.644.900
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	220.000	220.000	220.000
Heimasíða	300.000	300.000	300.000
Auglýsingatekjur alls	520.000	520.000	520.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélaganna	2.885.575	3.100.000	3.124.100
HSK þing	30.000	30.000	30.000
Leigutekjur v/skrifstofu	0	0	0
Tekjur v/Unglingalandsmóts	500.000	500.000	500.000
Aðrar tekjur	158.623	200.000	465.651
Aðrar tekjur alls	3.574.198	3.830.000	4.119.751
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	8.868.945	9.000.000	8.559.674
Tryggingagjald	730.625	740.000	664.661
Lífeyrissjóður	1.206.169	1.230.000	1.211.379
Laun alls	10.805.739	10.970.000	10.435.714
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.440.000	1.400.000	1.350.555
Dagpeningar	769.000	800.000	744.000
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	2.209.000	2.200.000	2.094.555
Laun og verktakagreiðslur alls	13.014.739	13.170.000	12.530.269
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	41.957	150.000	34.126
Þing ÍSÍ	0	0	6.000
Þing UMFÍ	0	0	840.052
Þing HSK	360.567	100.000	50.340
Nefndafundir HSK	132.282	85.000	84.890
Sambandsráðsfundur UMFÍ	36.130	50.000	0
Formannafundur HSK	0	15.000	0
Aðrir fundir og ráðstefnur	0	20.000	7.500
Fundir og þing alls	570.936	420.000	1.022.908
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	453.742	400.000	0
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	453.742	400.000	0

	Rauntölur 2022	Aætlun 2022	Rauntölur 2021
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	150.250	120.000	74.800
Húsa- eða vallarleiga	0	0	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	296.236	200.000	166.839
Landsmótshald	15.502.841	13.150.000	1.000.000
Landsmótshald, hlutdeild félaga	5.757.457	6.750.000	1.500.000
Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs	0	375.000	0
Kostnaður v/mótahalds alls	21.706.784	20.595.000	2.741.639
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	400.000	400.000	400.000
Rekstur mannvirkja alls	400.000	400.000	400.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	212.401	220.000	193.484
Ritföng	13.957	50.000	61.715
Prentun	39.381	30.000	0
Póstkostnaður	1.590	5.000	1.521
Kaffikostnaður og risna	6.608	15.000	13.490
Tölvukostnaður	335.169	250.000	250.084
Annar skrifstofukostnaður	248.259	250.000	242.843
Rekstur skrifstofu alls	857.365	820.000	763.137
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	379.408	300.000	263.800
Heimasíða	137.350	250.000	256.573
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	516.758	550.000	520.373
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	39.912.933	27.612.000	34.505.721
Unglingalandsmótsþátttaka	1.135.122	1.500.000	0
Þátttaka á landsmóti 50+	0	0	0
Verkefnasjóður HSK	5.561.111	3.650.000	5.210.494
Aukagreiðsla til félaga og ráða	5.800.000		5.200.000
Ýmis kostnaður	259.440	100.000	80.054
Afskriftir	0	0	0
Önnur gjöld alls	52.668.606	32.862.000	44.996.269

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2022

		31/12/22	31/12/21
<u>Tekjur:</u>			
	Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr. 5.266.561	4.584.011
	Tekjur vegna vanskila félaga	kr. 339.184	626.483
	Vaxtatekjur	kr. 53.105	2.969
	Ósóttir styrkir frá 2021	kr. 70.000	137.000
Tekjur alls:		5.728.850	5.350.463
<u>Gjöld:</u>			
	Styrkir 2022, úthlutun sjóðsstjórnar	kr. 4.674.300	3.287.500
	Fjármagnstekjuskattur	kr. 11.681	652
Gjöld alls:		4.685.981	3.288.152
Rekstarhagnaður (tap) ársins		1.042.869	2.062.311

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

<u>Eignir</u>			
	Í sjóði 31.12.2022	kr. 8.742.971	7.717.602
Eignir alls:		8.742.971	7.717.602
<u>Skuldir og eigið fé:</u>			
	Eigið fé frá fyrra ári	kr. 6.700.102	4.637.791
	Rekstrarhagnaður ársins	kr. 1.042.869	2.062.311
	Ógreiddir styrkir um áramót	kr. 1.000.000	1.017.500
Skuldir og eigið fé alls:		8.742.971	7.717.602

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2022

Hér má sjá bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	20.076	280 kr. á íbúa	1.250.000	62,26 kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.971	280 kr. á íbúa	196.700	99,80 kr.
Rangárþing ytra	1.810	280 kr. á íbúa	180.000	99,45 kr.
Ásahreppur	261	280 kr. á íbúa	75.880	290,73 kr.

*Íbúaföldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2022.

Greiðsla alls úr héraði 2022: 1.702.580

Úthlutun Verkefnasjóðs HSK 2022

Verkefnasjóður HSK úthlutar úr sjóðnum tvisvar á ári. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1. apríl eða 1. október. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	60.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	20.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	50.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	50.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Þessi viðmið, sem voru öll hækkuð um 10.000 kr. milli ára, eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Fyrri úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Knattspyrnufélag Rangæinga	Fjölgun stúlkna í knattspyrnu	50.000
Skotíþróttafélagið Skyttur	Tvö unglínganámsskeið í skotíþróttum	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Fræðsla iðkendur meistaraflokks	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Námskeið fyrir þjálfara og iðkendur	50.000
Fimleikadeild Selfoss	Fyrirlestur og fræðsla um grindarbotninn	15.000
Samtals		215.000

Seinni úthlutun ársins:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, 4 einstaklingar	240.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun, 3 einstaklingar	30.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun, 8 einstaklingar	80.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fræðsla þjálfara og iðkenda	15.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, einn einstaklingur	60.000
Golfklúbbur Hveragerðis	Landsliðsverkefni, 2 einstaklingar	120.000
Golfklúbbur Selfoss	Landsliðsverkefni, 3 einstaklingar	180.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun, einn einstaklingur	20.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, 10 einstaklingar	600.000
Íþróttafélagið Hamar	Nýjung í starfi, fjölgreinafyrirkomulag Hamars	50.000
Íþróttafélagið Suðri	Nýjung í starfi, Íþróttaskóli barna	50.000
Knattspyrndeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, 14 einstaklingar	840.000
Knattspyrndeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun, 6 einstaklingar	120.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Nýjung í starfi, fótboltaæfingar á leikskólatíma	50.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	Nýjung í starfi, stofnun meistaraflokks kvenna	50.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Landsliðsverkefni, 6 einstaklingar	360.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Þjálfaramenntun erlendis, einn einstaklingur	50.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Landsliðsverkefni, 4 einstaklingar	240.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Tölfræðinámsskeið	34.300
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Dómaranámsskeið	50.000
Motokrossdeild Umf. Selfoss	Landsliðsverkefni, einn einstaklingur	60.000
Pílunefnd Umf. Selfoss	Stofnun Pílunefndar UMFS	50.000
Skotíþróttafélagið Skyttur	Þjálfaramenntun, 3 einstaklingar	60.000
Sunddeild Íþr.f. Hamars	Fyrirlestur fyrir iðkendur og foreldra	50.000
Sundnefnd HSK	Fræðsla á æfingabúðum sundnefndar HSK	50.000
Umf. Þjótandi	Nýjung í starfi, átaksværkefni í skíðaiðkun	50.000
Samtals		3.559.300

Sérstök úthlutun sjóðsstjórnar 2022:

Í 9. grein reglugerðar sjóðsins segir: „Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki úr sjóðnum vegna framúrskarandi árangurs einstaklinga og liða, án þess að umsókn hafi borist.“ Sjóðsstjórn ákvað á árinu eftirfarandi viðmiðunartölur vegna titla í fullorðinsflokki í boltagreinum: 300.000 fyrir Íslandsmeistararitil, 200.000 fyrir bikarmeistararitil og 200.000 fyrir deildarmeistararitil.

Nafn	Ástæða úthlutunar	Úthlutun
Heiðrún Anna Hlynisdóttir	Íþróttakona HSK 2021	100.000
Stýrmir Snær Prastarson	Íþróttakarl HSK 2021	100.000
Íþr.f. Hamar, blakdeild	Deildar-, bikar- og Íslandsmeistararitill í blaki karla	700.000
Sérstök úthlutun samtals		900.000
Samtals úthlutun 2022		4.674.300

Íþróttakarlar og íþróttakona HSK

Reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK var breytt á héraðsþingi 2018. Í fimmta sinn í sögu HSK var íþróttakarlar og íþróttakona HSK valin úr röðum þeirra sem tilnefndir eru í einstökum greinum. Valnefndin valdi **Heiðrúnu Önnu Hlynisdóttur** sem íþróttakonu HSK 2022 og **Egil Blöndal** sem íþróttakarlar HSK 2022.



Golf

Íþróttakona HSK 2022

Heiðrún Anna Hlynisdóttir, GOS

Heiðrún vann eitt af stórmótum ársins á GSÍ mótaröðinni og endaði í 2. sæti á stigalista GSÍ mótaráðarinnar 2022. Spilaði á Evrópumóttinu í golfi með A-landsliði kvenna og vann þrjá leiki af fjórum. Endaði í 2. sæti einstaklinga á Conference championship í háskólagolfinu, ásamt því að vera valin í lið ársins.



Júdo

Íþróttakarlar HSK 2022

Egill Blöndal, Selfoss

Egill Blöndal er einn af öflugustu júdómönnum á Íslandi. Hann er núverandi Evrópumeistari smáþjóða í -90 flokki og Íslandsmeistari Seniora í -90 kg flokki og er það fimmta árið í röð. Hann varð í öðru sæti í opnum flokki á Íslandsmeistaramóttinu og náði þriðja sætinu á Norðurlandameistaramóttinu. Hann var valinn til þátttöku í æfingabúðum í Svíþjóð með landsliðum Norðurlandanna.

Akstursíþróttir

Skúli Kristjánsson,

Torfærurklúbbi

Suðurlands

Skúli ekur keppnistækina Simba í sérútbúna flokknum í torfæru. Skúli tók þátt í öllum keppnum sumarsins og var á verðlaunapalli í öllum þeirra og endaði í þriðja sæti á Íslandsmóttinu. Skúli tók þátt í Norður-Evrópumeistaramóttinu þar sem hann leiddi keppnina alla keppnishelgina og sigraði og fékk titilinn Norður-Evrópumeistari 2022.



Blak

Ingibjörg Heiðarsdóttir, Dímon-Heklu

Ingibjörg, sem er spilandi þjálfari Dímonar-Heklu, er búin að þjálfari liðið í yfir 15 ár. Með hana sem þjálfara hefur liðið vaxið mikið. Hún er með mikið keppnishæfileik og er mjög kröfuhörð á sína liðsmenn og sjálfa sig. Tímabilið 2021-2022 varð Dímon-Hekla deildarmeistari í 3. deild.



Kristján Valdimarsson, Hamri

Kristján Valdimarsson hefur undanfarnar ár hann unnið allt sem hægt er að vinna héraðsmeistara með karlalíði Hamars sem er ríkjandi deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar auk þess sem hann varð meistari meistaranna með liði Hamars í haust. Á árinu 2022 lék hann með landsliði Íslands í undankeppni Evrópumótsins.



Borðtennis

Kristinn Már Sigurðarson, Garpi

Kristinn Már hefur verið í flokki sterkustu keppenda á landsvísi í sínum árgangi. Á Íslandsmóttu unglunga 2022 vann hann m.a. til silfurverðlauna í tvíliðaleik með Antoni Óskari Ólafssyni og til bronsverðlauna bæði í einliðaleik sem og í tvenndarleik með Weroniku Grzegorzczyk.



Fimleikar

Silvía Rós Valdimarsdóttir Nokkala, Selfoss

Silvía æfir og keppir með meistaraflokki fimleikadeildar Selfoss. Í vetur hefur hún lagt sig vel fram á æfingum og uppskorið miklar bætingar á öllum áhöldum sem eru eftirtektarverðar. Silvía varð á árinu 2022 bæði Íslandsmeistari og bikarmeistari með liði sínu í flokki blandaðra liða í hópfimleikum.



Bjarni Már Stefánsson, Selfoss

Bjarni Már æfir og keppir með meistaraflokki fimleikadeildar Selfoss. Hann er góð fyrirmynd fyrir liðsfélaga sína sem og aðra iðkendur deildarinnar og má þar nefna að hann var dux í Fjölbautaskóla Suðurlands vorið 2022. Bjarni varð á árinu 2022 bikarmeistari með liði sínu í flokki blandaðra liða í hópfimleikum og Íslandsmeistari með liði sínu í flokki blandaðra liða í hópfimleikum.



Frjálsíþróttir

Eva María Baldursdóttir, Selfoss

Eva María hafnaði 4. sæti á NM innanhúss og í 5. sæti á Bauhaus Junioren-Gala. Hún sigraði á RIG og á Selfoss Classic. Eva María varð einnig Íslandsmeistari utanhúss og sigraði allar hástöðskeppnir heima í héraði. Eva María hóf síðastliðið haust nám við University of Pittsburg í Pennsylvania í Bandaríkjunum og er fyrst allra til að fara beint úr frjálsíþróttakademíu Fsú í háskólanám til Bandaríkjanna á íþróttastyrk.



Örn Davíðsson, Selfoss

Örn er spjótkastari og náði þeim frábæra árangri að verða annar á Meistaramóti Íslands og Bikarkeppni FRÍ síðasta sumar. Á Kastmóti Selfoss í lok sumars kastaði Örn 70,89m sem er nýtt Selfossmet. Örn sinnir spjótkeppni hjá Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss einu sinni í viku allt árið um kring og er reynslumikill íþróttamaður sem gefur mikið af sér til yngri iðkenda. Örn var í lok árs valinn í landsliðshóp FRÍ.



Golf

Aron Emil Gunnarsson, GOS

Aron Emil var valinn í landsliðið og spilaði á Evrópumóttinu í golfi með A-landsliði karla og var valinn í afreksþóp GSÍ. Hann varð í 3. sæti á einu fullorðinsmóti á vegum GSÍ, varð í 4. sæti í Íslandsmóti í holukeppni karla og endaði í 3. sæti í Íslandsmóti unglunga. Þá hafnaði hann í 6. sæti á stigamóti GSÍ fyrir árið 2022. Hann var í 510. sæti á WAGR lista í lok tímabils og var í öðru sæti af íslenskum kyflingum á þeim lista.



Handknattleikur

Tinna Sigurrós Traustadóttir, Selfoss

Tinna Sigurrós var lykilleikmaður í meistaraflokksliði Selfoss sem vann Grill 66 deild kvenna vorið 2022. Tinna var markahæsti leikmaður deildarinnar en hún skoraði 162 mörk í 19 leikjum. Tinna Sigurrós var svo valin besti sóknarmaður, efnilegasti leikmaður og leikmaður ársins í Grill 66 deild kvenna. Tinna Sigurrós var burðarás í u-18 ára landsliði Íslands sem náði 8. sæti á HM sem haldið var í Norður Makedóníu í ágúst.



Einar Sverrisson, Selfoss

Einar lék með Selfossliðinu sem endaði í 5. sæti í deildinni og komst í undanúrslit bæði í Íslandsmóttinu og bikarkeppninni. Einar, sem er vinstri skytta, er lykilleikmaður á báðum endum vallarins og hefur sannað sig sem einn besti leikmaður deildarinnar í sinni stöðu. Einar var markahæsti leikmaður Selfoss á síðasta keppnistímabili, ásamt því að vera valinn varnarmaður ársins á lokahófi deildarinnar.



Hestaíþróttir

Sara Sigurbjörnsdóttir, Geysi

Sara náði frábærum keppnisárangri á árinu 2022. Var allsstaðar í toppbaráttu þar sem hún tók þátt og varð Reykjavíkumeistari, Íslandsmeistari, Landsmótsmeistari í fimmgangi F1 á Flóka frá Oddhóli. Sara varð einnig Reykjavíkumeistari á Flugu frá Oddhóli í fjórgangi V1, önnur á Íslandsmótinu og í A-úrslitum á Landsmótinu á sömu hryssa.



Elvar Þormarsson, Geysi

Elvar átti frábært keppnisár í Gæðingaskeiði með hryssuna Fjalladís frá Fornusöndum. Þau voru algjörlega ósigrandi. Elvar varð Íslandsmeistari, sigraði Gæðingaskeiðið á Landsmótinu og einnig á Reykjavíkurmótinu.



Íþróttir fatlaðra

Telma Þöll Þorbjörnsdóttir, Suðra

Telma hefur æft íþróttir í mörg ár m.a. hjá Íþróttafélaginu Suðra. Undanfarnin ár hefur hún lagt áherslu á golf. Hennar helsta afrek árið 2022 er 1. sæti á Special Olympics sportfestival í Kolding Danmörku. Hún varð einnig héraðsmeistari í kvennaflokki í golfi fatlaðra sl. sumar.



Sigurjón Ægir Ólafsson, Suðra

Sigurjón Ægir hefur æft lyftingar í mörg ár hjá Íþróttafélaginu Suðra. Einnig æfði hann boccia á tímabili. Hann keppir í réttstöðulyftu og vekur mikla athygli þar sem fötlun hans er þess eðlis að slíkt er nánast ógjörningur. Hann hefur hann lyft 100kg. Þrátt fyrir ýmis áföll, meiðsli og slys heldur hann ótrauður áfram, sýnir mikinn metnað og seiglu og byggir sig upp að nýju.



Knattspyrna

Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir, Selfoss

Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir hefur á undanfögnu ári farið úr því að vera einn efnilegasti miðvörður landsins í að verða ein sú allra besta. Hún spilaði sinn fyrsta A-landsleik á árinu. Á undangengnu tímabili átti hún stóran þátt í því að Bestudeildarlið Selfoss var eitt af þeim liðum sem fékk hvað fæst mörk á sig. Hún hefur tekið á sig æ meiri ábyrgð og er farin að sýna leiðtogaefleika sem sönnun miðverði hæfir.



Stefán Þór Sigtýr Ágústsson, Selfoss

Stefán Þór var byrjunarliðsmaður í næst efstu deild aðeins 21 árs og var þar með einn yngsti byrjunarliðs markmaður landsins. Stefán Þór er gríðarlega metnaðarfullur bæði innan vallar sem utan og er búinn að vaxa mjög mikið undanfarið og nú er svo komið að hann er fyrsti maður á blaði í liðinu og einn mikilvægasti leikmaður liðsins. Sumarið 2022 var hans besta tímabil og hann átti stóran þátt í velgengni liðsins framan af móti.



Körfuknattleikur

Emma Hrönn Hákonardóttir, Hamar-Þór

Emma Hrönn var einn af lykil leikmönnum U18 ára landsliðs Íslands sem náði flottum árangri bæði á Norðurlandamótinu sem og á Evrópumeistaramótinu sumarið 2022. Hún hefur styrkt ungt og efnilegt lið Hamars-Þórs mikið í vetur þrátt fyrir ungan aldur. Emma Hrönn er góður skotmaður með mjög næmt auga fyrir samspili. Ásamt því að leika með meistaraflokk og 12. flokki Hamars-Þórs þá hefur Emma Hrönn einnig tekið að sér þjálfun ungra iðkenda.



Tómas Valur Þrastarson, Þór

Tómas hefur verið yfirburða leikmaður í sínum flokki og látið mikið að sér kveða í meistaraflokki þrátt fyrir ungan aldur. Tómas var lykilleikmaður í U18 ára landsliði Íslands sem náði mjög góðum árangri bæði á Norðurlandamótinu sem og á Evrópumeistaramótinu sumarið 2022. Þess má geta að Tómas var á yngra ári í landsliðinu. Tómas Valur hefur oft fengið það hlutverk að dekkja sterkasta sóknarmanninn í liði andstæðinganna og hefur leyst það með miklum sóma.



Lyftingar

Bjarki Breiðfjörð, Selfoss

Bjarki Breiðfjörð hefur náð góðum árangri síðustu ár. Hann setti þrjú Íslandsmet í sínum flokki og eitt Íslandsmet í -81 kg flokki. Bjarki varð Norðurlandameistari í Ólympískum lyftingum á árinu í flokki U-20 í -81 kg. flokki. Þetta er þriðja árið í röð sem hann verður Norðurlandameistari, en hann er aðeins 19 ára gamall.



Mótokross

Ragnheiður Brynjólfssdóttir, Selfoss

Ragnheiður æfir með Umf. Selfoss á Selfossi og keppir í kvennaflokki 30 + og er þetta þriðja keppnisumarið hennar. Hún varð í þriðja sæti til Íslandsmeistarara í flokki 30+.



Eric Máni Guðmundsson, Selfoss

Eric Máni hefur náð góðum árangri í motocrossi og var síðasta sumar hans besta til þessa þar sem hann vann 4 af 5 motocrosskeppnum sumarsins og varð hann Íslandsmeistari í unglingsflokki. Þetta er annar Íslandsmeistaratitillinn sem hann vinnur síðan 2020 en þá sigraði hann 85 flokkinn. Eric keppti líka í enduro með góðum árangri og lenti í 3. sæti í unglingsflokki 14 – 19 ára.



Skotiþróttir

Hákon Þór Svavarsson, SFS

Hákon Þór varð Norðurlandameistari í haglabyssu á NM í sumar. Hann tryggði sér þátttökurétt á Evrópuleikunum í Krakow í Póllandi á næsta ári, með frábærum árangri á Evrópumeistaramótinu á Kýpur



þar sem hann hafnaði í 13. sæti. Hákon Þór er sem stendur í 44. sæti á heimslistanum. Hákon var í 2. sæti á Íslandsmeistaramótinu í haglabyssu (skeet), varð stigameistari Skotiþróttasambandsins og þá var hann með hæsta meðalskor á landsvísi á árinu. Hann var í lok árs kjörinn skotiþróttamaður ársins hjá Skotiþróttasambandinu.

Sund

Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir, Selfoss

Bergþóra Sól varð fimmta í 200m baksundi á Sumarmóti SSÍ og stóð sig með þrýði. Hún er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á all flestum sundmótum HSK síðustu þrjú ár. Bergþóra Sól synti vel á aldursflokkmóti HSK og varð stigahæsta sundkonan á héraðsmóti HSK. Hún sýndi góðar framfarir á árinu og er sífellt að synda lengri og erfiðari æfingar. Hún er frábær félagi og fyrirmynd. Einstaklega jákvæð og getur náð langt ef hún heldur áfram á sömu braut.



Jakob Ingi Reynisson, Selfoss

Jakob Ingi vann silfur í 100m baksundi á Sumarmóti SSÍ og náði lágmörku á ÍM-50, Aldursflokksmeistarmót Íslands og keppti á og fjölda annara móta og stóð sig með þrýði. Jakob Ingi er burðarás í liði Selfoss sem sigrað hefur á all flestum sundmótum HSK síðustu ár. Jakob Ingi synti átti stigahæsta sund á aldursflokkmóti HSK og var stigahæsti karl á héraðsmóti HSK. Hann sýndi góðar framfarir á árinu og er sífellt að synda lengri og erfiðari æfingar. Hann er frábær félagi og fyrirmynd. Einstaklega jákvæður og getur náð langt ef hann heldur áfram á sömu braut.



Taekwondo

Viktória Björg Kristófersdóttir, Selfoss

Viktória Björg keppti á sýnu fyrsta móti í bardaga á árinu, sem var bikarmót Taekwondosambandsins. Hún gerði sér lítið fyrir og vann til gullverðlauna í unglingsflokki. Viktória hefur alla burði til að fara í úrtökur í unglingslandsliðið.



Björn Jóel Björgvinsson, Selfoss

Björn Jóel varð á árinu í 1. sæti á fyrsta bikarmóti TKÍ. Hann var valinn í A landsliði Taekwondosambands Íslands í bardaga og keppti fyrir Íslands hönd á tveimur stigamótum World Taekwondo, þ.e. Rumania Open G2 og Slovenia Open G2. Hann stefnir á að keppa á HM í bardaga á næsta ári sem fer fram í Azerbaidjan. Björn Jóel er einn af aðalþjálfurum deildarinnar á Selfossi og er góð fyrirmynd fyrir alla iðkendur innan ungmenntafélagsins.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabíkar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Umf. Selfoss
Körfuknattleiksfélag Selfoss
Hestamannafélagið Geysir
Garðar Garðarsson Umf. Selfoss

Unglingabíkar HSK 2022

Sprenging hefur orðið í iðkendaþjólda í yngri flokkastarfi Körfuknattleiksfélags Selfoss síðustu ár. Í sumum aldursflokkum hefur fjöldinn margfaldast og eru nú þó nokkrir æfingahópar með fleiri en eitt keppnislið. Í heildina eru 10 æfinga- og keppnishópar og iðkendaþjóldin kominn á annað hundraðið.

Félagið státar af nokkrum landsliðsmönnum í yngri landsliðum síðastliðin ár og á annan tug iðkenda sem valdir hafa verið í æfingahópa körfuboltasambandsins.

Mikill vöxtur og fjölgun iðkenda hefur verið í stúlkahópum á milli ára.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2022

Í hestamennsku barna, unglinga og ungmenna gegna foreldrar lykilhlutverki. Stuðningur foreldra skiptir öllu máli þar sem eðli hestamennsku sem íþróttagreinar er töluvert ólíkt öðrum. Hesturinn gegnir lykilhlutverki og þarf að hugsa um hann jafnt og knapann öllum stundum. Virk þátttaka foreldra styður það að börn, unglingar og ungmenni nái árangri í íþróttinni. Erfitt getur reynst að fá far á æfingu þar sem hesturinn þarf að koma með og ekki sest hann aftur heldur þarf hann að koma á kerru. Hestamennsku fylgir mikill búnaður sem einnig þarf að ferja.

Í Hestamannafélaginu Geysi hafa foreldrar verið virkilega áberandi og virkir þátttakendur í starfinu. Á mótum ársins 2022 voru knapar Geysis áberandi í flokkum barna, unglinga og ungmenna og hefði sá árangur ekki náðst nema með virkri þátttöku foreldra.



Í Geysi hafa foreldrar verið áberandi og virkir þátttakendur í starfinu.



Yngri flokka starf Körfuknattleiksfélags Selfoss blómstrar og iðkendum fjölga ár frá ári.



Garðar Garðarsson öðlingur ársins.

Öðlingur ársins 2022

Garðar Garðarsson er fæddur og uppalinn á Fáskrúðsfirði og lék knattspyrnu á yngri árum með Leikni. Hann flutti til Reykjavíkur um tvítugt og æfði knattspyrnu með ÍR um tíma. Hann snéri sér síðan alfarið að dómgæslu og var virkur knattspyrnuðómari fyrir KR og hélt því aðeins áfram eftir að hann flutti á Selfoss.

Garðar flutti á Selfoss 1986. Börnin hans höfðu stundað fimleika í Reykjavík áður en þau fluttu, en á þessum árum var engin fimleikastarfsemi á Selfossi. Garðar vildi breyta þessu svo börn og unglingar gætu stundað fimleika á Selfossi. Hann fór því fljótlega að vinna að því að stofna Fimleikadeild innan Umf. Selfoss og fékk gott fólk með sér til að vinna að því verkefni. Deildin var stofnuð þá um haustið og var Garðar kosinn fyrsti formaður deildarinnar og gengdi því embætti í nokkur ár. Hann var síðar verðlaunaður af Fimleikasambandinu fyrir brautryðjendastarf.

Garðar hefur verið virkur briddsspilari í hátt í 50 ár og tekið þátt í fjölda móta í gegnum tíðina. Garðar var t.a.m. í briddsliði HSK á Landsmóti UMFÍ árið 2007 og þá hefur hann tekið þátt í nokkrum Landsmótum 50+ og oftast í verðlaunasæti. Hann keppti á síðasta Landsmóti 50+ í Borgarnesi og varð í þriðja sæti með sinni sveit.

Garðar hefur tekið virkan þátt í félagsmálum briddshreyfingarinnar og var um tíma formaður Briddsfélags Selfoss og þá hefur hann verið formaður briddsnefndar HSK frá árinu 2000.

Heiðranir á héraðsþingi Skarphéðins

Á héraðsþinginu í Þingborg 2022 voru nokkrir einstaklingar af sambandssvæði HSK heiðraðir fyrir þeirra störf fyrir hreyfinguna.

Guðríður Aadnegard formaður HSK veitti, f.h. stjórnar HSK, eitt gullmerki og eitt silfurmerki. Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda var sæmdur gullmerki HSK og Fanney Ólafsdóttir Umf. Þjótanda var sæmd silfurmerki sambandsins.

Tveir einstaklingar hlutu silfurmerki ÍSÍ, þau María Rósa Einarsdóttir lþr.f Dimon og Ólafur Þórisson Hestamannafélaginu Geysi. Það var Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í ÍSÍ, sem afhenti þeim silfurmerkin.

Karl Gunnlaugsson, Umf. Hrunamanna og Golfklúbbnum Flúðir var sæmdur gullmerki Ungmennafélags Íslands. Ragnheiður Högnadóttir formaður framkvæmdastjórnar UMFI, afhenti fyrir hönd stjórnar UMFI. Tveir einstaklingar fengu starfsmerki UMFI þau Gissur Jónsson, Umf. Selfoss og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Þjótanda.

Greinargerðir um þá sem

hlutu viðurkenningar frá HSK:

Aðalsteinn Sveinsson sæmdur gullmerki HSK

Aðalsteinn hefur um áratugaskið tekið þátt í verkefnum HSK og félaganna í Flóahreppi, fyrst með Umf. Vöku og síðar með Umf. Þjótanda.

Hann æfði og keppti með Vöku á sínum yngri árum og var um árabíl í stjórnun og nefndum hjá félaginu, en hann var formaður félagsins á árunum 1987 – 1991.

Aðalsteinn sat sitt fyrsta HSK þing árið 1978 og mætti svo árlega til þings á árunum 1987-1997. Hann var fyrst kjörinn til trúnaðarstarfa hjá HSK árið 1979, en þá tók hann sæti í frjálisþróttanefnd. Aðalsteinn tók aftur sæti í frjálisþróttanefnd HSK árið 1997 og var svo kjörinn fyrsti formaður frjálisþróttaráðs HSK seinna það sama ár og gengdi því embætti til 2001.



Fanney Ólafsdóttir var sæmd silfurmerki HSK á árinu. Guðríður formaður afhenti henni merkið.

Hann hefur átt sæti í sögu- og minjanefnd HSK frá árinu 2019.

Aðalsteinn var kosinn í varastjórn HSK árið 1990 og var svo kjörinn gjaldkeri HSK árið 1991 og stöð sig með miklum sóma í því hlutverki, líkt og í öðrum verkefnum fyrir hreyfinguna. Hann hætti sem gjaldkeri sambandsins árið 1996.

Aðalsteinn er vel að því kominn að vera sæmdur gullmerki HSK fyrir sín miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna.

Fanney Ólafsdóttir sæmd silfurmerki HSK

Fanney hefur frá unglingsaldri tekið virkan þátt í starfi hreyfingarinnar. Hún æfði og keppti með Umf. Vöku

og keppti m.a. í frjálsum og starfsþróttum með liði HSK á Landsmótum UMFI.

Fanney tók ung að sér formennsku í Umf. Vöku, en hún var formaður félagsins frá 1998-2005 og í byrjun árs 2022 tók hún við formennsku í Umf. Þjótanda.

Hún hefur um árabíl átt sæti í starfsþróttanefnd HSK og verið formaður nefndarinnar frá 2004. Fanney sat um tíma í stjórn HSK, en hún átti sæti í varastjórn frá 2006-2010 og í stjórn frá 2010 – 2014.

Fanney er vel að því kominn að verða sæmd silfurmerki HSK fyrir sín miklu og góðu störf fyrir hreyfinguna.

HSK fréttir í héraðsfréttamiðlum

Í nóvember 2017 gerðu forsvarsmenn HSK og Dagskrárinna samkomulag um að héraðsblaðið myndi birta fréttir úr starfi HSK. Síðan þá hafa nær vikulega verið birtar fjöldamargar greinar á síðum blaðsins.

Undanfarin ár hefur einnig mikið af fréttum frá HSK birst á sunnlenska fréttavefnum sunnlenska.is og þá hefur útvarpsstöðin Suðurland FM fjallað talsvert um íþróttir og starfsemi HSK.



Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér það um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostnaði síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að

halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið í viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

Ársskýrsla HSK má sjá á hsk.is

Fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Skýrslurnar hafa síðan ýmist verið prentaðar eða ljósritaðar. Undanfarin ár hefur ársskýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðsins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Ársskýrslur síðustu ára má sjá á www.hsk.is.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga og sérráða HSK og einnig á nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila að jafnaði einu sinni í viku.



Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemi

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfbæðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Fundir, þing og ráðstefnur:

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur sótt. Listinn er ekki tæmandi.

100. héraðsþing HSK

Um 120 manns mættu á héraðsþing HSK sem haldið var í Þingborg í Flóahreppi fimmtudaginn 31. mars 2022. Þinghaldið gekk vel og móttökur heimafólks úr Umf. Þjótanda og Flóahreppi frábærar.

Í tilefni af 100. héraðsþinginu fengu allir fulltrúar möppur merktar sambandinu og Flóahreppur bauð fulltrúum og gestum í mat.

Stjórn HSK lagði fram 11 tillögur og voru þær flestar samþykktar, en tillaga um breytingu á lögum HSK um að fækka þingfulltrúum var felld.

Ein breyting varð á stjórn sambandsins, en Baldur Gauti Tryggvason gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Lásur Ingi Friðfinnsson úr Hamri kjörinn í stað Baldurs. Stjórn HSK skipa Guðríður Aadnegard formaður, Guðmundur Jónasson gjaldkeri, Anný Ingimarsdóttir ritari, Helgi S. Haraldsson varaformaður og Jón Þröstur Jóhannesson meðstjórmandi. Varastjórn skipa þau Gestur Einarsson, Olga Bjarnadóttir og Lásur Ingi Friðfinnsson.

Á héraðsþinginu var tilkynnt um val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2021. Það voru þau Heiðrún Anna Hlynisdóttir golfkona og Styrmir Snær Þrastarson körfuknattleiksmaður sem voru útnefnd íþróttakona og íþróttakarli HSK árið 2021.

HSK veitti nokkur sérverðlaun á þinginu, líkt og undanfarin ár. Umf. Selfoss var stigahæsta félagið, Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs hlaut unglingabikar HSK, Umf. Hvöt fékk foreldrarstarfsbikarinn og þá var Sigmundur Stefánsson á Selfossi valinn öðlingur ársins.

Myndskreytt ársskýrsla kom út á þinginu og má sjá vefútgáfu skýrslunnar á www.hsk.is.

Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Höfn í Hornafirði 15. október 2022. Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ. Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar HSK á fundinum. Á fundinum var lögð fram skýrsla um starfsemina og ársreikningur UMFÍ fyrir árið 2021 var lagður fram og samþykktur. Þá var tillaga um Þrastarskóg og Þrastarlund samþykkt svo og tillaga um að fela stjórn UMFÍ að gæta hagsmuna sambandsins í málefni sem tengist Landssambandi æskulýðsfélaga. Fjöldmörg mál voru rædd á fundinum og má þar nefna stefnumótun UMFÍ, starfsemi íþróttahéraða, húsnæðismál UMFÍ og starfsemi ungmenningabúða UMFÍ.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 25. nóvember í Fákshéimilinu í Víðidal. Var það í fyrsta sinn frá árinu 2019 sem formenn og framkvæmdastjórn sambandsaðila ÍSÍ hittast, því síðustu tveir Formannafundir ÍSÍ fóru fram í rafrænu formi á Microsoft Teams, árin 2020 og 2021. Mæting á fundinn var góð, alls 104 formenn og framkvæmdastjórn sambandsaðila ÍSÍ ásamt stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Fundarstjórn var í höndum Þóreyjar Eddu Elísdóttur, 1. varaforseta ÍSÍ. Guðríður Aadnegard formaður HSK og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri voru fulltrúar HSK á fundinum.

Lásur L. Blöndal, forseti ÍSÍ, setti fundinn og ávarpaði gesti. Hann skýrði frá nýrri framtíðarsýn ÍSÍ



Góð mæting var á 100. héraðsþing HSK í Þingborg.

og breytingar á skipulagi skrifstofu ÍSÍ. Hann ræddi væntanlegan COVID styrk frá ríkisstjórninni sem og fjármagn í Afrekssjóð fyrir komandi ár, skýrði frá stöðu mála varðandi uppbyggingu þjóðarhallar um innanhússíðpróttir og ræddi breytingar á húsnæði ÍSÍ í íþróttamiðstöðinni og flutning höfuðstöðva UMFÍ í miðstöðina.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti skýrslu stjórnar og fór yfir fjárhagsupplýsingar í fjarveru gjaldkera stjórnar. Fór hann yfir helstu breytingar á skipulagi skrifstofu og helstu verkefni ÍSÍ frá síðasta Formannafundi. Búið er að sameina Almenningsíþróttasvið ÍSÍ og Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ í nýtt svið sem kallast Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSÍ. Nýtt svið hefur verið sett á laggirnar, Stjórnsýslusvið ÍSÍ, og Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ verður að Afrekssviði ÍSÍ.

Góðar umræður urðu um skýrslu stjórnar og aðra dagskrárliði. Þegar á leið fund var gert stutt hlé til að gera léttar hléæfingar sem verkefnastjórnar heilsuefingar, þær Ásgerður Guðmundsdóttir og Margrét Regína Grétarsdóttir stýrðu, við góðar undirtektir fundargesta.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ lagði þrjú mál fyrir Formannafund til kynningar og umræðu. Lásur L. Blöndal forseti ÍSÍ fór yfir lottóreglur og úthlutun en verið er að skoða framtíðar fyrirkomulag þess, í samstarfi við UMFÍ. Andri Stefánsson fór yfir skráningarmál íþróttahreyfingarinnar og Lásur tók því næst aftur til máls og ræddi um sjálfbærni íþróttahreyfingarinnar. Lásur kom inn á áhyggjur íþróttahreyfingarinnar um mönnun allra þeirra mikilvægu hlutverka sem sjálfbærnið sinna fyrir

íþróttirnar í landinu og eins þá óvægnu meðferð sem fólk í sjálfbærniðastarfi hlýtur, sér í lagi á samfélagsmiðlum sem oft endar í umfjöllun hjá fjölmiðlum, þegar ágreiningur eða óvænt atvik koma upp.

Ýmis mál voru rædd undir liðnum önnur mál en að því loknu dró forseti ÍSÍ umræðuna á fundinum saman í stuttu máli, óskaði fundargestum góðrar heimferðar og sleit fundi. Fundargestum var boðið til kvöldverðar í boði ÍSÍ að loknum fundi.

Fyrir fundinn voru kynningar á nýútgefinni viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf, sem Sigurbjörg Sigurpáldóttir og Aron Freyr Kristjánsson frá embætti samskiptaráðgjafa höfðu umsjón með. Hvötta þau alla sambandsaðila ÍSÍ til að kynna sér ítarlega viðbragðsáætlunina og komahenni á framfæri við alla sem koma að íþróttastarfinu. Einnig kynntu þau Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ og Jón Reynisson starfsmaður ÍSÍ verkefni um viðmið ÍSÍ um góða stjórnunarhætti. Verkefnið er byggt á viðmiðum Alþjóðaólympíunefndarinnar, viðmiðum Evrópasambands Ólympíunefnda og rannsókn Play the Game sem Jón Reynir og Garðar Óli Ágústsson unnu að í sínu meistaranámi frá Háskólanum í Molde í Noregi. Verkefnið er langt komið og verður kynnt nánar á næstu mánuðum.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Landeyingurinn Freyr Ólafsson er formaður Frjálsíþróttasambands Íslands.

Stjórnarfundir HSK árið 2022

Stjórn HSK fundaði sjö sinnum árið 2022 og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundirnir voru haldnir í Selinu á Selfossi og einn fundur var haldinn á Teams. Formaður, gjaldkeri og ritari áttu sæti í framkvæmdastjórn sambandsins. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 2022

	25/1	22/2	26/4	2/6	29/8	10/10	28/11
Guðríður	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur	x	x	x	x	x	x	x
Helgi	x	x	x	x	x	x	x
Anný	x	x	x	x	x	x	
Jón Þröstur		x	x		x		
Baldur Gauti*		x	x				
Gestur	x	x			x		x
Olga	x						
Lásur Ingi*							x
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x

*Baldur Gauti gaf ekki kost á sér til endurkjörs á héraðsþingi 31. mars 2022 og var Lásur Ingi kosinn í hans stað.

Myndir úr starfinu



Ungir verðlaunahafar á héraðsmótinu í taekwondo 2022.



Frá knattspyrnukeppni Unglingalandsmótsins á Selfossi.



Fundarfólk á sambandsráðsfundi UMFL á Höfn.



Ægiskrakkar úr 6. og 7. flokki.



Sjálfboðaliðar í Golfklúbnum Flúðum að setja niður nýtt aðkomuskilti.



Kylfingur slær upphafshögg á 7. holu á Kiðjabergsvelli, sem er ein af mörgum glæsilegum holum vallarins.



Umf. Skeiðamanna verðlaunaði þátttakendur í landsátaki í sundi.



Bláskógaskokkið fór fram í blíðskaparveðri.

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnæfnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Helgi S. Haraldsson frá HSK formaður
Hjördis Leósdóttir frá KS gjaldkeri
Ingibjörg Stefánsdóttir frá SSK ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 17. febrúar 2022 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn til fundarhalda eða námskeiða.

Varðandi verkefni þá sá HSK um að bera á veggum á suður- og vesturhlíð hússins í sumar og glugga að utan líka. KS málaði glugga að innan í eldhúsi, anddyri og á baði.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á um að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu, í ár var það í höndum Kvenfélags Villingaholtshrepps.

Að lokum vill húsnæfnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

Helgi S. Haraldsson

Nýtt skilakerfi á starfsskýrslum tekið í notkun á árinu

Nýtt skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ fyrir skil á árlegum lögbundnum starfsskýrslum allra eininga í íþróttahreyfingunni var tekið í notkun í byrjun apríl 2022. Samkvæmt 8. grein laga ÍSÍ þá þurfa allir sambandsaðilar ÍSÍ og félög innan þeirra vébanda að skila inn starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Vegna innleiðingar á nýju skilakerfi var skilafrestur framlengdur til 15. maí 2022.

Starfsskýrslum var í fyrsta sinn í mörg ár ekki skilað í Felix heldur í nýju skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Starfsskýrsluskil á árinu 2022 fela sér upplýsingar um félagsmenn og iðkendur á síðasta starfsskýrslutímabili, þ.e. tímabilinu 1. janúar til 31.



Selið nýtist vel til ýmissa fundahalda en myndin er tekin á haustfundi Frjálsíþróttaráðs HSK.

desember 2021 ásamt upplýsingum úr ársreikningum fyrir síðasta starfsár (2021) og upplýsingar um stjórn og starfsfólk frá síðasta aðalfundi/ársþingi sem haldið var fyrir á þessu ári (2022).

Við fyrstu skil í kerfinu þurfti að skrá ýmsar upplýsingar um starfsfólk og stjórn en strax við næstu skil þá þarf eingöngu að uppfæra þær upplýsingar sem fyrir eru. Hjá þeim félögum sem nota Sportabler í sínu daglegu starfi munu upplýsingar um iðkendur lesast sjálfkrafa yfir í starfsskýrslu en það er á ábyrgð félagsins að skoða samtölur iðkenda í starfsskýrslunni og staðfesta þær með skilum á skýrslunni. Þeir aðilar sem nota ekki Sportabler í sínu starfi þurftu að lesa inn í skilakerfið upplýsingar um iðkendur, úr Felix eða Nóra.

Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagsmenn og skapa þannig grunn að félagatali í nýja kerfinu. Ef félög halda að auki sérstakt félagatal fyrir aðra félagsmenn en þá sem eru iðkendur, þá varð að lesa það inn í nýja skilakerfið við fyrstu skil í kerfinu.

Við gerð nýja kerfisins var lagt upp með að notendaviðmótið sé sem einfaldast og flestar upplýsingar eru forskráðar til hagræðingar fyrir notendur. Tenging verður við upplýsingar úr Sportabler og einnig verða upplýsingar um viðkomandi félag sóttar sjálfvirk frá Skattinum.

Nánari upplýsingar varðandi starfsskýrsluskil veitir Elías Atlason, verkefnastjóri hjá ÍSÍ. Netfangið hans er elias@isi.is og sími 514 4000.

Getraunastarfið innan HSK

Hjá mörgum íþróttafélögum er haldið úti getraunastarfi þar sem félagsfólk kemur saman og tippar á enska getrauna-seðilinn yfir vetrartímann. Getraunastarfið hefur ekki bara skilað íþróttafélögum ágætum tekjum í kassa félaganna, heldur líka myndað öflugan, félagslega sterkan hóp sem oft



Heildarstigatafla HSK 2022

Alls töldu 21 héraðsmót til stiga í heildarstigakeppni HSK í ár, en nokkrum héraðsmótum var aflýst vegna COVID-19. Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2022.

Selfoss hlaut 135 stig, Dímon varð í öðru sæti með 91,5 stig og Umf. Hrunamanna varð í þriðja sæti með 67 stig.

Röð	Félag	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Frjálsíþróttir, héraðsmót innan.	Frjálsíþróttir, unglingamót innan.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innan.	Frjálsíþróttir, héraðsmót utan.	Frjálsíþróttir, unglingamót utan.	Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utan.	Íþróttir fatlaðra, héraðsmót	Judo, héraðsmót 11 - 14 ára	Skak, sveitakeppni	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglingamót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri	stígr samlað
1.	Umf. Selfoss							8	10	9	10	10	10	10	10	10	8	10	10	10	10	10	135
2.	Íþr.f. Dímon	5	10	10		4,5	10	8	7	8	6	8	7				8						91,5
3.	Umf. Hrunamanna	9	7					6	8	7	8	7	9										67
4.	Íþr.f. Hamar	10	9		8	10	10											9		9			65
5.	Umf. Hekla	5	9	7		4,5		4,5	5	3	4,5	4,5	4										60
6.	Íþr.f. Garpur							9	4,5	5	3	4,5	4,5	4									34,5
7.	Umf. Þjótandi							7		9	7	6											29
7.	Umf. Laugdæla	8	5			9	7																29
9.	Umf. Þór											6					10						16
10.	Íþr.f. Suðri							5								10							15



Hluti verðlaunahafa á héraðsmótinu í judó 2022.

HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK

HSK mótið í taekwondo

HSK mótið í taekwondo var haldið á Selfossi sunnudaginn 11. desember 2022 og var keppt í þremur greinum. Þ.e. bardaga, formum og þrautabraut. Keppendur voru 25 talsins úr þremur aðildarfélögum. Úrslit eru á hsk.is.

HSK mótið í judó

HSK mót í judó var haldið í þremur aldurshópum í Sandvíkursalnum á Selfossi í desember. Þetta er hjá mörgum keppendum í yngsta hópnum þeirra fyrsta mót. Krakkarnir stóðu sig virkilega vel og margar glæsilegar glímur sem áttu sér stað. Aldursflokkur 8-10 ára keppti 7. desember, 6-7 ára kepptu 14. desember og aldursflokkur 11-15 ára kepptu 12. desember. Alls tóku 36 keppendur þátt.

en ekki tekur þátt í margvíslegri annari starfsemi íþróttafélaganna.

Heldur hefur fjarað undan sölu getraunaseðla innan félaga HSK. Á árinu 2021 voru tekjur aðildarfélaga HSK af getraunasölu kr. 1.266.000. Á árinu 2022 voru tekjurnar 905.000. Fimm tekjuhæstu félögin eru:

Umf. Skeiðamanna	404.000
Knattspyrnufélag Rangæinga	208.000
Umf. Selfoss	122.000
Umf. Laugdæla	29.000
Íþróttafélagið Hamar	20.000

Það sem vekur athygli er að stór og öflug félög innan HSK í stærri byggðarkjörnum Suðurlands halda ekki úti neinu getraunastarfi og hafa þar af leiðandi nánast engar tekjur frá Íslenskum getraunum. Er það miður því getraunastarfið þarf ekki að vera mikil vinna fyrir forsvarsmenn félaga, en vonandi er það svo að félögin innan HSK standi vel fjárhagslega og hafi aðrar aðferðir við að búa til öflugt félagsstarf og fjáröflun.

Til fróðleiks má nefna að tvö íþróttafélög sem eru ykkar næstu nágrannar úr Vestmannaeyjum skipta á milli sín tekjum frá Íslenskum getraunum upp á 4,8 milljónir króna sem er 160falt hærri upphæð en félögin í Hveragerði fá í sinn hlut og fjórfalt hærri upphæð en öll aðildarfélög HSK fá samanlagt í sinn hlut. Hér gæti ágætur málsháttur átt við sem er „sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær“.

Með getraunakveðju
Pétur Hrafn Sigurðsson
Upplýsingafulltrúi Getspár/Getrauna

Enn eitt metárið í lottóinu og aukagreiðsla frá ÍSÍ og UMFÍ

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2022 samtals 55.864.539 kr. og hafa aldrei verið meiri. Tekjuaukningin er m.a. vegna samtals 5.908.935 kr. aukagreiðslu frá ÍSÍ og UMFÍ í byrun árs 2022, sem kom til vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár 2021. Í lok árs barst síðan aukagreiðsla frá UMFÍ, kr. 2.703.762 vegna góðrar rekstrarafkomu Getspár 2022.

Til samanburðar voru lottótekjur árið 2021 kr. 48.794.306, árið 2020 kr. 41.873.112, árið 2019 kr. 32.735.488, árið 2018 kr. 29.989.087, árið 2017 kr. 28.767.749, 2016 kr. 26.423.014, 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402 og árið 2012 kr. 19.163.011.

Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2022 var kr. 23.765.537 og frá UMFÍ kr. 32.099.002.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða



fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendatölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í. Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgæfnum iðkendatölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfufu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Myndir úr starfinu



Kylfingur úr HSK á Unglingalandsmótinu.



Þátttökuliðin á hraðmóti HSK í blaki kvenna.



Ungir verðlaunahafar á héraðsmótinu í borðtennis.



Frá keppni í frjálsum á Unglingalandsmótinu á Selfossi.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmaet að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélagum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félagum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem felld hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–700 þrjá fulltrúa, 701–1000 fjóra fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukþing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukþing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukþings skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði. Á aukþingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélag sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélagin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sersamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. – 29. grein laga ÍSÍ.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mætum þingfulltrúum eru samþykktir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félagum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagrip og aðra minjagrip sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2017)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2022

Akstursíþróttafélag:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfærklúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Sigurður Ingi Sigurðsson

Berghyl, Hrunamannahreppi
Hamarskoti, Flóahreppi

Golfklúbbur:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergrs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Gísli B. Ívarsson
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Guðmundur Ágúst Ingvarsson
Vignir Demusson
Guðmundur K Ásgeirsson
Páll Sveinsson
Bjarni Magnússon
Sveinn Eyland Garðarsson
Guðmundur Baldursson
Ragnar Arnþórsson
Guðmundur Pálmason

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Dyngjugötu 1, Garðabæ
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Guðriðarstöðum, Holtum
Hjallabrún 17, Hveragerði
Baugakór 6, Kópavogi
Álftarima 14, Selfossi
Móbergi 2, Hafnarfirði
Jónsgeisla 3, Reykjavík
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn
Hörðukór 3, Kópavogi
Sogavegi 222, Reykjavík

Hestamannafélag:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Jökull
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Sleipnir

Ólafur Þórisson
Stefán Jónsson
Bragi Viðar Gunnarsson
Ragnhildur Gísladóttir
Sigríður Magnea Björgvinsdóttir

Miðkoti, V-Landeyjum
Selvogsbraut 7, Þorlákshöfn
Túnsbergi 2, Hrunamannahr.
Dýnskógum 26, Hveragerði
Tjörnum, Flóahreppi

Íþróttafélag:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri
Íþróttafélag Uppsveita

Sigurður Kristján Jónsson
Nanna Jónsdóttir
María K. Jacobsen
Silja Runólfssdóttir
Einar Sindri Ólafsson
Magnús Skúli Kjartansson
Ófeigur Á. Leifsson
Sólmundur M. Sigurðarson

Öldugerði 11, Hvolsvelli
Miðhóli, Ásahreppi
Undirhlíð 1, Sólheimum
Hraunbæ 29, Hveragerði
Smáratúni 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksrima 10, Selfossi
Austurhlíð 3, Biskupstungum

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélag:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir

Sigurður Sigurðsson
Tinna Erlingsdóttir
Guðbjartur Örn Einarsson

Dranghólum 41, Selfossi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli
Finnsbúð 10, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Hlynur Kárasen

Hraunbæ 45, Hveragerði

Skotíþróttafélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotíþróttafélagið Skyttur

Gunnar Egilsson
Magnús Ragnarsson

Lóurima 12, Selfossi
Strandvegi 8, Vík

Ungmennafélag:

Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúperja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkiðhóll
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóttandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Oddur Bjarni Bjarnason
Albert Rútsson
Árman Fannar Magnússon
Bjarni Þór Erlingsson
Karen Eva Sigurðardóttir
Magnea Guðmundsdóttir
Sindri Snær Bjarnason
Jóhanna Briet Helgadóttir
Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Þróstur Guðnason
Elías Bergmann Jóhansson
Jóhanna Hlökkversdóttir
Helgi S. Haraldsson
Viktória Rós Guðmundsdóttir
Ingi Þór Jónsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Fanney Ólafsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Brautarhóli, Biskupstungum
Skiðbakka 1, Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Þykkvaflið 11, Eyrarbakka
Gerði, Þykkvabæ
Þrándarlundi, Skeiða-Gnúpv.
Fornasandi 6, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Hraunbraut 10, Borg í Grímsnesi
Laugalandi, Holtum
Reykjabraut 5, Laugarvatni
Hellum, Landsveit
Engjavegi 45, Selfossi
Holtabraut 20, Skeiða- Gnúpv.
Heiðarbrún 12, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Hurðarbaki, Flóahreppi
Heinaberg 7, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 17 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og 14 hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016
Jón Jónsson	Hellu	2017
Árni Þorgilsson	Hvolsvelli	2018
Guðni Guðmundsson	Þverlæk	2019
Aðalsteinn Sveinsson	Kolsholti	2022

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Puríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016
Ingvar Garðarsson	Selfossi	2017
Ólafur Guðmundsson	Selfossi	2017
Gissur Jónsson	Selfossi	2019
Haraldur Gísli Kristjánson	Hólum	2019
Guðbjörg Viðarsdóttir	Flúðum	2021
Fanney Ólafsdóttir	Hurðarbaki	2022

Fjöldi iðkenda eftir greinum

Hér að neðan er samtlöglust yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttgreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2021, samkvæmt upplýsingum úr skýrslum sem var skilað 2022. Einnig eru birtar tölur síðustu ára.

Íþróttagrein	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Golf	2867	2960	2981	2921	3163	3018	3028	3617	3347	3176
Hestaíþróttir	2044	2044	2070	2078	2016	2077	2028	2200	2171	2227
Knattspyrna	1177	1418	1456	1337	1481	1379	1561	1741	1755	1757
Fimleikar	735	1155	1262	1193	1056	973	1280	1359	1380	1109
Körfuknattleikur	720	861	821	874	797	828	766	1104	965	640
Skotfimi	187	186	313	248	242	253	446	456	454	493
Frjálsar íþróttir	647	692	764	961	978	644	676	751	703	416
Handknattleikur	454	521	565	511	549	253	414	463	451	391
Sund	235	244	229	187	189	475	509	278	282	232
Blak	228	224	235	280	137	238	194	266	278	169
Akstursíþróttir	16	20	26	31	49	50	57	69	74	137
Badminton	130	131	137	160	73	143	175	184	203	119
Taekwondo	180	144	137	127	150	43	121	113	102	102
Júdó	55	55	55	55	171	44	116	116	86	94
Kraftlyftingar	94	73	92	71	71	71	70	74	85	69
Almenningsíþróttir	1210	1308	1857	1879	1909	1862	722	1921	748	59
Íþróttir fatlaðra	108	89	76	86	86	69	71	77	63	52
Glíma	167	182	179	163	188	193	203	177	195	46
Borðtennis	60	59	66	59	44	58	56	59	57	46
Lyftingar			26	41	25	36	42	56	84	24
Skipulagt félagsstarf										20
Motocross	131	140	104	114	151	152	150	160	155	15
Bogfimi						6	11	12	15	13
Leiklist	104	98	73	73	66	66	38	58	34	
Bridds	31	30	30	30	30	29	29	28	28	
Karate	11	11		9	8	9	7	8	7	
Skógrækt	5	5	5	5						
Þríþraut	9									
SAMTALS	11605	12650	13559	13493	13629	12969	12770	15347	13722	11406

Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunum

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum.

Félagsmenn aðildarfélaga HSK voru samtals 21.232, en voru árið áður 22.626, sem er fækkun um 6,57%. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 846 á milli ára, sem er 3,64% fjölgun og eru nú 24.118 talsins í sveitarfélögum ellefu í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Aðildarfélög og sérráð	félagsmenn		alls	tekjur af lottói	getrauna- númer	tekjur félaga getraunasölu
	15 ára -	16 ára +				
Frjálsíþróttaráð HSK				640.598		
Glimuráð HSK				71.782		
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	12	13	10.611		
Golfkl. Ásatúns	1	181	182	283.393	830	499
Golfkl. Dalbúi	1	126	127	62.428	813	175
Golfkl. Flúðir	15	265	280	402.537		
Golfkl. Geysir	9	38	47	169.493		
Golfkl. Hellu	12	156	168	221.834	852	3.709
Golfkl. Hveragerðis	14	365	379	503.330	812	11.922
Golfkl. Kjðjabergs	10	409	419	231.108	797	963
Golfkl. Selfoss	45	454	499	699.345	808	1.193
Golfkl. Tuddi	5	18	23	27.248		
Golfkl. Úthlið	0	130	130	59.614		
Golfkl. Þorlákshafnar	33	355	388	466.992		
Golfkl. Þverá	0	66	66	29.806	867	0
Golfkl. Öndverðarness	10	473	483	253.972		
Hestamannaf. Geysir	175	514	689	1.006.927		
Hestamannaf. Háfeti	9	66	75	50.241		
Hestamannaf. Jökull	106	533	639	760.286		
Hestamannaf. Ljufur	55	116	171	307.301		
Hestamannaf. Sleipnir	84	569	653	739.974		
Íþróttaf. Dímon	191	377	568	1.173.007	859	7.775
Íþróttaf. Garpur	54	285	339	448.511	855	5.503
Íþróttaf. Gnýr	0	20	20	110.744		
Íþróttaf. Hamar	631	1686	2317	5.064.394	810	20.023
Íþróttaf. Milan	0	40	40	112.119		
Íþróttaf. Mimir	0	136	136	0		
Íþróttaf. Suðri	3	30	33	120.896	827	1.048
Íþróttaf. Uppsveita	92	118	210	530.113		
Karatef. Suðurlands	0	7	7	0		
Knattsp.f. Árborg	11	235	246	114.631	811	4.422
Knattsp.f. Rangæinga	266	612	878	1.393.273	866	208.101
Knattsp.f. Ægir	101	516	617	847.845	822	16.503
Körfuknattl.f. Selfoss	160	12	172	717.947		
Lyftingaf. Hengill	0	24	24	0		
Skotiþr.félagið Skyttur	20	145	165	203.428	795	75
Skotiþr.félag Suðurlands	0	471	471	176.089	823	0
Torfærúkl. Suðurlands	1	34	35	121.813		
Umf. Biskupstunga	76	267	343	720.509	803	13.579
Umf. Dagsbrún	0	159	159	156.141		
Umf. Eyfellingur	0	56	56	0		
Umf. Eyrarbakka	25	87	112	152.087	820	3.525
Umf. Framtiðin	20	64	84	200.015		
Umf. Gnúpverja	37	290	327	418.384	802	96
Umf. Hekla	182	489	671	1.282.320	851	3.681
Umf. Hrunamanna	101	205	306	747.216	801	17.929
Umf. Hvöt	53	139	192	391.922		
Umf. Ingólfur	0	107	107	134.588	850	96
Umf. Laugdæla	72	212	284	640.472	840	29.133
Umf. Merkiðvoll	0	56	56	0		
Umf. Selfoss	2029	3570	5599	14.252.281	800	122.085
Umf. Skeiðamanna	4	280	284	108.808	799	404.513
Umf. Stokkseyrar	29	182	211	267.286	825	3.300
Umf. Trausti	1	89	90	131.838	862	1030
Umf. Þjótandi	101	154	255	620.882	804	0
Umf. Þór	225	102	327	1.554.554	815	8.603
Umf. Þórsmörk	0	60	60	0	861	3.079
Samtals	5.070	16.162	21.232	39.912.933		892.560

Íþróttaiðkendur aðildarfélag HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2021, sem skilað var á árinu 2022.

Aðildarfélag HSK	16 ára og yngri Drengir/Stúlkur		Samtals 16 og y.	17 ára og eldri Karlar/Konur		Samtals 17 og e.	Alls
Akstursíþr.f. Hreppakappa	1	0	1	12	0	12	13
Golfkl. Ásatúns	0	1	1	148	33	181	182
Golfkl. Dalbúi	0	0	0	69	43	112	112
Golfkl. Flúðir	11	4	15	150	115	265	280
Golfkl. Geysir	3	6	9	27	11	38	47
Golfkl. Hellu	8	4	12	89	67	156	168
Golfkl. Hveragerðis	9	5	14	208	157	365	379
Golfkl. Kiðjabergs	8	2	10	261	148	409	419
Golfkl. Tuddi	2	3	5	13	5	18	23
Golfkl. Selfoss	40	5	45	299	155	454	499
Golfkl. Úthlið	0	0	0	69	61	130	130
Golfkl. Þorlákshafnar	22	11	33	234	121	355	388
Golfkl. Þverá	0	0	0	35	31	66	66
Golfkl. Öndverðarness	6	4	10	266	207	473	483
Hestamannaf. Geysir	71	104	175	269	245	514	689
Hestamannaf. Háfeti	3	6	9	37	29	66	75
Hestamannaf. Ljúfur	16	39	55	68	48	116	171
Hestamannaf. Logi	14	22	36	100	71	171	207
Hestamannaf. Sleipnir	37	47	84	293	276	569	653
Hestamannaf. Smári	36	30	66	139	117	256	322
Hestamannaf. Trausti	1	3	4	58	48	106	110
Íþróttaf. Dímon	203	203	406	9	8	17	423
Íþróttaf. Garpur	48	13	61	0	0	0	61
Íþróttaf. Gnýr	0	0	0	16	23	39	39
Íþróttaf. Hamar	368	306	674	48	46	94	768
Íþróttaf. Milán	0	0	0	40	0	40	40
Íþróttaf. Mímir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	3	0	3	18	12	30	33
Íþróttaf. Uppsveita	74	22	96	39	0	39	135
Karatef. Suðurlands	0	0	0	0	0	0	0
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	56	0	56	56
Knattsp.f. Rangæinga	117	66	183	3	0	3	186
Knattsp.f. Ægir	26	7	33	99	52	151	184
Körfuknattleiksf. Selfoss	117	43	160	12	0	12	172
Lyftingaf. Hengill	0	0	0	7	17	24	24
Skotíþróttafélagið Skyttur	11	9	20	143	7	150	170
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	0	0	329	7	336	336
Torfæruklúbbur Suðurlands	1	0	1	15	0	15	16
Umf. Biskupstungna	25	39	64	0	0	0	64
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyrarbakka	9	7	16	5	14	19	35
Umf. Framtíðin	7	2	9	1	3	4	13
Umf. Gnúpverja	20	5	25	23	0	23	48
Umf. Hekla	48	60	108	0	0	0	108
Umf. Hrunamanna	54	31	85	6	0	6	91
Umf. Hvöt	54	13	67	1	0	1	68
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	103	62	165	5	38	43	208
Umf. Merkiðvoll	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Selfoss	1050	924	1974	107	60	167	2141
Umf. Skeiðamanna	0	0	0	0	2	2	2
Umf. Stokkseyrar	11	18	29	171	24	195	224
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þjótandi	35	15	50	3	2	5	55
Umf. Þór	138	147	285	5	0	5	290
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2810	2288	5098	4005	2303	6308	11406

Íþróttakarlar og Íþróttakona HSK

HSK hefur frá árinu 2018 valið íþróttakarlar og íþróttakona HSK.

Íþróttakarlar

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
2018	Elvar Örn Jónsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2019	Haukur Þrastarson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2020	Breki Bernhardsson	Umf. Selfoss	judó
2021	Styrmir Snær Þrastarson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2022	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	judó

Íþróttakona HSK

Ár	Íþróttakona	Félag	Íþróttagrein
2018	Dagný María Pétursdóttir	Umf. Selfoss	taekwondo
2019	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2020	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2021	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf
2022	Heiðrún Anna Hlynsdóttir	Golfkl. Selfoss	golf

Íþróttamaður HSK frá 1964 - 2017

Hér má sjá yfirlit um þá sem voru kjörnir íþróttamenn HSK frá 1964 – 2017.

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Þuríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Þráinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2017	Egill Blöndal	Umf. Selfoss	judó

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Bryndís Eva Óskarsdóttir, fyrrverandi formaður Umf. Þjótanda vann titilinn þegar val á matsmanni HSK fór síðast fram. Það kom því í hennar hlut að tilnefna matsmann þingsins 2022. Hafdís Hafsteinsdóttir, Umf. Gnúpverja hlaut titilinn.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella
1967	Féll niður	Flúðir	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1997	Þórunn D. Oddsóttir	Gunnarshólmi
1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1999	Páll Eggertsson	Laugaland
1972	Hörður Óskarsson	Árnes	2000	Helga Fjóra Guðnadóttir	Borg
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	2001	Jón Andræsson	Hvoll
1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
1975	Klemen Erlingsson	Gunnarshólmi	2003	Sigurður Jónsson	Þjórsárver
1976	Pétur Pétursson	Borg	2004	Guðmundur Viðarsson	Þykkvibær
1977	Þjörn Gíslason	Hella	2005	Markús Ívarsson	Selfoss
1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland
1980	Féll niður	Laugarvatn	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur
1982	Kjartan Lárusson	Þjórsárver	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	2011	Helgi S. Haraldsson	Hella
1984	Jón M. Ívarsson	Árnes	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga
1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir
1988	Halldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur	2016	Gestur Einarsson	Selfoss
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	2017	Guðmundur Pálsson	Hveragerði
1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði	2018	Guðmundur Jónasson	Þorlákshöfn
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	2019	Baldur Gauti Tryggvason	Laugaland
1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn	2020	Bryndís Eva Óskarsdóttir	Hvolsvöllur
1993	Þuríður Jónsdóttir	Njálshúð	2021	Féll niður vegna fjarþings	
1994	Jón Jónsson	Aratunga	2022	Hafdís Hafsteinsdóttir	Þingborg

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3–4 óhefðbundnum greinum, þar sem líttleikinn er í fyrirrúmi. Kristín Svandís Jónsdóttir úr Hestamannafélaginu Geysi vann keppnina þegar hún fór fram árið 2019. Hún komst ekki á þingið 2022 en hennar í stað sá Ólafur Þórisson, formaður Hestamannafélagsins Geysis um keppnina. Sigurvegari og sleifarhafi þingsins 2022 var Jón Snæbjörnsson, Umf. Laugdæla.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1969-70	Engin keppni		2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjórsárver
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1978-81	Engin keppni		2008	Jóhanna Lilja Þróðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjórsárver	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2010	Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1985	Guðmundur Adolfsson	Heimaland	2012	Þjörg Halldórsdóttir	Brautarholt
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2015	Sigprúður Harðardóttir	Flúðir
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1990	Þuríður Jónsdóttir	Hveragerði	2017	Rut Stefánsdóttir	Hveragerði
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2018	Svanur Bjarnason	Þorlákshöfn
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2019	Kristín Svandís Jónsdóttir	Laugaland
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð	2020	Engin keppni vegna heimsfaraldurs	
1994	Þorgeir Vígfússon	Aratunga	2021	Engin keppni, vegna fjarþings	
1995	Kristinn Guðnason	Hella	2022	Jón Snæbjörnsson	Þingborg
1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg			

Fréttapunktur frá ÍSí 2022

Stefnumótun ÍSí

Mótuð hefur verið ný framtíðarsýn fyrir ÍSí, skerpt á hlutverki sambands ásamt áherslum í starfi. Helstu þættir voru kynntir á Formannafundi ÍSí 2022 og verið er að vinna að innleiðingu ásamt og mótun frekari aðgerða.

Framtíðarsýn ÍSí: *Íþróttir skipi mikilvægan sess meðal allra landsmanna alla ævi, í gegnum þátttöku og upplifun sem sameinar íslensku þjóðina.*

Hlutverk: *Íþróttahreyfingin verði ríkur þáttur í lífi og heilsu þjóðarinnar allrar með kraftmiklu og fjölbreyttu starfi, jákvæðri upplifun og sameiningarmætti.*

Skipulag á skrifstofu ÍSí

Breytingar voru gerðar á skipulagi skrifstofu ÍSí. Afreks- og Ólympíusvið ÍSí heitir nú Afrekssvið ÍSí. Almenningsíþróttasvið ÍSí og Þróunar- og fræðslusvið ÍSí voru sameinuð í Fræðslu- og almenningsíþróttasvið ÍSí og nýtt svið, Stjórnslusvið ÍSí, var stofnað.

Breytingarnar miða m.a. að því að efla starfsemina enn frekar gagnvart þeim áskorunum og tækifærum sem bíða á komandi misserum. Skipulagið eykur samvinnu milli verkefnasviða og mun skapa betra flæði starfsfólks á milli verkefna hverju sinni.

Á síðasta ári bættust þrír starfsmenn í starfsmannahópinn hjá ÍSí sem telur nú 17 manns. Að auki starfa á skrifstofu ÍSí tveir verkefnastjórar Heilsuefingar 60+, sameiginlegs verkefnis ÍSí og Landssambands eldri borgara (LEB). Annar þeirra er verkefnastjóri á vegum ÍSí en hinn er verkefnastjóri á vegum LEB.

Íþróttaping ÍSí

Næsta Íþróttaping ÍSí verður haldið 5.- og 6. maí 2023.

Formannafundur ÍSí 2022

Árlegur Formannafundur ÍSí var haldinn föstudaginn 25. nóvember 2022 í Fákshéimilinu í Viðidal. Var það í fyrsta sinn frá árinu 2019 sem formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila ÍSí hittast, því síðustu tveir Formannafundir ÍSí fóru fram í rafrænu formi á Microsoft Teams, árin 2020 og 2021, vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Mæting á fundinn var góð, alls 104 formenn og framkvæmdastjórar sambandsaðila ÍSí ásamt stjórn og starfsfólki ÍSí. Fundarstjórn var í höndum Þóreyjar Eddu Elísðóttur, 1. varaforseta ÍSí.

Á undan fundinum var kynning á nýttgefni viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf sem og kynning á vinnslu viðmiða ÍSí um góða stjórnhætti.

Samræmd viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs

Embætti samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs var sett á laggirnar árið 2020 og var þá strax farið að huga að því að samræma verkferla og viðbrögð í hreyfingunni. Í byrjun nóvember 2022 var svo gefin út samræmd viðbragðsáætlun, unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍ), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí), Kristilegu félagi ungna manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV).

Viðbragðsáætlunin veitir íþrótt- og æskulýðsfélögum samræmdar leiðbeiningar þegar erfið og flókin mál af ýmsum toga koma upp. Markmið viðbragðsáætlunar er að færa aðilum innan íþrótt- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land



Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSí voru á meðal gesta á héraðsþingi HSK.

áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í slíku starfi. Best er að viðbrögð allra íþrótt- og æskulýðsfélaga séu eins. Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Viðbragðsáætlunin er einföld og á við í öllum tilvikum, óháð því um hvaða aðila og atvik er um að ræða en dæmi um atvik sem að viðbragðsáætlunin nær til eru slys, veikindi, náttúruhamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig eru þar gagnlegar upplýsingar um meðal annars ferðalög, hinseginleika og fjölmenningu og inngildingu í félagsstarfi, öryggismál og skráningu atvika. Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarfélaga, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfbæðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaganna.

Vetrarólympíuleikarnir í Peking 2022

Vetrarólympíuleikarnir 2022 fóru fram í Peking og þar átti Ísland fimm keppendur, þrjá í skídagöngu og tvo í alpagreinum. Heimsfaraldur kórónuveiru setti mark sitt á þátttöku, mjög stífar reglur voru um skimanir, ferðalög og allt skipulag í kringum leikana. Einn íslenskur keppandi veiktist af veirunni á meðan á leikunum stóð og reyndust aðstæður þá mjög krefjandi. Aðstaðan til keppni var mjög góð þó kuldinn væri mikill. Íslenski hópurinn stóð sig afar vel og náðist eftirtektarverður árangur bæði í alpagreinum og skídagöngu.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar 2022 (vetur og sumar)

Vetrarhátíðin fór fram í Vuokatti í Finnlandi 20. – 25. mars 2022. 18 íslenskir keppendur tóku þar þátt og stóðu sig með sóma. Arnór Dagur Þóroddsson hlaut háttvisiverðlaun drengja á hátíðinni fyrir framúrskarandi háttvísi í alla staði og sannan ólympíuanda. Eingöngu tveir keppendur hljóta þessi háttvisiverðlaun á hverri hátíð.

Sumarhátíðin fór fram í Banská Bystrica í Slóvakíu 24.-30. júlí 2022. Þar kepptu 38 íslensk ungmenni við jafnaldrá sína frá öðrum Evrópulöndum. Birnir Freyr Hálfðánarson vann þar bronsverðlaun í 200 metra fjórsundi á nýju unglingameti, Ísöld Sævarsdóttir frjálsíþróttakona varð í fjórða sæti í sjöþraut og

íslenska drengjalandslíðið í handknattleik endaði í sjötta sæti.

Afreksbúðir

ÍSí stendur reglulega fyrir Afreksbúðum fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk sersambanda ÍSí. Í búðunum eru tekin fyrir ýmis málafni er varða íþróttaiðkun á afrekssstigi. Hægt er að nálgast gagnlegt fræðsluefni af ýmsu tagi frá slíkum viðburðum á heimasíðu ÍSí.

Undirbúningur fyrir leika fram undan

Á árinu 2023 eru fjölmargir leikar sem ÍSí sendir þátttakendur á í samvinnu við sersambönd. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar á Ítalíu í byrjun árs, Smáþjódaleikar á Möltu um mánaðarmótin maí/júní, Evrópuleikar í Póllandi í júní og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slóveníu í júlí.

Stuðningur stjórnvalda

vegna COVID-19 / lokagreiðsla

Mennta- og barnamálaráðherra úthlutaði seint á árinu 2022 450 milljónum króna til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs. Um var að ræða lokaúthlutun stjórnvalda með það að markmiði að viðhalda öflugu íþróttastarfi hér á landi. Úthlutunin byggði á tillögum vinnuhóps ÍSí út frá skilyrðum mennta- og barnamálaráðuneytis. Skilyrði stuðnings var tekjutap við það að fella tímabundið niður starfsemi og/eða kostnaðarauki vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Styrkir til íþróttafélaga og deilda við lokaúthlutun voru veittir fyrir kostnaðarauka og tekjutap frá júlímánuði 2021 til og með febrúar 2022. Styrkir til íþróttahéraða og sersambanda voru fyrir lengra tímabil eða frá miðju ári 2020 til og með febrúar 2022 og voru um 70% af lokaúthlutun. Þá gafst æskulýðsfélögum sem og öðrum samtökum með samning við mennta- og barnamálaráðuneytið kostur á að sækja um stuðning vegna tímabilsins frá júlímánuði 2021 til og með febrúar 2022 á sömu forsendum.

Með hliðsjón af lagalegum forsendum fór útgreiðsla styrksins nú í gegnum mennta- og barnamálaráðuneytið en ekki ÍSí líkt og fyrir styrkgreiðslur.

Almenningsíþróttaverkefni 2022

ÍSí stendur fyrir mörgum stórum verkefnum á sviði almenningsíþróttar á ári hverju. Má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Ólympíuhlaupið, Íþróttaviku Evrópu og Syndum! Þessi verkefni hafa öll það að markmiði að auka reglubundna hreyfingu landsmanna og stuðla að betri lýðheilsu í landinu. Samtals eru um 50 þúsund skráningar í almenningsíþróttaverkefni ÍSí.

Kvennahlaup ÍSí var lagt niður á árinu 2022 eftir að hafa verið fastur liður í lífi margra kvenna á Íslandi í 30 ár. Nú eru breyttir tímar og fjölmargir aðrir hlaupaviðburðir í boði á ári hverju.

Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir

ÍSí vottar árlega, samkvæmt skilyrðum þar að lútandi, íþróttahéruð, íþróttar- og ungmennafélög og deildir þeirra um allt land sem Fyrirmyndarhéruð, -félög og -deildir. Lista yfir þær einingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

Verkefnið 5C

Þróunarverkefnið 5C's hlaut um 30 milljón króna styrk úr styrkjaáætlun Evrópusambandsins, Erasmus+ árið 2020 og var hleypt af stokkunum árið 2021. Um er að ræða samstarfsverkefni ÍSí, UMFÍ, KSÍ, FSÍ, Háskólans í Reykjavík og Loughborough háskólans í Englandi. Fimleikadeild Ármanns og Knattspyrnudeild Fylkis koma einnig að verkefninu. Verkefnið snýst um að þjálfa fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglinga í íþróttum, rétt eins og þá líkamlegu. Þessir þættir eru skuldbinding, samskipti, sjálfsstraust, sjálfsgafi og einbeiting. Verkefnið er á sínu síðasta ári en að því loknu fer fram greiningarvinna sem unnin verður af ofangreindum háskólum.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSí úthlutaði 123,9 milljónum króna í styrki til íþróttar- og ungmennafélaga vegna ferðakostnaðar við keppnisferðir ársins 2022 á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót. Sjóðurinn byggir á fjárframlagi af fjárlögum ríkisins. Úthlutað er árlega, á tímabilinu febrúar til mars, vegna keppnisferða ársins á undan.

Lyfjaeftirlit og baráttan gegn hagræðingu úrslita

Lyfjaeftirlit Íslands (LÍ) skipuleggur og framkvæmir lyfjaeftirlit í íþróttum hérlendis.

Nýlega var hlutverk LÍ útvíkkað og er stofnuninni einnig falið að sinna fræðslu og forvarnarstarfi í baráttunni gegn hagræðingu úrslita í íþróttum, í samstarfi við hagaðila í samráði við sáttmála Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum. Íslensk stjórnvöld hafa staðfest þann sáttmála sem öðlast gildi 1. apríl 2023.

Verkefni til að auka þátttöku og virkni fatlaðra barna og ungmenna í íþróttastarfi

Í desember 2022 var sett af stað samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta um verkefni sem miðar að því að efla íþróttástandun fatlaðs fólks, ekki síst fatlaðra barna og ungmenna. Bakhjarlar verkefnisins verða heilbrigðisráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og alls verður 60 milljónum veitt til verkefnisins, sem er til þriggja ára. Íþróttasamband fatlaðra er ábyrgðaraðili verkefnisins en það verður unnið í samstarfi við ÍSí og UMFÍ.

Íþróttafólk sérsambanda

Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands veitir ár hvert viðurkenningar til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda á sameiginlegu hófi ÍSí og Samtaka íþróttaféttamanna í tengslum við kjör á Íþróttamanni ársins. Hófið 2022 var haldið í Silfurbergi í Hörpu 29. desember og fékk íþróttafólkið afhenta veglega



ÍSí tilnefndi í fyrsta sinn Íþróttaldhuga ársins og var valið kunngjört í Hörpu í lok árs.

verðlaunagripri sem Ólympíufjölskylda ÍSí gefur, en það eru fyrirtækin Icelandair, Íslensk getsþá og Toyota sem mynda Ólympíufjölskyldu ÍSí. Á heimasíðu ÍSí er skemmtilegt yfirlit yfir íþróttafólk sérsambanda ÍSí 2022.

Heiðurshöll ÍSí

Guðrún Arnardóttir frjálsíþróttakona var útnefnd í Heiðurshöll ÍSí fyrir framúrskarandi afrek í frjálsíþróttum, á hófi Íþróttamanns ársins, 29. desember 2022. Guðrún er 24. einstaklingurinn sem útnefndur er í höllina góðu. Upplýsingar um afrek Guðrúnar og annarra sem útnefndir hafa verið í Heiðurshöll ÍSí má finna á heimasíðu ÍSí.

Nýtt skilakerfi fyrir starfsskýrslur ÍSí og UMFÍ

Árið 2022 fóru fram fyrstu skil í nýju skilakerfi ÍSí og UMFÍ, sem fyrirtæki Sportablar hannaði. Skilin gengu vel fyrir sig þó aldrei sé hnökralaust að vinna með ný kerfi. Sambandsaðilar voru ötulir við að senda inn ábendingar um það sem betur má fara í skilakerfinu og seinni hluta ársins 2022 var unnið að útbótum fyrir næstu starfsskýrsluskil.



Í nóvember var ný samræmd viðbragðsáætlun fyrir íþróttar- og æskulýðsstarf kynnt.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2022



Brúin lyftist á mörgum með hækkandi sól vorið 2022 enda tók fólk þá að hittast á nýjan leik og taka þátt í viðburðum. Eftir því sem á leið árið fækkaði hömlum af völdum COVID-faraldursins. Allir viðburðir sem UMFÍ hafði þurft að fresta í tvö ár vegna faraldursins voru haldnir sumarið 2022. Nýjungar litu dagsins ljós sem slógu heldur betur í gegn.

Hér á eftir má sjá fréttapunkta UMFÍ í dagbókarformi. Þetta er aðeins brot af fjölmörgum og fjölbreyttum verkefnum UMFÍ.

Aðild Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að UMFÍ

Sögulegt skref var stigið þegar umsókn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) um aðild að UMFÍ var samþykkt í nóvember 2022. Þetta markaði tímamót enda í fyrsta sinn öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu aðilar að UMFÍ. Sambandsaðilar UMFÍ urðu eftir þetta 27 talsins, sem skiptast í 22 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ um allt land.

Þjónustumiðstöð UMFÍ flytur í Íþróttamiðstöðina

Í febrúar 2022 keypti Öryrkjabandalagið þjónustumiðstöð UMFÍ við Sigtún. Leit hófst samstundis að nýju húsnæði. Síðar um árið undirrituðu Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, samning um leigu UMFÍ á þriðju hæðinni í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Þar voru ráðstefnusalir áður. Endurbætur hófust fljótlega á húsnæðinu og flutti þjónustumiðstöð UMFÍ í nýtt húsnæði í byrjun árs 2023.

Samræmd viðbragðsáætlun

Sigurbjörg Sigurpáldóttir, samskiptaráðgjafi íþróttar og æskulýðsstarfs, kynnti í nóvember samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþróttar- og æskulýðsstarf. Markmið hennar er að vera leiðbeinandi fyrir öll félög. Öll félög geta nýtt viðbragðsáætlunina í flestum málum. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá UMFÍ, átti sæti í vinnuhópi um mótnun viðbragðsáætlunarinnar.

Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi.

Í kjölfar þessa breyttist starfsemi Æskulýðsvettvangsins, sem mun í kjölfarið leggja meiri áherslu á forvarnarvinnu í íþróttar- og æskulýðsstarfi og sinna námskeiðahaldi. Sema Erla Serdar hætti jafnframt í lok sumars hjá Æskulýðsvettvanginum og tók Valdis Helga Þorgeirsdóttir við starfinu.

Skólabúðir á Reykjum

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, þá sveitarstjóri Húnaþings vestra, skrifuðu síðsumars 2022 undir samning um húsnæði og rekstur Skólabúðanna á Reykjum í Hrótafari. Umfangsmiklar endurbætur hófust í kjölfarið. Í Skólabúðirnar koma nemendur 7. bekkjar grunnskóla af öllu landinu en í Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni koma nemendur 9. bekkjar. Næstum sex þúsund grunnskólanemendur koma í báðar búðirnar yfir skólaárið.

UMFÍ leigir út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs og hefur áskóknin verið afar góð. Íþróttasamband fatlaðra hefur m.a. haft þar sumarþingið ásamt fleirum. Sambandsaðilar og aðildarfélög UMFÍ hafa jafnframt leigt húsnæðið fyrir æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda viðburði.



Karl Gunnlaugsson var sæmdur gullmerki UMFÍ á 100. héraðsþingi HSK. Ragnheiður Högnadóttir formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ afhenti honum merkið.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta líka afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahúsi, sundlaug og gott útivistarsvæði.

Viðburðir UMFÍ

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 24.-26. júní í huggulegasta veðri í Borgarnesi í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar og Sveitarfélagið Borgarbyggð. Fjölmennustu greinarnar voru boccía og ringó ásamt golfi og þútti og nokkrum greinum sem opnar voru fólki á öllum aldri.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, viðstaddur setningu mótsins. Í ávarpi sínu sagði hann heilbrigðiskerfið ekki ná utan um alla og mælti með forvirkum aðgerðum í heilsuefningu.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Stykkishólmi dagana 23. – 25. júní 2023 í samstarfi við Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina, dagana 29. – 31. júlí í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðin og Sveitarfélagið Árborg. Boðið var upp á meira en 20 íþróttgreinar fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kókuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarþikar mótsins.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023 í samstarfi við Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og Sveitarfélagið Skagafjörður.

Íþróttaveisla UMFÍ samanstóð af þremur viðburðum sumarið 2022.

Drulluhlaup Krónunnar fór fram 11. ágúst. Hlaupið var hluti af Íþróttaveislu UMFÍ, sem haldin var í tilefni af 100 ára afmæli Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK). Aðsóknin var gríðarlega góð, ánægjan mikil og var ákveðið að takmarka fjölda hlaupara við fjögur hundruð. Hlaupið vakti mikla athygli og var bein útsending frá því í hádegisfréttum RÚV. Íþróttaveislan hélt áfram í ágúst því Hundahlaup UMFÍ og Non-Stop Dogwear fór fram undir lok mánaðar. Hundahlaupið markaði tímamót enda fyrsta skiptið sem íþróttahreyfingin stóð fyrir viðburði

með hundum og eigendum þeirra. Sýnt var beint frá ræsingu hlaupsins í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Forsetahlaup UMFÍ fór síðan í fyrsta sinn fram á Álftanesi 3. september. Það var hluti af Íþróttaveislu UMFÍ og UMSK. Rúmlega 200 manns tók þátt í hlaupinu og eftirtektarvert hversu margar fjölskyldur hlupu saman. Boðið var upp á tvær vegalengdir, míluhlaup (1,6 km) og 5 km hlaup. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hljóp í báðum vegalengdum. Hann kom síðastur í mark í 5 km hlaupinu ásamt nágranna sínum, Ólafi Oddssyni sem fór alla lengri leiðina í rafmagnshjólástól.

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði

Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði fór fram á Laugarvatni dagana 9. – 11. september. Ráðstefnan er umfangsmesti viðburður Ungmennaráðs UMFÍ. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Láttu drauminn rætast! Þátttakendur voru um 80 af öllu landinu. Auk þess tóku þátt þingmenn og stjórnendur fyrirtækja í spjalli.

Sjóðir UMFÍ

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Staerstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Markmið sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttgreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi. Umsóknarfrestir og úthlutanir eru eru tvisvar á ári. Árið 2022 var 25 milljónum króna úthlutað úr sjóðnum til 163 verkefna. Styrkfjárhæðirnar hafa aldrei verið hærri.

UMFÍ styrkir líka þau sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Slíkir styrkir námu 1,5 milljónum króna árið 2022.

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2022 voru tveir styrkir veittir úr sjóðnum til tveggja verkefna upp á 675 þúsund krónur.

Nýtt skýrsluskilakerfi

Opnað var fyrir fyrir starfsskýrsluskil í nýju kerfi sem fyrirtækið Abler smíðaði fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Kerfið tók við af Felix sem hafði verið notað frá árinu 2004.

UMFÍ til Noregi

Um 40 manns frá UMFÍ og aðildarfélagum heimsótti íþróttahéraðið Viken í Noregi í mars og fékk hópurinn fræðslu um starfsemi þess, íþróttir fatlaðra, skipulag íþróttahéraða í Noregi og fleira.

Sambandsráðfundur UMFÍ

44. sambandsráðfundur UMFÍ var haldinn á Höfn í Hornafirði laugardaginn 15. október. Á fundinn mættu rúmlega fjórtíu fulltrúar íþrótt- og ungmennafélagsshreyfingarinnar af öllu landinu. Þar kynntu þrjár nefndir vinnu sína og tillögur. Þetta voru útgáfu- og kynningarnefnd, móta- og viðburðanefnd og nefnd um íþróttahéruð. Töluverðar umræður sköpuðust um málið.

Hvatningarverðlaun

Þrír sambandsaðilar hlutu Hvatningarverðlaun UMFÍ. Þau hlutu ÞrótturVogum fyrir átakaverkefnið Fögnum ástinni, sem ætlað er að fjölga íbúum bæjarfélagsins og iðkendum með náttúrulegum hætti, UMSK hlaut Hvatningarverðlaun fyrir verkefnið Virkni og vellíðan, sem er heilsuefning fyrir eldri borgara í Kópavogi, og Ungmennasamband Austur-Húnavetninga (USAH) fyrir samstarf félaganna Fram og Hvatar.



Hundahlaup UMFÍ var haldið í fyrsta sinn á árinu.

UBH lagt niður

Ungmennafélagið Baldur Hvolsvelli sem var stofnað 17. nóvember 1928 var lagt niður á árinu, en tillaga þess efnis var samþykkt samhljóða á aðalfundi félagsins 25. maí 2022. Samþykkt var að fjármunir félagsins renni til aðalstjórnar Íþróttafélagsins Dímonar. Lítil sem engin starfsemi hefur verið í félaginu frá því að Íþróttafélagið Dímon var stofnað 1997. Stjórn HSK þakkar félaginu fyrir samstarfið á liðnum áratugum.



Þrjú hestamannafélög sameinast

Hestamannafélagin Logi, Smári og Trausti í uppsveitum Árnessýslu samþykktu árið 2021 að sameinast og var nýtt félag stofnað 1. júlí 2021 og fékk nafnið Hestamannafélagið Jökull. Nýja félagið fékk formlega aðild að HSK á héraðsþingi HSK 31. mars 2022. Á aðalfundum gömlu félaganna árið 2021 var samþykkt að leggja niður félögin og má segja að formlega hafi þau hætt starfsemi í lok árs 2021. Stjórn HSK þakkar Loga, Smára og Trausta fyrir samstarfið á liðnum áratugum og óskar Hestamannafélaginu Jökli velfarnaðar í störfum sínum.



Aukagreiðsla til félaga vegna góðrar fjárhagsafkomu HSK

Stjórn HSK ákvað í lok árs 2022 að greiða aðildarfélagum sínum og sérráðum sérstaka aukagreiðslu í ljósi góðrar fjárhagsafkomu HSK árið 2022. Upphæðin var 5,8 milljónir króna, sem að óbreyttu hefði orðið hagnaður sambandsins árið 2022. Forsendur skiptingar eru þær sömu og við útdælingu á lottói árið 2022. Ástæða mun betri fjárhagsafkomu en áætlun gerði ráð fyrir er að stærstum hluta vegna mun meiri tekna af lottóinu. Þetta er í þriðja sinn sem HSK greiðir sérstaka aukagreiðslu til félaga og ráða, en í upphafi árs 2021 var ákveðið að greiða 2,2 milljónir, sem var bókfært árið 2020, en greitt út í upphafi árs 2021. Í lok árs 2021 voru greiddar 5,2 milljónir til félaga og ráða. Meðfylgjandi eru upplýsingar um skiptingu á aukagreiðslunni í desember 2022.

Friðsþróttaráð HSK	92.373	Íþróttaf. Dímon	169.145	Umf. Framtíðin	28.842
Glimuráð HSK	10.351	Íþróttaf. Garpur	64.674	Umf. Gnúpverja	60.330
Akstursíþr.f. Hreppak	1.530	Íþróttaf. Gnýr	15.969	Umf. Hekla	184.908
Golfkl. Áastúns	40.865	Íþróttaf. Hamar	730.276	Umf. Hrunamanna	107.747
Golfkl. Dalbúi	9.002	Íþróttaf. Milán	16.167	Umf. Hvöt	56.514
Golfkl. Flúðir	58.045	Íþróttaf. Mímír	0	Umf. Ingólfur	19.407
Golfkl. Geysir	24.441	Íþróttaf. Suðri	17.433	Umf. Laugdæla	92.355
Golfkl. Hellu	31.988	Íþróttaf. Uppsveita	76.441	Umf. Merkiðvoll	0
Golfkl. Hveragerðis	72.579	Karatef. Suðurl.	0	Umf. Selfoss	2.055.151
Golfkl. Kiðjabergrs	33.325	Knattsp.f. Árborgar	16.530	Umf. Skeiðamanna	15.690
Golfkl. Selfoss	100.844	Knattsp.f. Rangæinga	200.907	Umf. Stokkseyrar	38.542
Golfkl. Tuddi	3.929	Knattsp.f. Ægir	122.258	Umf. Trausti	19.011
Golfkl. Úthlið	8.596	Körfuknattf.f. Selfoss	103.527	Umf. Þjótandi	89.530
Golfkl. Þorlákshafnar	67.339	Lyftingaf. Hengill	0	Umf. Þór	224.164
Golfkl. Þverá	4.298	Skotf. Skyttur	29.334	Umf. Þórmörk	0
Golfkl. Öndverðarness	36.622	Skotiþr.félag Suðurl.	25.392		
Hestamannaf. Geysir	145.197	Torfaruklúbbur Suðurl.	17.565	Samtals	5.755.366
Hestamannaf. Háfeti	7.245	Umf. Biskupstungna	103.896		
Hestamannaf. Jökull	109.632	Umf. Dagsbrún	22.515	Greitt í Verkefnasjóð	
Hestamannaf. Ljúfur	44.312	Umf. Eyfellingur	0	vegna vanskila félaga	44.634
Hestamannaf. Sleipnir	106.703	Umf. Eyrarbakka	21.930		

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2022 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd/íþróttabandalög, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 163 verkefni árið 2022, samtals að upphæð 25.009.210 kr. Af því fengu 17 verkefni á sambandsvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.366.800 kr.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Fimleikadeild Umf. Selfoss	Móttaka 1, þjálfaranámskeið	15.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur, grindarbotninn	15.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur, íþróttamaður 360	51.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeið Oliver Bay	119.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Dansverkefni 2.fl. Kvk	80.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Dansverkefni meistaraflokkur mix	80.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Dómarapróf, nýir dómarar	75.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Endurnýjun dómararéttinda	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur, íþróttir og börn	37.500
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Fyrirlestur meistaraflokks og 2. flokks	37.500
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Master Coach þjálfaranámskeið HSÍ og EHF	100.000
HSK	Unglingalandsmót	1.500.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Menntun júðóþjálfara 6-10 ára	20.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Menntun þjálfara 11-14 ára	20.000
Júðódeild Umf. Selfoss	Fræðslunámskeið og verkleg kennsla	75.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Innleiðing gilda og eflingu félagsanda	50.000
Körfuknattleiksfélag Selfoss	Dómaranámskeið 1	41.300

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 675.000 kr. til tveggja verkefna á árinu 2022, annað þeirra var kolfnisjöfnun Unglingalandsmótsins 2022 og hlaut framkvæmdanefnd ULM 550 þúsund króna styrk.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsón á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum og úthlutar sambandið árlega styrkjum úr sjóðnum. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Til úthlutunar vegna ársins 2022 voru 123,9 milljónir króna. Staðfest úthlutun til íþróttafélaga vegna ársins 2022 lá ekki fyrir þegar ársskýrsla þessi fór í prentun og því vantar þær tölur í töfluna hér fyrir neðan.

Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2012–2021:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	SAMTALS
Golfkl. Geysir							18.117				18.117
Golfkl. Hveragerðis	18.657	25.143	7.416	14.613							65.829
Golfkl. Selfoss	15.265						22.835			19.140	57.240
Golfkl. Þverá		7.894									7.894
Golfkl. Öndverðarnesi							17.205	6.388			23.593
Hestam.f. Ljúfur					7.259						7.259
Íþr.f. Dímon	35.284	35.685	14.169				97.026	46.237		66.155	294.556
Íþr.f. Garpur	22.125						15.874		24.383	18.110	80.492
Íþr.f. Gnýr			17.434			22.206		20.280			59.920
Íþr.f. Hamar	558.610	205.462	330.491			214.651	433.104	525.795	601.421	559.954	3.429.488
Íþr.f. Millan			22.212		22.819	63.057	38.163				146.251
Íþr.f. Suðri			81.323			44.413		48.165			173.901
Íþr.f. Uppsveita									22.973	58.699	81.672
Knattsp. Árborgar	30.121		25.404		38.851	26.710	18.769				139.855
Knattsp. Rangæinga	125.860	124.000	109.716	135.628			180.705	136.407	366.813	272.355	1.451.484
Knattsp. Ægir	103.218	95.118	228.547	382.843	347.346	271.713	206.462		274.640	320.737	2.230.624
Körfukn.fél. Selfoss	114.987	92.133	151.187	161.040	86.942	93.748	371.273	285.921	91.892	259.894	1.709.017
Umf. Gnúpverja				25.849		34.043	47.079				106.971
Umf. Hekla			9.427				14.441	23.929	13.300	13.687	74.784
Umf. Hrunamanna	147.091	187.874	143.125	86.592	91.052	93.171	104.531	169.563	100.788	403.195	1.526.982
Umf. Laugdæla	95.405	110.553	65.123							26.484	297.565
Umf. Samhygð				2.465							2.465
Umf. Selfoss	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123	1.611.712	2.628.863	2.138.051	2.150.981	1.271.028	2.663.519	18.974.919
Umf. Þjótandi							27.969				27.969
Umf. Þór	154.938	91.218	77.705	150.561	131.116	200.360	101.850	158.968	111.986	421.731	1.600.433
Samtals	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714	2.337.097	3.692.935	3.853.454	3.572.634	2.879.224	5.103.660	32.589.280

Greiðsla til félaga og deilda vegna Unglingalandsmóts 2022

HSK þakkar sjálfboðaliðum sem komu að undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmótsins í sumar fyrir frábær störf á móttinu. 313 sjálfboðaliðar frá 38 félögum og deildum unnu samtals 3.569 vinnustundir við undirbúning og framkvæmd mótsins árið 2022. Rekstarafkoma mótsins var jákvæð um kr. 6.060.481.

Á héraðsþingi HSK var eftirfarandi tillaga samþykkt:
100. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þingborg 31. mars 2022, hvetur sjálfboðaliða til virkrar þátttöku við framkvæmd Unglingalandsmóts sem haldið verður á Selfossi 29. - 30. júlí 2022.
Þingið samþykkir að ráðstafa hugsanlegum hagnaði af framkvæmd Unglingalandsmótsins 2022 með eftirfarandi hætti:
5% renni í Verkefnasjóð HSK
5% renni til HSK
90% renni til aðildarfélaga HSK í réttu hlutfalli við vinnuframlag félagsmanna við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Stjórn Verkefnasjóðs HSK samþykkti að 5% hlutur sjóðsins yrði greiddur út til félaga. Heildargreiðsla vegna vinnu sjálfboðaliða var því 5.757.475 og greiðsla á hverja vinnustund er kr. 1.613,18.

Rétt er að geta þess að sex félög og sambönd sem ekki eiga aðild að HSK sendu sjálfboðaliða til starfa og fá þau greitt fyrir vinnuframlag, líkt og aðildarfélög HSK.



Alls unnu 313 sjálfboðaliðar frá 38 félögum á Unglingalandsmóttinu.

Greiðsla til félaga og deilda, sundurliðun:

Glimuráð HSK	40.330
Golfkl. Hveragerðis	18.552
Golfkl. Selfoss	141.960
Hestamannaf. Jökull	50.009
Hestamannaf. Sleipnir	208.101
Íþróttaf. Dímon	22.585
Íþróttaf. Dímon, frjálsíþróttadeild	37.910
Íþróttaf. Garpur	115.343
Íþróttaf. Hamar, blakdeild	361.353
Íþróttaf. Hamar, knattspyrnadeild	56.461
Íþróttaf. Hamar, körfuknattleiksdeild	201.648
Íþróttaf. Hamar, sunddeild	36.297
Íþróttaf. Suðri	96.791
Körfuknattl.f. Selfoss	507.347
Umf. Biskupstungna	6.453
Umf. Gnúpverja	3.226
Umf. Hekla	88.725
Umf. Hrunamanna, frjálsíþróttadeild	132.281
Umf. Laugdæla	40.330
Umf. Selfoss	114.536
Umf. Selfoss, borðtennisdeild	45.169
Umf. Selfoss, fimleikadeild	89.532
Umf. Selfoss, frjálsíþróttadeild	1.292.161
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	785.621
Umf. Selfoss, knattspyrnadeild	414.589
Umf. Selfoss, mótocrossdeild	48.396
Umf. Selfoss, rafíþróttadeild	109.697
Umf. Selfoss, sunddeild	110.503
Umf. Selfoss, taekwondodeild	104.050
Umf. Skeiðamanna	31.457
Umf. Þjótandi	230.685
Umf. Þór, körfuknattleiksdeild	3.226

Aðrir sem ekki eiga aðild að HSK

Ármann, frjálsíþróttadeild	19.358
Frjálsíþróttasamband Íslands	70.980
Pílufélag Selfoss	22.585
Sunddeild Breiðabliks	9.679
Sundfélag Hafnarfjarðar	64.527
Umf. Fjölnir, frjálsíþróttadeild	25.004

Samtals: 5.757.457

Úthlutun úr Íþróttasjóði - 2,4 milljónir á Suðurland

Íþróttanefnd hefur úthlutað úr Íþróttasjóði tæpum 23 milljónum til 79 verkefna fyrir árið 2022. Alls bærust alls 132 umsóknir að upphæð rúmlega 291 milljónir króna um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2022. Sjö verkefni á sambandsvæði HSK hlutu styrk úr sjóðnum, samtals að upphæð kr. 2.400.000. Heildarúthlutun fyrir árið 2022 er 22.990.000 kr., sem skiptist sem hér segir; aðstaða 9.000.000, (42 verkefni), fræðsla og útbreiðsla 10.390.000 (32 verkefni) og rannsóknir 3.600.000 (4 verkefni).

Styrkir til aðildarfélaga HSK:

Aðstaða		
Íþróttafélagið Dímon	Styrkur til kaupa á skotklukku	200.000
Skotíþróttafélagið Skyttur	Endurnýjun Skeet leirdúfuvéla	250.000
Sólheimar ses (Gnýr)	Kraftur 2	150.000
Umf. Selfoss, frjálsíþróttad.	Selfosshöllin	200.000
Umf. Gnúpverja	Borðtennisæfingar	200.000
Fræðsla og útbreiðsla		
Frjálsíþróttaráð HSK	Brottfall unglinga úr frjálsum íþróttum	600.000
Rannsóknir		
Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir	Andleg heilsa fimleikandsliða Íslands í aðdraganda og í kjölfar keppni á Evrópumóti 2022	800.000

Umsóknarrestur til að sækja um styrk úr Íþróttasjóði er til 1. október ár hvert. Upplýsingar um sjóðinn og úthlutanir eru á heimasíðu Rannís.

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Gestur Einarsson, formaður, varastjórn HSK, Jón Þröstur Jóhannesson, stjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Valgerður Auðunsdóttir, Umf. Skeiðamanna og Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2022 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og hér aftur í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2022.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Frá árinu 2007 hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Á héraðsþingi HSK árið 2018 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og nú fékk nefndin það hlutverk að velja íþróttakonu HSK og íþróttakar HSK í fjórða sinn.

Fundur í valnefndinni var haldinn 21. febrúar 2023 í Selinu á Selfossi og eftirtaldir mættu: Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, Gestur Einarsson, varastjórn HSK og Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttakarli og íþróttakonu HSK 2022

Tólf konur voru tilnefndar til kjörs á íþróttakonu HSK 2022 og 17 karlar voru tilnefndir í kjöri á íþróttakarli HSK.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið íþróttakona HSK árið 2022 hlyti golfkonan Heiðrún Anna Hlynisdóttir úr Golfklúbbi Selfoss sæmdarheitið íþróttakar HSK árið 2022 hlyti júdómaðurinn Egill Blöndal úr Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir, Umf. Selfoss, formaður, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, María Óladóttir, Umf. Selfoss, Heiða Pálrún Leifsdóttir, Umf. Biskupstungna og Helga Kobeinsdóttir, Umf. Gnúpverja.

Unglingalandsmótið fór loksins fram hér á Selfossi í sumar.

Eins og undanfarin mót fengu allir keppendur HSK bláa Jakopeysu. Til þessa að ná til sem flestra HSK keppenda var ákveðið að hafa afhendingu á peysunum í anddyrinu í FSu, þar sem móttaka mótsins var. Nýja skráningarforritið fyrir mótið er ekki hannað þannig að HSK geti sett inn tilkynningu hvenær og hvar við ætlum að afhenda peysurnar. Þetta er afturför. Allt var gert sem hægt var til að upplýsa keppendur um afhendinguna, inn á heimasíðu HSK og heimasíðu UMF Selfoss og reynt að dreifa þessum boðum. Þetta gekk ágætlega, vonandi fengu allir keppendur peysu.

Að vanda var góð þátttaka HSK keppenda í skráðgöngu á setningarhöfn mótsins og allir gengu inn í bláum peysum merktum HSK og Arion banka, en bankinn styrkti þátttöku HSK á mótinu



370 keppendur frá HSK skráðu sig til keppni á Unglingalandsmótinu og fengu treyju af gjöf frá HSK.

með myndarlegum hætti eins og undanfarin mót. Glæsilegur hópur HSK krakka vakti verðskuldaða athygli.

Eftir mótið á Höfn 2019 fjárfesti HSK í tjaldi sem loksins var hægt að tjalda á fyrsta skipti. Undanfarin ár hefur Guðmundur eða Brói hjálpað ULM nefnd HSK að eignast hluti sem nýtast mun á næstu Unglingalandsmótum, hann hefur td. smíðað grill og fánastöng. Ekki var tjaldstæðið of lítið í ár og aðstaðan góð en vegna úrkomu á miðvikudeginum fyrir mót var tjaldstæðið á floti sem dró úr því að fólk tjaldaði en á föstudags og laugardagskvöld var boðið upp á kakó og kex í nýja tjaldinu sem þær María, Helga og Heiða sáu um.

370 keppendur frá HSK kepptu á Selfossi í sumar, stóðu sig með þrýði og skemmtu sér vel. HSK átti unglingalandsmótsmeistara í flest öllum keppnisgreinum. Mótið fór vel fram innan vallar sem utan.

Stefnum á að fjölmenna á Sauðárkrók í sumar.

Guðrún Tryggvadóttir



Fjöldi keppenda frá HSK tók þátt í kökuskreytinga-keppninni á Unglingalandsmótinu.

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi

Framkvæmdanefnd mótsins skipuðu: Þórir Haraldsson, sem er formaður nefndarinnar, Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK sem er gjaldkeri nefndarinnar, Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Helgi S. Haraldsson, varaformaður HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Dyrleif Nanna Guðmundsdóttir, ungmenningaráði Sv. Árborgar, Ársæll Árnason, ungmenningaráði Sv. Árborgar, Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Sv. Árborgar, fram til júní 2022 en þá tók Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs sæti hans.

Eftirtalin störfuðu með nefndinni og voru boðuð á fundi: Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi Sv. Árborgar fram til apríl 2022 en í stað hans kom Diana Gestsdóttir og Guðrún Tryggvadóttir, verkefnisstjóri mótsins.

Nefndin var að mestu skipað sömu einstaklingum og vann að undirbúningi Unglingalandsmót árin 2020 og 2021 sem báðum var frestað vegna heimsfaraldurs Covid 19. Nánast allir sérgreinastjórar sem höfðu undirbúið mótið 2020 og 2021 unnu við undirbúning og framkvæmd mótsins 2022.

Sérstakar þakkir skulu færðar nefndarmönnum og starfsfólki fyrir vel unnin störf og góð samskipti. Einnig til sérgreinastjóra, sjálfboðaliða og samstarfsaðila sem allir stóðu sig með mikilli þrýði og var ánægja að vinna með.

Keppnisgreinar á mótinu voru: Biathlon (hlaupaskotfimi), bogfimi, borðtennis, fimleikar/fimleikalíf, frísbíggj, frjálsar íþróttir, glíma, golf, götuhjólreiðar, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, motocross sem því miður varð að fella niður vegna aðstæðna, pílukast, rafíþróttir, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund, taekwondo og upplestur.

Undirbúningur

Undirbúningur undanfarinna ára nýttist vel við skipulagningu, undirbúning keppnisgreina, afþreyingar, kynningu og fjármögnun mótsins. Þannig lágu reglur keppnisgreina fyrir að mestu leyti, undirbúningur að fjármögnun, söfnun styrktaraðila, kostenda verðlauna og kynningarstarf sem nýttist beint við mótshaldið 2022.

Nefndin lagði mikla áherslu á að mótið yrði kynnt vel, með miklum fyrirvara og nýttir væru

samfélagsmiðlar sem miðuðu sérstaklega að ungu fólki og þátttakendum. Töldum við það sérstaklega mikilvægt þar sem mótið hefði fallið niður tvö ár í röð og því væri á brattann að sækja að kynna mótið sem vænlegan valkost fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra. Samvinna við starfsmann UMFÍ á því sviði var að mati nefndarinnar á köflum ekki nógu góð og telur nefndin að ef betur hefði verið staðið að þeim þætti hefði orðið betri þátttaka á mótinu.

Skömmu fyrir mót, og eftir eftirgrennsan landsmótsnefndar og sjálfbóðaliða hennar, kom í ljós að skráningarkerfi fyrir mótið, sem UMFÍ er skuldbundið til að útvega, var ónothæft og í raun ekki til. Við tók mikil vinna við að búa til kerfi og greiða úr annmörkum. Því miður hefur nefndin staðfestingar á því að vandræði við kerfið hafi komið í veg fyrir að ungmenni væru skráð til keppni auk þess að valda erfiðleikum margra aðstandenda.

Þessi atriði urðu til að auka verulega vinnu nefndarfólks og ergelsi við undirbúning. Með sameinuðu átaki og aðstoð frá starfsfólki UMFÍ tókst að mestu að vinna úr þessu og skal þeim þakkað aðstoðin og samskiptin. Þá komu stjórnarmenn UMFÍ til aðstoðar á mótinu sjálfu sem er mikilvægt. Þeir annmarkar sem fram komu við undirbúning og verkaskiptingu voru ræddir á hreinskiptum fundi framkvæmdanefndar með fulltrúum UMFÍ með það að markmiði að bæta og auðvelda framkvæmd næstu móta.

Aðstaða

Aðstaða á Selfossi er öll til fyrirmyndar fyrir allar keppnisgreinar. Fyrir mótið var Selfosshöllin, yfirbyggt fjölnota íþróttahús tekin í notkun. Það mannvirki nýttist afar vel í framkvæmd mótsins, bæði sem aðstaða fyrir keppendur, keppni og afþreyingu, sérstaklega með uppsetningu leikjagarðs og afþreyingar fyrir yngstu mótsgestina. Þá var komið upp góðri aðstöðu fyrir strandblak og strandhandbolta. Hið sama gildir um tjaldsvæðin sem voru tilbúin sem og önnur aðstaða, s.s. fyrir stjórnstöð ofl.

Öll aðkoma og aðstoð Sveitarfélagsins Árborgar var til mikils sóma, lipurð og þjónustulund til fyrirmyndar og öll samskipti frábær sem ber að þakka yfirmönnum og starfsmönnum sérstaklega. Sama gildi um starfsfólk íþróttamannvirkja, lögreglu og opinbera aðila, samstarf og samvinna var til sóma. Þá skulu félögum í Björgunarfélagi Árborgar færðar sérstakar þakkir fyrir aðstoð og lipurð við öll verkefni sem þurfti að hlaupa í, oft með litlum fyrirvara.

Tjaldsvæði

Dagana fyrir mót tóku náttúruöflin til sinna ráða og brast á mikið vatnsveður á Suðurlandi. Brá svo við að tjaldsvæðið var að miklum hluta undir vatni og gripið var til ýmissa ráðstafana sem hjálpuðu til. Þótt búið væri að skipuleggja og afmarka tjaldsvæði þátttakenda og leggja um það rafmagn varð að leggja það skipulag til hliðar og byrja á að tjalda þétt á þurrasta svæðinu. Sem betur fer gekk það upp en ekki var mögulegt að skipa sambandsaðilum eða landshlutum saman. Á föstudegi og um helgina stillti til þannig að tjaldsvæðið slapp fyrir horn, sem og önnur aðstaða og mikil stemming var í samkomutjaldinu sem búið var að leggja bráðabirgða „gólf“ í vegna bleytu í jarðvegi. Með góðum vilja og jákvæðni slapp allt fyrir horn en rafmagnskerfið átti svolítið bágt um tíma þegar yfirálag varð á þeim hluta kerfisins þar sem flestir gestir voru. Ekki bætti úr skák að einhverjir rafmagnsbílaeigendur héldu að tjaldstæðakerfið gæti séð um að hlaða bílana, sem ekki gekk upp.



Keppendur HSK keppu í öllum greinum mótsins, m.a. í borðtennis.



Frá setningu unglingalandsmótsins á Selfossi.



Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdanefndar við mótsslit Unglingalandsmótsins.

Mótshaldið

Mótsgestir, keppendur, fjölskyldur þeirra og aðrir gestir voru til mikillar fyrirmyndar. Auðvitað koma alltaf upp einstök ágreiningsmál en þau voru teljandi á fingrum annarrar handar og fengu farsæla lausn. Allir virtust njóta keppinnar og dagskrárinnar. Í könnun sem UMFÍ sendi á þátttakendur og forráðamenn þeirra eftir mót kom fram að 92% þátttakenda fannst framkvæmd mótsins takast vel eða mjög vel. Mótshaldarar fengu fréttir af ánægju með framkomu og fagmennsku sjálfbóðaliða en einnig sérstaklega hve stutt var milli keppnisgreina og auðvelt fyrir keppendur að taka þátt í í mörgum greinum á stuttum tíma.

Athyglisvert er að mjög mikil þátttaka var í nýjum og óhefðbundnum keppnisgreinum eins og kókuskreytingum, pílukasti, strandblaki, strandhandbolta, rafíþróttum, bogfimi og frísbígolfi, svo einhverjar séu nefndar. Þetta er að mati nefndarinnar áhugaverð og jákvæð þróun þegar keppendur virðast sækja á nýjar slóðir til keppni, skemmtunar og afþreyingar.

Rigningin fyrir mót varð til þess að fella þurfti niður keppni í mótókrossi þar sem brautin var alls ekki keppnishæf og er það auðvitað miður.



Umhverfissjóður UMFÍ veitti styrk til að kolefnisjafna Unglingalandsmótið og gróðursettar voru um 5.000 birkiplöntur á Svarfólsvelli.



Fjölbreytt skemmtidagskrá var í boði alla mótsdagana, m.a. í Selfosshöllinni.



Frá keppni í strandhandbolta, sem naut mikilla vinsælda á mótinu.

Mikinn fjöldi sjálfbóðaliða þarf til að framkvæma Unglingalandsmótið með sóma, sérstaklega til að vinna við íþróttakeppnina en einnig í gæslu, sölu, þríf og aðra þjónustu við mótsgesti. Félagar úr HSK sáu um megnið af vinnu á mótinu með aðstoð sérfræðinga í einstökum greinum sem leitað var til. Ágætlega gekk að manna verkefni en vissulega er misjafnlega auðvelt að fá sjálfbóðaliða til starfa eftir greinum og verkefnum.

Björgunarfélag Árborgar sá um gæslu og þjónustu á tjaldsvæðinu auk þess að hlaupa þar í öll verkefni sem þurfti. Þá sá hún um flugeldasýningu og önnur skilgreind verkefni og hlupu undir bagga ef á þurfti að halda.

Önnur þjónusta tókst einnig vel, sölustarfsemi á aðal mótssvæðinu, hreinlætisaðstaða stóðst prófið, rútuakstur minnkaði umferð.

Setningarathöfn og mótslit á íþróttavallarsvæðinu voru fjölsótt og tókust vel með afþreyingu og þátttöku keppenda og hefðbundnum ávörpum forseta Íslands, ráðherra íþróttamála og formanns UMFÍ.

Afþreying

Nefndin lagði mikið upp úr afþreyingardagskrá fyrir keppendur og fjölskyldur þeirra. Skemmtanir í samkomutjaldi, leikjagarður í fjölnota íþróttahúsi, tónleikar, barnadagskrá og keppni fyrir yngstu gestina vöktu ánægju og tókust mjög vel.

Kolefnisjöfnun

Mótið var að fullu kolefnisjafnað í samstarfi við Skógræktarfélag Árnesinga en mótsgestir gátu plantað trjá til að kolefnisjafna sína þátttöku og sjálfbóðaliðar plöntuðu því sem upp á vantaði á athafnasvæði Golfklúbbs Selfoss. Umhverfissjóður UMFÍ styrkti þetta verkefni.

Mótið í tölum

Fjöldi þátttakenda var 959 sem er verulega færra en búist var við. Framkvæmd mótsins skilaði þar af leiðandi lægra endurgjaldi til félaga sjálfbóðaliða fyrir framlag sitt til mótshaldsins en vonast hafði verið eftir. Síðsumars veitti ríkisstjórnin fjármagni til íþróttahreyfingarinnar til að koma til móts við tapaðar tekjur vegna áhrifa heimsfaraldurs covid. HSK sótti um stuðning vegna tekjutaps ULM þar sem heimsfaraldurinn varð til þess að fella þurfti niður mótið 2020 og 2021 og fékkst góður stuðningur í gegnum það úrræði. Varð sú viðbót til þess að félög sjálfbóðaliða fengu að mati nefndarinnar ásættanlegan hlut fyrir vinnuframlag við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Við undirbúning og framkvæmd mótsins fundaði framkvæmdanefndin alls 34 sinnum auk fjölda smærri fundar, vinnufunda, símtala og rafrænna samskipta af ýmsum toga.

Þakkir

Að mati nefndarinnar tókst mótshaldið afar vel og gefur góð fyrirheit um að eftir fordæmalaus ári og tveggja ára niðurfellingu mótsins eigi Unglingalandsmótið bjart framtíð sem heilbrigður og spennandi valkostur fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra um verslunarmannahelgi.

Að loknu Unglingalandsmóti 2022 vil ég fyrir hönd framkvæmdanefndarinnar þakka starfsmönnum, sjálfbóðaliðum og öllum samstarfsaðilum góð samskipti og mikla vinnu. Sérstakar þakkir fá auðvitað starfsmenn nefndarinnar, Ómar Stefánsson, framkvæmdastjóri, Guðrún Tryggvadóttir, verkefnisstjóri og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK.

f.h. framkvæmdanefndar ULM 2022

Þórir Haraldsson, formaður.

Nefndarskipan og stjórnir sérráða HSK 2022

Yfirlit um skipan nefnda sem kosnar voru á héraðsþingi HSK 2022 og stjórnir sérráða HSK sem kosnar voru á aðalfundum ráðanna.

Almenningsíþróttanefnd

Formaður: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna
Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss
Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt
Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss

Badmintonnefnd

Formaður: Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri
Hrund Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Ólafur Dór Steindórsson, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon

Blaknefnd

Formaður: Haraldur Örn Björnsson, Íþróttafélaginu Hamri
María Rósa Einarsson, Íþróttafélaginu Dímon
Freyja Þorkelsdóttir, Umf. Hrunamanna
Varamaður: Eva Björk Kristborgardóttir, Umf. Laugdæla

Borðtennisnefnd

Formaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Bæring J. Guðmundsson, Íþróttafélaginu Garpi
Varamaður: Guðni Sighvatsson, Umf. Laugdæla

Bríddsnefnd

Formaður: Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss
Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi
Kristján Hálfánarson, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja

Fimleikanefnd

Formaður: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, Umf. Selfoss
Heiðrún Ósk Sævarsdóttir, Umf. Selfoss
Kolbrún Marín Wolfram, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Ásdís Birta Auðunsdóttir, Umf. Þór

Stjórn Frjálsíþróttaráðs

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda,
Eyrún María Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon
Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss
Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss
Tinna Björnsdóttir, Umf. Selfoss

Stjórn Glimuráðs

Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda
Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi
Ritari/varaf.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda
Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi
Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda

Golfnefnd

Formaður: Vignir Demusson, Golfklúbbi Hveragerðis
Einar Lyng Hjaltason, Golfklúbbi Hveragerðis
Bjarni Jóhannsson, Golfklúbbi Hellu
Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum

Handknattleiksnefnd

Formaður: Einar Sindri Ólafsson, ÍF Milan
Hjörtur Leó Ólafsson, ÍF Milan
Anton Ingi Arnarson, Umf. Selfoss
Varamaður: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss

Hestaíþróttanefnd

Formaður: Lovísa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi
Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni
Bragi Viðar Gunnarsson, Hestamannafélaginu Jökli
Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Formaður: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss
Markús Ívarsson, Umf. Samhyggð
Jón Smári Lárússon, Íþróttafélaginu Dímon
Varamaður: Ásberg Lárentínusson, Umf. Þór

Íþróttanefnd fatlaðra

Formaður: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra
María K. Jacobsen, Íþróttafélaginu Gný
Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný

Knattspyrnunefnd

Formaður: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja
Sigurður Sigurðsson, Knattspyrnufélagi Árborgar
Gústaf Sæland Skúlason, Íþróttafélagi Uppsveita
Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri

Körfuknattleiksnefnd

Formaður: Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna
Jóhanna M. Hjartardóttir, Umf. Þór
Varamaður: Aníta Ólöf Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi

Skáknefnd

Formaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss
Björgvin Helgason, Umf. Heklu
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Varamaður: Úlfhéðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja

Starfsíþróttanefnd

Formaður: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda
Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu
Kolbrún Júlíusdóttir, Umf. Þjótanda
Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi

Sundnefnd

Formaður: Charlotte Clausen, Íþróttafélaginu Hamri
Guðmundur Pálsson, Umf. Selfoss
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri
Varamaður: Anna Guðrún Sigurðardóttir, Umf. Selfoss

Sögu- og minjanefnd

Formaður: Kjartan Lárússon, Umf. Laugdæla
Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon
Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda
Varamaður: Gunnar Marmundsson, Íþróttafélaginu Dímon

Yfirlit um störf nefnda og ráða HSK:

Almenningsíþróttanefnd

50 ára afmælishlaup Bláskógaskokks tókst vel

43 keppendur tóku þátt í 50 ára afmælishlaupi Bláskógaskokks HSK sem haldið var sunnudaginn 12. júní í blíðskaparveðri. Tímamótanna var minnst sérstaklega í hlaupinu, en fram kom við setningu hlaupsins að það hafi verið þeir Brynleifur Steingrímsson læknir og Leif Österby hárskeri sem hafi verið aðalhvatamennirnir að halda fyrsta hlaupið árið 1972.

Börkur Þórðarson kom fyrstur í mark í 10 mílna hlaupi karla á tímanum 61;56 mín. og Andrea Kolbeinsdóttir vann kvennaflokkinn á tímanum 66,11 mín. Þau fengu í sérverðlaun gjafabréf frá fyrirtækjunum Fætur toga og Hótel Örk. Þess má geta að brautarmetinn í hlaupinu eiga þau Kári Steinn Karlsson og Marta Ernstsóttir. Kári hljóp árið 2010 á 53,51 mín og Marta hljóp vegalengdina á 60,35 mín árið 2006.

Eypör Birnir Stefánsson kom fyrstur í mark í 5 mílna hlaupinu á 36,49 mín., sem er HSK met í fjórum aldursflokkum frá 15-22 ára. Áslog Karlsdóttir vann í kvennaflokki á 44;30 mín. Þau fengu gjafabréf frá Hótel Örk í sérverðlaun.

Það var Snæbjörn Sigurðsson í Efstadal sem afhenti verðlaun, en hann vann drengjaflokkinn í fyrsta Bláskógaskokkinu árið 1972.

Flairi HSK met voru sett í hlaupinu, en Jórunn Viðar Valgarðsdóttir og Ingileif Auðunsdóttir settu báðar HSK met í sínum aldursflokkum í 5 mílna hlaupinu.

Auk sérverðlauna voru veitt svokölluð úrdráttarverðlaun sem voru í boði Run2. Þessum fyrirtækjum, auk Fontana á Laugarvatni er þakkaður stuðningurinn við hlaupið.

Heildarúrlit hlaupsins eru á www.timataka.net.

Blaknefnd

Loksins náðist heill vetur án Covid stoppa og gátum við krýnt HSK meistara í öllum flokkum síðasta vor.

Sjö lið voru í kvennaflokki og spiluð var einföld umferð. Dímon-Hekla enduðu sem HSK meistarar með 11 unnar hrinur og eina tapaða en Hamar lentu í öðru sæti með 10 hrinur unnar og tvær tapaðar. Einungis þrjú lið voru í karlaflokki og eftir tvær umferðir enduðu Hamarsmenn í fyrsta sæti án þess að tapa hrinu, Hrunamenn fylgdu þar á eftir og Laugdælir urðu í þriðja sæti.

Héraðsmót unglinga fór loksins fram eftir hlé en til leiks mættu þrjú lið í drengjaflokki, Dímon A, Dímon B og Hekla. Dímon A urðu í fyrsta sæti, Hekla í

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.



Snæbjörn Sigurðsson verðlaunahafi á fyrsta Bláskógaskokkinu fyrir 50 árum síðan afhenti verðlaun í hlaupinu í ár.

öðru sæti og Dímon B í því þriðja. Í stúlknaflokki voru fjögur lið, Hamar, Hekla, Dímon A og B og stóð Dímon B uppi sem meistarar.

Veturinn 2022/2023 byrjaði af krafti með Hraðmótum þar sem þrjú lið voru skráð í karlaflokki sem spilaður var í Hveragerði en í kvennaflokki mættu sjö lið á Hvolsvöll. Lið Hamars stóðu uppi sem sigurveggarar í báðum flokkum.

Fyrri umferð HSK mótsins fór svo fram á haustmánuðum en þrjú lið karla og sex lið kvenna eru skráð til leiks. Húsnæðisvandráði einkenna aðeins þennan vetur sem genginn er í garð en Hamarshöllin fæk síðasta vetur og lengi vel var húsið á Laugarvatni ekki nothæft vegna gólfskipta.

Liðin á HSK svæðinu senda þó nokkur lið til keppni í Íslandsmótum. Karlalið Hamars spilar í Úrvalsdeild og unnu þeir alla titla síðasta vetur og standa eftir á miðju tímabili. Einnig urðu þeir Meistarar meistaranna í september. Laugdælir eru með lið í 3. deild karla. Í kvennaflokki eru Hrunamenn með lið í 5. og 3. deild, Dímon-Hekla með lið í 4. og 2. deild og Hamar með lið í 3. deild.

Fyrir hönd Blaknefndar HSK,
Haraldur Örn Björnsson, formaður

Borðtennisnefnd

Héraðsmót HSK var haldið í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli þann 6. maí 2022. Mótið var nú haldið í 47. sinn, en fyrsta mótið var haldið 1975. Keppendur voru

76 talsins frá þremur félögum. Keppt var í einliðaleik í 12 flokkum. Veitt voru verðlaun í öllum flokkum.

Mótið er jafnframt stigakeppni innan héraðssambandsins og fékk Dímon flest stig eða 137, Garpur fékk 72 stig og Selfoss 22 stig.

Briddsnefnd

Aflýsa þurfti HSK tvímenningi og HSK móti í sveitakeppni í ár vegna samkomutakmarkana.

Frjálsíþróttaráð

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmundur Ólafsdóttir Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Eyrún María Guðmundsdóttir Íþrf. Dímon, Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss, Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss og Tinna Ósk Björnsdóttir Umf. Selfoss. Aðalfundur ráðsins var haldinn 27. apríl 2022. Sigurður Kristinn Guðbjörnsson, Umf. Heklu gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu og í hans stað var Guðmundur Finnbogason, Umf. Selfoss kjörinn.

Frjálsíþróttaráðið 2022 var þriðja árið í röð sem var óvenjulegt sökum heimsfaraldurs Covid-19 en sem betur fer voru aðeins samkomutakmarkanir fyrstu tvo mánuði ársins svo það náðist að halda öll HSK mótin með þétu innanhússtímabili í mars.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/ Selfoss á meistaramótum og áttum við góðu gengi að fagna á öllum mótunum í flokkum barna og unglinga. Við sigruðum MÍ 11-14 ára innanhússauk þess sem A-lið HSK sigraði bikarkeppni 15 ára og yngri innan og utanhúss. Lið 15-22 ára sigraði sín meistaramót bæði innan og utanhúss enda afskaplega sterkt um þessar mundir.

Hér eru úrlit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11-14 ára innanhúss

1. sæti 12 Íslandsmeistarattitlar

MÍ unglinga innanhúss

1. sæti 10 Íslandsmeistarattitlar

MÍ aðalhluti innanhúss

9.-10. sæti 0 Íslandsmeistarattitlar

Bikarkeppni innanhúss

6. sæti 0 Bikarmeistarattitlar

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

sæti 4 Bikarmeistarattitlar

MÍ 11-14 ára utanhúss

2. sæti 19 Íslandsmeistarattitlar

MÍ unglinga utanhúss

1. sæti 15 Íslandsmeistarattitlar



Verðlaunahafar á héraðsmóti drengja í blaki.

Mí aðalhluti utanhúss

7. sæti 1 Íslandsmeistaratitill

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

4. sæti 0 bikarmeistaratitlar

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

1. sæti 11 bikarmeistaratitlar

HSK á sjö ungmenni í Úrvalshópi FRÍ og eru það Álfurín Dilljá Kristinardóttir Umf. Selfoss í sleggjukasti, Daniel Breki Elvarsson Umf. Selfoss í spjótkaði, Eydis Arna Birgisdóttir Umf. Selfoss í 300m grindahlaupi, Hjalmar Vilhelm Rúnarsson Umf. Selfoss í spjótkaði, Ísold Assa Guðmundsdóttir Umf. Selfoss í hástökki, Ívar Ylur Birkisson Íþrf. Dímon í 100m grindahlaupi og Þorvaldur Gauti Hafsteinsson Umf. Selfoss í 800m og 1500m hlaupi

Frjálsíþróttamaður HSK 2022 var valinn af frjálsíþróttaráði Örn Davíðsson. Örn er spjótkastari og náði þeim frábæra árangri að verða annar á Meistaramóti Íslands og Bikarkeppni FRÍ síðasta sumar. Á Kastmóti Selfoss í lok sumars kastaði Örn 70,89m sem er nýtt HSK-met. Örn sinnir spjótkaðþjálfun hjá Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss einu sinni í viku allt árið um kring og er reynslumikill íþróttamaður sem gefur mikið af sér til yngri iðkenda. Örn var í lok árs valinn í landsliðshóp FRÍ.

Hástökkvarinn Eva María Baldursdóttir Umf. Selfoss er frjálsíþróttakona HSK 2022. Eva María keppti á Norðurlandameistaramóti innanhúss og hafnaði 4. sæti þegar hún stökk 1,76m sem er frábær árangur. Hún keppti á fleiri alþjóðlegum mótum en á Bauhaus Junioren-Gala sem er gríðar sterkt mót hafnaði Eva í 5. Sæti einnig með stökk uppá 1,76m. Eva María sigraði svo hástökkið á Reykjavík International auk þess sem hún sigraði á Selfoss Classic. Eva María varð einnig Íslandsmeistari utanhúss og sigraði allar hástökkkeppnir heima í héraði. Eva María er í Stórmótahópi FRÍ sem samanstendur af öllu besta frjálsíþróttafólki landsins auk þess sem hún er í Landsliðshópi FRÍ. Eva María hóf síðastliðið haust nám við University of Pittsburg í Pennsylvania í Bandaríkjunum þar sem hún mun stunda háskólanám samhliða því að æfa og keppa í hástökki fyrir hönd skólans. Eva María er brautryðjandi fyrir yngri iðkendur frjálsíþróttadeildar Selfoss en hún er fyrst allra hjá deildinni til að fara beint úr frjálsíþróttakademíu Fsú í háskólanám til Bandaríkjanna á íþróttastyrk.

Líkt og undanfarin ár voru metaskrár HSK í frjálsíþróttum uppfarðar í öllum flokkum frá 11 ára aldri, bæði innan- og utanhúss.

160 HSK met voru sett á síðasta ári, sem eru talsvert fleiri met en árið áður þegar 64 met voru slegin.

Keppendur 11 – 22 ára settu 86 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu sex met og keppendur í öldungaflokkum settu 68 met. 24 þessara meta eru einnig landsmet í viðkomandi flokki.

Bryndís Embla Einarsdóttir Umf. Selfoss, keppandi í 13 ára flokki, setti flest HSK met á árinu í yngri aldursflokkum. Hún setti samtals 25 HSK met í fjórum aldursflokkum og voru átta þeirra meta einnig Íslandsmet í hennar aldursflokki. Álfurín Dilljá Kristinardóttir Umf. Selfoss, keppandi í 16-17 ára flokki, kom næst með 12 met og þar af tvö landsmet. Næst komu svo Hjalmar Vilhelm Rúnarsson Selfossi, keppandi í 15 ára flokki og Eydis Arna Birgisdóttir Selfossi keppandi í 16-17 ára flokki, en þau settu bæði átta HSK met á árinu.

Þuríður Ingvarsdóttir Selfossi setti flest HSK met í öldungaflokkum, en hún setti 20 HSK met á árinu í flokki 50 - 54 ára og níu þeirra meta voru einnig landsmet. Guðbjörg Árnason úr Þórmörk og keppandi í flokki 60-64 ára og Bryndís Eva



Sigurlið HSK/Selfoss á MÍ 11-14 ára innanhúss.

Óskarsdóttir úr Þjótanda í flokki 35-39 ára voru bæði með átta met. Þá setti Örn Davíðsson Selfossi sex HSK met í sínum aldursflokki sem er 30-34 ára, en hann bætti um betur og setti að auki þrjú HSK met í karlaflokki, eða samtals níu met.

HSK metaskrár, þar sem einnig má sjá yfirlit allra HSK meta sem sett voru á síðasta ári, má nálgast á vef HSK, www.hsk.is.

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir skemmtikvöldi fyrir 11-14 ára í nóvember. Hópur krakka af öllu sambandssvæðinu hittist á Laugalandi í Holtum seinnipartinn á sunnudegi. Dagskráin hófst með leikjum sem var stjórnað af tveimur iðkendum úr meistaraflokki, síðan var sundlaugapartí og endað á pizzaveislu. Kvöldið var mjög vel heppnað og skemmtilegt fyrir krakkana að hittast og gera eitthvað saman til að efla andann utan vallar. Rangárþing ytra fær sérstakar þakkir fyrir að lána ráðinu aðstöðuna á Laugalandi.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 10 mótum á árinu. HSK var úthlutað framkvæmd MÍ í fjölþrautum og 10km hlaupi. Því miður þurftum við að gefa viðburðinn frá okkur þar sem mótið átti að fara fram 6.-7. ágúst á Selfossvelli en þar fer fram þessa helgi ár hvert Ólímótið í fótbolta auk þess sem frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss heldur alltaf Brúarhlaupið þessa helgi. Helgina áður var líka frábært Unglingalandsmót haldið á Selfossi þar sem mikið reyndi á sjálfböðaliða svo líklega hefði orðið erfitt að manna meistaramót strax helgina eftir. Auk mótanna sem HSK hélt mönnuðum við eina grein RIG leiknum sem haldnir voru í febrúar og tókum þátt í framkvæmt bikarkeppnanna.

Hér verður farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum Frjálsíþróttaráðs HSK árið 2022.

Mót á vegum HSK 2022

Aldursflokkamót HSK

Aldursflokkamótið var haldið í Selfosshöllinni á tveimur kvöldum 1.-2. mars. Fyrra kvöldið kepptu 11-12 ára krakkarnir og 13-14 ára seinna kvöldið. Þannig var hægt að tryggja lágmarks biðtíma fyrir keppendur. Keppendur voru 55 talsins frá fimm félögum.

Unglingamót HSK

Unglingamót HSK fór fram í Selfosshöllinni á einu kvöldi 9. mars. Keppendur voru 37 frá fimm

félögum og gekk vel. Lítið var af keppendum í elstu aldursflokkunum.

Héraðsmót HSK

Mótið fór fram í Selfosshöllinni 22. mars. Mættir voru til leiks 41 keppandi frá sjö félögum. Mótið var haldið á einu kvöldi. Keppendur Umf. Selfoss sigruðu allar greinar mótsins og unnu þar með stigakeppnina með 140 stigum. Í öðru sæti varð Garpur/Hekla með 22,5 stig og Íþrf. Dímon í 3. sæti með 8. stig.

Héraðsleikar innanhúss

Héraðsleikarnir voru haldnir 3. apríl í Selfosshöllinni. Það var frábært að geta haldið mótið við þessar góðu aðstæður og var ákveðið að leyfa öllum aldurshópum að keppa í hefðbundnum greinum en krakkafrjálsar eins og hafa verið notaðar fyrir 8 ára og yngri voru ekki notaðar. Við höfðum aðgang að allri höllinni þannig að jafnvel var hægt að keppa í hringhlaupi á gerfigrasinu. Keppendur voru 65 frá fimm félögum.

Vormót HSK

Vormót HSK var haldið 18. maí á Selfossvelli. 48 keppendur voru skráðir til leiks og má segja að það sé hrun í fjölda þátttakenda en síðustu ár hafa þátttakendur verið rúmlega 90 talsins. Munaði þar mest um mun færri þátttakendur frá félögum á höfuðborgarsvæðinu. Vindur var hagstæður á mótinu og margar bætingar litu dagsins ljós.

Aldursflokkamót HSK 11-14 ára utanhúss

Aldursflokkamót 11-14 ára í frjálsum íþróttum fór fram 7. júní á Selfossvelli. Rúmlega 40 keppendur voru skráðir til leiks og er það mikil fækkun frá síðustu árum. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 510 stig, í öðru sæti var Umf. Hrunamanna með 127 stig og í þriðja sæti Íþrf. Dímon með 98 stig.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Héraðsleikar 10 ára og yngri í frjálsum íþróttum fóru fram 7. júní á frjálsíþróttavellinum á Selfossi, samhliða aldursflokkamótinu. Keppendur á Héraðsleikunum voru 45 talsins og er það lítilleg fækkun frá 2021 þar sem keppendum fjölgaði talsvert. Mótið gekk vel og allir þátttakendur fengu verðlaun fyrir þátttökuna.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á



Þjótandi varð bikarmeistari félagsliða 2022 á Bikarglímu Íslands á Hvolsvelli í febrúar.

Selfossvelli 29. júní. Keppendur voru 36 á mótinu og er það fjölgun frá síðasta ári. Mótið hófst í úrhellisrígningu sem gerði keppendum erfitt fyrir en það stytta upp þegar leið á keppnina. Stigakeppni mótsins fór þannig að Umf. Selfoss sigraði með 416 stig, Garpur/Hekla varð í öðru sæti með 176 stig og Íþrf. Dímon í þriðja með 33 stig.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram dagana 17.-18. ágúst. Á mótið voru skráðir rúmlega 60 keppendur og er það á pari við síðasta ár. Héraðsmótið er stigakeppni milli félaga og Umf. Selfoss sigraði mótið með 326 stigum. Í öðru sæti var Garpur/Hekla með 81 stig og í þriðja sæti var Umf. Hrunamanna með 30 stig. Stigahæsti karl mótsins var Daníel Breki Elvarsson Umf. Selfoss með 26 stig og stigahæsta kona var Ísöld Assa Guðmundsdóttir Umf. Selfoss með 25 stig.

Héraðsmót fatlaðra

Aðeins einn keppandi tók þátt á héraðsmóti fatlaðra. Mótið fór fram samhliða Héraðsmóti HSK 17.-18. ágúst.

Frjálsar íþróttir eiga undir högg að sækja á HSK svæðinu að því leiti að sífellt færri félög halda uppi frjálsíþróttastarfi á sínum félagssvæðum. Það er sorgleg þróun en virðist óhjákvæmileg þegar lítið er til þess hversu erfitt er að fá þjálfara til starfa á þessum svæðum og starfið oft borið uppi af fáum einstaklingum. Áhugasömustu krakkarnir á sambandsvæðinu sækja þó flestir æfingar á Selfoss þar sem ný innanhúsaðstaða hefur gert aðstöðu til æfinga gríðarlega góða allt árið um kring.

Að endingu vil ég færa öllum sjálfbóðaliðum þakki fyrir gott starf á árinu. Við mótahald er í fjölmörg horn að líta og gott að vita til þess að hópur fólks er tilbúinn til að mæta á mót þegar kallið kemur. Megi frjálsíþróttarárið 2023 verða gjöfult, iðkendum fjölga og titlunum rigna á HSK svæðinu.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Glimuráð HSK

Enginn aðalfundur var haldinn árið 2022 en stjórn kosin á aðalfundi 2020 skipa: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson,

Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varaform.: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi og Sigurður Þór Emilsson, Umf. Þjótanda.

Starfsemi Glimuráðs HSK lá að mestu leiti niðri árið 2022 en er þar afleiðingum heimsfaraldurs og minni glímuiðkun á sambandsvæðinu helst um að kenna. Ekki tókst að halda aðalfund ráðsins á árinu en vonandi tekst að reisa starfið úr láginni á komandi misserum. Engin héraðsmót voru haldin en þátttaka á Íslandsmótum var nokkur og náðist ágætur árangur.

Árangur HSK fólks á mótum GLÍ, verðlaunahafar Bikarglíma Íslands 2022

Haldin 19. febrúar á Hvolsvelli. Umf. Þjótandi sigraði í stigakeppni félagsliða og telst því bikarmeistari félaga 2022.

Stúlkur 11 ára

1. Bergþóra Dögg Þorbergsdóttir, Þjótanda
2. Kristjana Ársól Stefánsdóttir, Þjótanda

Stúlkur 12 ára

3. Saga Ársælsdóttir, Dímon

Stúlkur 13 ára

1. Margrét Lóa Stefánsdóttir, Þjótanda
2. Elín Fríða Geirsdóttir, Dímon

Stúlkur 16 ára

2. Melkorka Álfídis Hjartardóttir, Þjótanda

Strákar 11 ára

1. Egill Nielsen Jakobsson, Þjótanda
2. Gísli Svavar Sigurðsson, Þjótanda
- 3.-4. Brynjar Máni Hafsteinsson, Dímon
- 3.-4. Axel Örn Aitken Sævarsson, Þjótanda

Strákar 12 ára

1. Hrafnkell Hilmir Sigmarsson, Þjótanda
2. Böðvar Snær Jóhannsson, Dímon

Strákar 13 ára

1. Björgvin Guðni Sigurðsson, Þjótanda
3. Lúkas Týr Sigurðsson, Dímon

Strákar 14 ára

1. David Örn Aitken Sævarsson, Þjótanda

Strákar 15 ára

1. Óskar Freyr Sigurðsson, Þjótanda
2. Arnór Leví Sigmarsson, Þjótanda

Strákar 16 ára

1. Rúnar Þorvaldsson, Dímon
2. Bjarni Þorvaldsson, Dímon
3. Heimir Árni Erlendsson, Dímon

Grunnskólamót Íslands 2022

Grunnskólamót Íslands 2022 fór fram í Melaskóla laugardaginn 9. apríl.

5. bekkur stráka

1. Egill Ingi Nielsen Jakobsson, Flóaskóla
2. Gísli Svavar Sigurðsson, Flóaskóla

6. bekkur stráka

1. Hrafnkell Hilmir Sigurðsson, Flóaskóla

9. bekkur stráka

1. Óskar Freyr Sigurðsson, Flóaskóla

5. bekkur stúlkur

1. Bergþóra Dögg Þorbergsdóttir, Flóaskóla
2. Kristjana Ársól Stefánsdóttir, Flóaskóla

7. bekkur stúlkur

1. Margrét Lóa Stefánsdóttir, Flóaskóla

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmótið fór fram á Selfossi um Verslunarmannahelgina og fór glímukeppnin fram í Lindexhöllinni 29. júlí. Árangur keppenda skráðra undir merkjum HSK varð eftirfarandi.

Strákar 11-12 ára

1. Egill Ingi Nielsen Jakobsson
2. Axel Úlfar Jónsson
3. Halldór Steinar Benjamínsson

Strákar 15-16 ára

1. Kjartan Helgason
2. Ingvar Sölvason
3. Þórbergur Egill Ingvarsson

Strákar 17-18 ára

1. Olgeir Otri Engilbertsson
2. Hreimur Karlsson

Stelpur 11-12 ára

1. Anna Metta Óskarsdóttir
2. Ásdís Erla Helgadóttir
3. Diljá Sævarsdóttir

Stúlkur 13-14 ára

1. Hugrún Svala Guðjónsdóttir
2. Anna Ísey Engilbertsdóttir
3. Bryndís Embla Einarsdóttir

Haustmót GLÍ

Haustmót GLÍ fór fram á Hvolsvelli sunnudaginn 16. október að loknum æfingabúðum sem Glímusambandið stóð fyrir á staðnum.

Strákar 11 ára

1. Jens Eyvindur Ágústsson, Dímon
2. Gísli Svavar Sigurðsson, Þjótanda
3. Ármann Þorri Þórisson, Dímon

Strákar 12 ára

1. Hrafnkell Hilmir Sigmarsson, Þjótanda

Strákar 13 ára

2. Björgvin Guðni Sigurðsson, Þjótanda

Strákar 15 ára

1. Óskar Freyr Sigurðsson, Þjótanda
3. Arnór Leví Sigmarsson, Þjótanda

Stelpur 11 ára

- 1.-2. Bergþóra Dögg Þorbergsdóttir, Þjótanda

- 1.-2. Kristjana Ársól Stefánsdóttir, Þjótanda

Stúlkur 13 ára

1. Hugrún Svala Guðjónsdóttir, Þjótanda

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glimuráðs HSK árið 2022. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ og HSK sem og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðu Glímusambandsins.

Fyrir hönd Glimuráðs HSK vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður

Íþróttanefnd eldri félagsmanna

Þátttaka HSK á 10. Landsmóti UMFI 50+ í Borgarnesi

Landsmót UMFI 50+ var haldið í Borgarnesi dagana 24. – 26. júní 2019. 22 keppendur af sambandssvæði HSK tóku þátt í mótinu í bridds, frjálsum, golfi, ringói og sundi.

Hér verður getið um verðlaunahafa í eimstökum keppnisgreinum.

Bridds

Þrjár sveitir af sambandssvæðinu tóku þátt. Ein þeirra náði þriðja sæti og hana skipuðu þeir Stefán Garðarsson, Garðar Garðarsson, Siginnur Snorrason og Brynjólfur Gestsson.

Frjálsíþróttir

Yngvi Karl Jónsson varð landsmótsmeistari í kúluvarpi og kringlukasti í flokki 55-59 ára og vann auk þess silfur í spjótkesti. Sigmundur Stefánsson keppti í 75-79 ára flokki og varð landsmótsmeistari í lóðkasti og annar í kringlukasti.

Golf

Jóhann Ingimundarson Golfklúbba Ásatúns varð landsmótsmeistari í golfi í flokki 50 – 69 ára.

Ringó

Lið HSK í ringói varð í öðru sæti. Í liðinu voru Guðmann Óskar Magnússon, Jón M. Ívarsson, Markús Ívarsson, Ólafur Elí Magnússon og Yngvi Karl Jónsson.

Sund

Ómar Valdimar Franklínsson varð meistari í 50 m skriðsundi, 50 m bringusundi og 100 m skriðsundi í flokki 75-79 ára.

Íþróttanefnd fatlaðra

Helstu verkefni nefndarinnar eru héraðsmót í íþróttagreinum sem eru stundaðar á svæðinu og fara þau mót fram í samvinnu við þjálfara viðkomandi greina.

Héraðsmót í golfi fatlaðra

Mótið var haldið á golfvælinum við Hótel Örk í Hveragerði. Keppendur voru átta og þennan dag var blíðskaparveður. Eftir mótið fóru keppendur í Hofland Eatery og gæddu sér á pizzum. Félagsleg samskipti hafa mikið vægi hjá iðkendum íþróttar fatlaðra hér á svæðinu og yfirleitt er reynt að gera eitthvað sameiginlegt eftir mót. Golfararnir hafa æft á vegum íþróttafélagsins Suðra í sumar á Svarfhólsvelli, þjálfari var Alexandra Eir Grétarsdóttir.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Konur: 1. sæti Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
2. sæti María Sigurjónsdóttir

Karlar: 1. sæti Árni Bárðarson
2. sæti Reynir Arnar Ingólfsson
3. sæti Bjarni Friðrik Ófeigsson

Héraðsmót í boccia fatlaðra frestað

Þátttakendur voru frá Suðra og Gný eins og vanalega. Búið var að skipuleggja mótið, áttu þetta að vera tveggja manna lið og hafa keppendur saman í liði frá sitt hvoru félaginu. Að blanda þannig í lið hefur oft reynst skemmtilegt og vinabönd hafa styrkt.

Kvöldið fyrir mótið voru vellir tilbúnir, dómaraþorð, spjöld, verðlaunapeningar og fleira. Að morgni 17. desember var allt orðið ófært og þurfti að fresta mótinu. Ákveðið var að halda héraðsmótið í boccia 2022 snemma árs 2023.

Héraðsmót fatlaðra í frjálsum íþróttum

Mótið er skipulagt af frjálsíþróttaráði HSK og þar tók einn keppandi þátt. Það var María Sigurjónsdóttir og keppti hún utanhúss í kúluvarpi, spjótkesti, sleggjukasti og kringlukasti. Innanhúss keppti hún í kúluvarpi.

Ekki voru fleiri héraðsmót fatlaðra þetta árið.



Keppendur á héraðsmóti fatlaðra í golfi 2022 ásamt þjálfara sínum, Alexöndru Eir Grétarsdóttur.

Íþróttanefnd fatlaðra hvetur fólk með fötlun að taka þátt í íþróttum. Rannsóknir hafa sýnt að þær efla líkamlega getu, félagsþroska og jákvæða sjálfsmynd. Fólk með fötlun stundar fjölbreyttar íþróttir hér á landi, bæði með almennum íþróttafélögum og íþróttafélögum fatlaðra. Íþróttasamband fatlaðra if@ifsport.is (s. 5144080) veitir allar upplýsingar um það sem í boði er og aðstoðar einnig við að koma að nýjungum sem fólk hefur áhuga á.

Þorbjörg Vilhjálmisdóttir

Skáknefnd

Héraðsmót HSK í skák var haldið í Selinu mánudagskvöldið 21. nóvember 2022. Aðeins mættu til leiks þrjár sveitir í þetta skiptið þannig að tefldar voru tvær umferðir. Mótsstjóri var Guðmundur Jónasson.

Úrslit mótsins urðu eftirfarandi:

1. Umf. Þór 10,5 vinningar
2. Umf. Hekla 9,5 vinningar
3. Umf. Selfoss 4 vinningar

Sigursteit Umf. Þórs skipuðu þeir Ingvar Örn Birgisson, Unnar Ingvarsson, Erlingur Jensson og Magnús Garðarsson.

Sundnefnd

Á síðastliðnu ári tókst loksins að koma á hefðbundum héraðsmótum HSK í sundi öllum til mikillar gleði.

Aldursflokkmót HSK

Fyrsta mót ársins var Aldursflokkmót HSK á Hvolsvelli sem haldið var 27. apríl. Umf. Selfoss fékk 187 stig, Hamar fékk 52 stig og Dímon var með 26 stig. Stigahæsta sundið samkvæmt stigatöflu FINA synti Jakob Ingi Reynisson Umf. Selfoss en það var 100 m skriðsund á 0:59,42 mín. sem gaf 432 stig.

Héraðsmót HSK

Héraðsmót HSK var haldið í sundlauginni Laugaskarði í Hveragerði þann 18. maí. Þar fékk Umf. Selfoss 189 stig og Hamar var með 21 stig. Besta afrek mótsins var 50 m. flugsund hjá Jakobi Inga Reynissyni Umf. Selfoss en hann synti það á 0:32,41 mín. sem gaf 324 stig samkvæmt stigatöflu FINA. Stigahæstu sundmenn mótsins, með þrjá sigrar sem gáfu 21 stig, voru Bergþóra Sól Hálfðánsdóttir, Hallgerður Höskuldsdóttir og Jakob Ingi Reynisson öll frá Umf. Selfoss.

Unglingamót HSK

Þann 4. desember var svo Unglingamót HSK haldið á Selfossi. Þar synti Umf. Selfoss eitt félag til stiga og fengu þau 100 stig.

Í sumar náðist einnig að halda Unglingalandsmót UMFI á Selfossi og þar stóðu fulltrúar sundnefndar og félagar úr sunddeildunum héðan af Suðurlandi vaktina á sundmótinu, auk annarra sjálfboðaliða sem unnu hin ýmsu störf sem þurfti að manna á þessu móti. Sundmótið var mjög vel heppnað og gaman að sjá okkar HSK keppendur standa sig virkilega vel á mótinu.

Charlotte Clausen

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla formaður, Ólafur Elí Magnússon Íþr.f. Dímon, Aðalsteinn Sveinsson Umf. Þjótanda. Varamaður Gunnar Marmundsson Íþr.f. Dímon, en hann tók þátt í störfum nefndarinnar. Með nefndinni starfar Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og er framlag hans mjög mikilvægt.

Nefndin kom ekki nema einu sinni saman á starfsárinu.

Eins og undanfarin ár gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Lagði nefndin til að öðlingur ársins 2022 verði Garðar Garðarsson Umf. Selfoss.

Greining á myndum HSK féll niður á árinu en stefnt er á að halda því verkefni áfram síðar í vetur. Næsta skref er að merkja um 2.000- 3.000 myndir sem eru í albumum og eru frá 1990 – 2000 í samstarfi við Guðmundar á Héraðsskjalasafninu. Mest af þeim myndum sem á eftir að greina eru 30 ára og yngri. Myndir HSK og fleiri aðila má skoða á síðunni www. myndasetur.is. Við hvetjum fólk til þess að skoða myndir HSK á síðunni og senda inn ábendingar ef einhverjar myndir eru rangt skráðar eða ef hægt er að bæta skráninguna á einhvern hátt. Það er gert með því að senda inn ábendingu með því að yta á ábendingarhnappinn sem birtist þegar einstakar myndir eru skoðaðar.

Kjartan Lárusson

Myndir úr starfinu



Stór hópur af sambandsvæði HSK tók þátt í Gautarborgarleikunum.



Hákon Þór úr Skotíþróttafélagi Suðurlands varð Norðurlandameistari í skeet.



Sigmundur Stefánsson keppti á Landsmóti 50+.



Keppt var í glímu á Unglingalandsmótinu á Selfossi.



Þátttakendur í sveitakeppni HSK í skák.



Frá héraðsmótinu í sundi í Hveragerði 2022.



Ungur knapi úr Hestamannafélaginu Geysi.



Kvinnalið Selfoss tryggði sér sæti í Ólísdeildinni í handbolta.

Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Golfklúbbur Ásatúns

Aðalfundur 2022 var haldinn 30. desember 2022. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn: Sigurjón Harðarson, formaður, Eiríkur Stefánsson, Edda Eðvaldsdóttir, Árni Sófussón og Edda Ólafsdóttir. Varamenn eru Grímur Guðmundsson og Valgerður Jana Jensdóttir.



Fjöldi félagsmanna í klúbbnum árið 2022 eru 282 og hefur fækkað um tvo síðan 2021.

Golfklúbbur Ásatúns keypti skuldabréf fyrir eina milljón í Selsvelli, en það er liður í því að hafa góðan golfvöll í Hreppnum, sem nýtist vel fyrir okkar félagsmenn, ásamt öðrum golfurum sem sækja Selsvöll. Golfklúbbur Flúða keypti landið undir golfvöllinum, með öllu tilheyrandi, vélaskemmu og tækjum.

Selsvöllur er heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns og er það því okkar hagar að Selsvöllur sé sem best úr garði gerður.

Stjórnarfolk fór í vettvangsferð að Hamri í Borgarfirði í sumar, gisti eina nótt á Hótel Hamri og spilaði einn hring á vellinum. Það er alltaf gott að skoða aðra velli og stela hugmyndum og nýta.

Félagar í stjórn klúbbsins unnu ýmis verk á Selsvelli í sumar, t.d. þökulagningu á nýrri braut, stíga- og teppalagningu, smíði á skilti við aðkomu að vellinum og drenlögnum.

Formaður mætti í boð Forseta Íslands að Bessastöðum í tilefni 80 ára afmæli GÍ og á eftir í boð hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, þar sem farið var yfir sögu Gólf sambandsins.

Formaður mætti á þing GÍ á haustdögum.



Kampakátir sjálfbóðaliðar við stígalagningu á braut ný á Selsvelli.

Golfklúbburinn Dalbúi

Gólfsumarið hjá golfklúbbum Dalbúa var nokkuð gott. Fjöldinn allur af kylfingum sóttu Dalbúa heim, bæði félagsmenn og aðrir lengra aðkomnir. Almenn ánægja var með völinn, aðstöðuna við skálann og veitingar.



Rástímaskráning er núna eingöngu við lýði hjá GD og hefur gefist vel. Þeir sem eru utan GÍ geta skráð sig hjá starfsmanni í skála þegar þeir koma að spila. Samkvæmt tölum frá golf.is var fjöldi kylfinga rétt rúmlega 5000.

Hreinsaðstaða fyrir kylfinga var smíðuð á vordögum. Hún er staðsett við göngustíginn þegar 9.hola er kláruð. Þar er hægt að blása með lofti af skóm og af kerrum.

Unnið var við stækkun á teigum á þessu ári. Lokið var við stækkun á 2., 3., 5. og 8. braut en örlítill frágangsverkefni eru eftir á þessum brautum.

Þann 4. júní kom til okkar Þórður Ingason R&A gólfðómari og hélt erindi fyrir félagsmenn þar sem farið var yfir helstu golfreglurnar. Einnig fór hann yfir hvernig kylfingar reikna út punkta út frá höggum á holu. Farið var yfir staðarreglur, keppnisáskilum og hvernig ýmis keppnisform eru í framkvæmd. Þessi fundur var opin öllum félagsmönnum og þeim að kostnaðarlausu.

Gólfmót sumarsins voru sex að þessu sinni. Þau heppnuðust öll afar vel og var þátttaka með mesta móti. Í nokkrum af mótum sumarsins þurfti að hafa tvö holl á nokkrum teigum, en allt gekk afar vel og almenn ánægja með hvernig til tókst.

Aðalfundur GD 2022 var haldinn 8. desember í þróttamiðstöðinni í Laugardal.

Stjórn GD árið 2022: Bryndís Scheving formaður, Ásbjörn Sveinbjörnsson varaformaður, Eiríkur Þorláksson gjaldkeri, Gísli B. Ívarsson ritari, Hafþór



Horft yfir þúttæfingavæði Dalbúa, þar sem 8., 9. og 6. brautir blasa við.

B. Guðmundsson meðstjórnandi, Ragnar Þórisson varamaður og Helgi Einarsson varamaður.

Golfklúbburinn Flúðir

Golfklúbburinn Flúðir hélt aðalfund sinn 10. febrúar sl. í gólfskála félagsins að Efra-Seli, Flúðum. Fundinn sóttu um 70 félagsmenn og 14 fylgdust með streymi frá fundinum.



Í stjórn voru valin: Árni Tómasson, formaður, Ásgeir H Þorvarðarson, Unnsteinn Eggertsson, Hafdís Ævarsdóttir og Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir. Varamenn voru kjörnir Stefán Franklín og Magdalena Sirý Þórisdóttir. Skoðunarmenn voru kjörnir Magnús Halldórsson og Pétur Oddsson.

Félagsmenn eru 269 talsins og alls voru spilaðir 11.822 hringir á Selsvelli. Félagið stóð fyrir 8 golfmótum og tóku þátt í þeim 737 einstaklingar, auk vikulegs innanfélagsmóts. Meistaramót félagsins var haldið í júlí og voru klúbbmeistarar þau Hafdís Ævarsdóttir og Einar Einarsson. Ástráður Sigurðsson golfkennari kenndi unglingum 5 helgar sl. sumar og GF sendi sveit til keppni í GÍ sveitakeppni kylfinga 65 ára og eldri.

Það bar til tíðinda að yfir 200 félagsmenn söfnuðu fjármagni í ársbyrjun 2022 og lánuðu GF alls 125,6 milljónir króna til kaupa á Selsvelli og öllum tengdum eignum; fasteignum, vélum, tækjum, búnaði og innréttingum á árinu af fyrri eigendum. Tókst að greiða kaupverðið að fullu á árinu án utanaðkomandi

skuldsetningar. GF er nú almannaheillafélag í eigu félagsmanna hverju sinni og ver öllum sínum hagnaði til eflingar starfseminnar. Allur rekstur sem áður var á hendi fyrrum eigenda færðist yfir til GF. Ráðinn var vallarstjóri Daníel Halldórsson Apeland og unnu fjórir sumarstarfsmenn með honum á vellinum. Veitingarekstur var boðinn út, en allur annar rekstur og umfangsmikið viðhald húseigna og golfvallar var unnið í sjálfböðavinnu og má gera ráð fyrir að sjálfböðaliðastarfið hafi til samans numið hátt á annað þúsund stundum.

Golfklúbburinn Geysir

Starfsárinu fyrir árið 2021 lauk og starfsárið 2022 hófst með aðalfundi sem var haldinn á Hótel Geysi, Geysi í Haukadals, 18. nóvember 2021.



Á fundinum var farið yfir árið, fjárhaginn, kosið í stjórn og nefndir, þ.e. hefðbundin aðalfundarstörf.

Formaður klúbbsins var endurkjörinn, sem og aðrir í stjórn. Hana skipuðu eftirtaldir á starfsárinu 2022; Pálmi Hlöðversson formaður, aðrir í stjórn eru Frímenn Birgir Baldursson ritari, Gunnar Skúlason gjaldkeri, Hermann Marínó Maggýjarsón, og Einar Tryggvason.

Undir liðnum önnur mál var farið almennt yfir sviðið. Rætt um framfarir og stöðuna á Haukadalsvelli. Eins og við þekkjum þá var völlurinn okkar lokaður

vegna kalskemmda í nokkur ár. Völlurinn hefur tekið miklum framförum, og kominn í sitt gamla form aftur sem ber að fagna. Þetta gerðist ekki af sjálfisdáðum, heldur þrotlausri vinnu, með sífelldum sáningum, söndunum og áburðargjöf og grasslaetti.

Á árinu var Haukadalsvöllur settur upp í Golfboxinu og eins á Golfscapen.com, sem ætti að bæta sýnileika og bókunarmöguleika á rástímum.

Ekkert mótahald var á vegum klúbbsins á Haukadalsvelli þetta árið. En eins og áður, var töluvert um að hópar og einstaklingar héldu mót á vellinum, með ýmsu leikjafyrirkomulagi.

Golfklúbburinn sendi að venju hóp manna til að keppa fyrir hönd klúbbsins í Íslandsmóti klúbba í 4. deild. Mótið var haldið hjá Golfklúbbum í Vatnsleysu og var það til fyrirmyndar. Skemmt er frá því að segja að við unnum okkar fyrsta Íslandsmeistaratitil eftir háspennu leik um sigur við Golfklúbb Siglufjarðar. Klúbburinn spilar því í 3. deildinni að ári.

Keppnisveit GEY skipuðu eftirtaldir; Magnús Bjarnason, Pálmi Hlökkvesson, Edwin Roald Rögnvaldsson, Bergur Konráðsson, Gunnar Skúlason, Oddgeir Oddgeirsson og Birgir Már Vigfússon.

Stjórn klúbbsins og eigendur vallarins þakka félögum, gestum og öðrum samstarfið og samveruna á líðnu ári og vonast til að sjá ykkur sem flest á vellinum í sumar.

Golfklúbbur Helli

Aðalfundur GHR 2021 var haldinn 28. október 2021 að Strönd. Óskar og Kata höfðu lýst því yfir að þau vildu bæði hætta í stjórn eftir áratuga langt óeigingjarnar og frábært starf. Sumir segja að GHR væri ekki til í dag ef þau hefðu ekki komið að þessu og haldið út þetta lengi, þetta mikla starf verður seint fullþakkað.

Eftir hefðbundna dagskrá fundarins var gengið til kosninga og kosin voru Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður, Einar Long varaformaður, Guðrún Arnbjörg Óttarsdóttir gjaldkeri, Bjarni Jóhannsson ritari og Guðný Rósa Tómasdóttir meðstjórnandi og varamenn Friðrik Sölvi Þórarinnsson og Guðlaugur Karl Skúlason. Ný stjórn tók við og hóf störf, á fyrsta fundi stjórnar var m.a. samþykkt af öllum viðstöddum að gera þau Óskar og Kötur að heiðursfélögum GHR.

Stjórn ræddi líka ýmislegt annað á þessum fyrsta fundi s.s. starfsmannamál, það leit ekki vel út, þeir sem verið höfðu á vellinum vildu allir hætta, en fyrir áramót náði formaðurinn samningi við verðandi vallarstjóra Einar Ólaf Pálsson og gat kynnt það í stjórn með fyrirvara um samþykki stjórnar Strandarvallar ehf. Þá náðist samningur við Baldur Ólafsson og síðar við Jóhann Sverrir Sverrisson þetta er mjög gott teymi sem nær vel saman og er það von stjórnar að við höldum þeim áfram, Katarína Cernava starfaði með þeim í sumar. Stjórn vill þakka þeim fyrir gott starf og ánægjulega viðkyrningu. Sumir segja að völlum hafi aldrei verið betri.

Stjórn ræddi og ákvað að fara í breytingar á húsínu má segja að við séum búin að fara hálfa leið, GHR fólk og gestir hafa upp til hópa tekið þessum breytingum mjög vel, með þessum breytingum gátum við leigt frá okkur efstu hæðina fyrir veitingastarfssemi.

Kvennastarfið hefur verið formanninum og flestum stjórnarmönnum hugleikið. Við fengum Ragnhildi Sigurðardóttir til að koma til okkar og vera hér heilan dag sem tókst mjög vel, þarna mættu stelpur á öllum aldri og fóru glaðar heim og margs vísari.

Lancome kvennamótið var haldið á Strandarvelli sem var ágætlega sótt þrátt fyrir að það viðraði ekki vel, en því miður voru einungis tvær konur úr GHR í



Golfklúbburinn Geysir vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil á árinu.

mótinu. Nú hafa nokkrar konur úr GHR tekið keflið sem vonandi verður til þess að kvennastarfið og starfið allt mun blómstra sem aldrei fyrr.

Með samheldni, dugnaði og jákvæðni náum við lengra og við ætlum miklu lengra. GHR má ekki verða einhver karlaklúbbur. Sorgleg staðreynd að konur eru einungis 33% af golfurum.

Yngvi Karl Jónsson formaður barna og unglinganefndar og þrautreyndur kennari og íþróttamaður sá um barna- og unglingastarfið í sumar tók hann á móti hópum tvisvar í viku og krakkarnir komu þrátt fyrir að sumarið hafi vægast sagt verið rýsjótt og oft rok og rigning, við þurfum að ná fleiri börnum og unglingum.

Breyting og umhirða á æfingavellinum skilaði sér og mun gera það áfram. Í haust hafa svo verið að koma krakkar úr Hvolsskóla einu sinni í viku í fylgd með kennara.

Félagið hélt Íslandsmót fyrir 18 ára og yngri í lok júní og mætti mikill fjöldi keppanda, liðstjóra, þjálfara, aðstoðarfólks og foreldra. Þetta var þriggja daga mót sem tókst mjög vel og var gerður góður rómur af vellinum og móttökum.

Fjárhagsstaða GHR er nokkuð góð þrátt fyrir hrakspár margra vegna færri heimsókna og fleiri utanlandsferða golfara og allt var þetta rakið til Covid en árið skilar okkur samt hagnaði. Og þrátt fyrir allar hrakspárnar hefur fjölgað í GHR, 52 gengu í klúbbinn, átta hættu og við erum um orðin 199 ég held að GHR hafi aldrei verið svo fjölmennur. Þessi aukning mun tryggja þetta tekjustreymi en þarf ekki að auka kostnað.

Meistaramótið var haldið í júlí og var þokkaleg mæting, klúbbmeistarar 2022 eru Andri Már Óskarsson og Guðný Rósa Tómasdóttir. Særún Sæmundsdóttir vann holukeppnina og við óskum þeim öllum til hamingju. M-mótin voru eins og áður á miðvikudögum og svo tók Haustmótaröðin við þegar daginn fór að stytta og voru þá spilaðar níu holar hvern keppnisdag því miður virðist áhuginn á þessum innanfélagsmótum vera heldur minnkandi.

Leiga á golfbílum gekk nokkuð vel við þurfum fleiri nýja bíla og losa okkur við nokkra eldri vandræðagripa.

Það hefur verið sett upp vefmyndavél á húsíð og það er hægt á sjá þetta á www.livefromiceland.is.

GHR er með ágætlega facebooksíðu og heimasíðan kemur vel út. Við þurfum líka að vera með síðuna á ensku, því það er klárlega vaxtartækifæri í að ná til útlenskra golfara. Nú er bæklingur á ensku í smíðum til að dreifa á hótelin og viðar.

Vinavellir voru meira og minna þeir sömu og hafa

verið, en það er sama með þá og aðra golfiðkun að heimsóknir þeirra eru heldur færri nú en í fyrra.

Stjórnarfolk sem nú kemur til starfa þarf að huga að fjárfestingaráætlun í samstarfi við Strandarvöll ehf. Má þar nefna tæki á völinn, vélaskemmu, starfsmannaðstöðu og golfbíla og eins klúbbhús. Við verðum að horfa lengra fram í tímann, 10 ár, 20 ár eða jafnvel enn lengra.

Stjórnin vill þakka öllum starfsmönnum og sjálfbóðaliðum fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Golfklúbbur Hveragerðis

Aðalfundur fór fram þann 5. desember 2022. Stjórn klúbbsins er svo skipuð fyrir starfsárið 2023. Vignir Demusson, formaður og ritari, Þórhallur Einisson, varaformaður, Sveinn Ingason, gjaldkeri, Þórhallur Einisson, vallarnefnd, Erlingur Arthursson, mótenefnd, Ólafur Ragnarsson, forgjafar- og laganeftnd, Kolbrún Bjarnadóttir, kvennaneftnd, Inga Dóra Konráðsdóttir, útbreiðslu- og fræðsluneftnd og skemmtineftnd, Guðmundur Erlingsson, afreks og barna- og unglinganeftnd, Hjörtur Árnason, málefni kyflinga 65 ára og eldri. Framkvæmdastjórn skipa Vignir, Sveinn, Þórhallur og Einar Lyng rekstrarstjóri.

Rekstur golfklúbbsins gekk mjög vel á árinu, þrátt fyrir að við vorum ekkert sérstaklega heppin með veður fyrripart sumars, en það rættist svo heldur betur úr veðrinu þegar á leið smárið. Við höldum úti KFC/Skalla innanfélagsmótaröðinni og voru opnu mótin okkar vel sótt. Talsvert var um bókanir á völinn sem hafði það í för með sér að oft var erfitt um vik með að fá rástíma. Þeir hópar sem hafa verið að heimsækja okkur undanfarin ár létu flestir sjá sig að nýju og síðan má nefna að það var aukning hjá okkur hvað varðar hópa sem koma og spila golf og fá sér mat að loknu golfspili. Það var töluvert fjölgun félagsmanna á árinu og aukning hvað varðar nýliða miðað við árið á undan. Sérstaklega er gaman að sjá og segja frá að við erum að sjá aukningu í fjölda barna og unglinga og er það vel. Á árinu 2022 voru skráðir golfhringir á Gufudalsvelli 19.000.

Eins og áður sagði þá fjölgaði í golfklúbbum á árinu og voru fullgildir félagsmenn þann 1. júlí 2022, alls 408, (en á sama tíma árið 2021 voru 383 skráðir fullgildir félagsmenn). Þess ber að geta að 15 ára og yngri eru í dag 22, en árið 2021 voru þeir 13 þannig að það er góð fjölgun þar.





Börn og unglingar við æfingar í Gufudal.

Eins og undanfarin ár þá sinntu starfsmenn GHG umhirðu á íþróttavöllum bæjarins ásamt því að sinna slætti og umhirðu á grænum svæðum í Hveragerði.

Golfklúbbur Kiðjabergs

Aðalfundur GKB fór fram í golfskálunum í Kiðjabergi 10. desember 2022 að viðstöddum 60 félögum. Guðmundur Ásgeirsson var endurkjörinn sem formaður klúbbsins og eins voru aðrir í stjórn endurkjörin.



Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og jukust tekjurnar um 27 milljónir króna milli ára og námu nú 91 milljón króna.

Stjórn GKB skipa nú auk Guðmundar; þau Gunnar Þorláksson, Brynhildur Sigursteinsdóttir, Magnús Haraldsson og Jónas Kristinsson. Varamenn í stjórn eru þeir Jens Magnús Magnússon og Þórhalli Einarsson.

Á aðalfundinum voru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar og endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram og samþykktir. Hjörleifur B. Kvaran var fundarstjóri og Jónas Kristinsson fundarritari.

Meðlimum í klúbbnum fjölgaði á árinu og eru nú 416 talsins, þar af 254 karlar og 162 konur sem er 61% karlar og 39% konur. Tillaga stjórnar um að félagsgjöld hækki um 12% var samþykkt og verður almennt félagsgjald því 97.000 krónur á næsta ári.

Töluverðar framkvæmdir einkenndu starf klúbbsins á árinu. Flestir stigar vallarins voru endurnýjaðir eða lagaðir og snyrtir. Settar voru upp 10 nýjar flaggstangir við bílaplanið, sett upp glæsilegt aðkomuskilti og gert fint fyrir framan það. Plön niður við vélaskemmu voru löguð og þar eru líka framkvæmdir farnar að stað við endann á vélaskemmu, en þar á að byggja 40 fermetra íbúð.

Þá má geta þess að haldið var í annað sinn, eitt glæsilegasta golfmót á Íslandi, 24 OPEN, þar sem rétt rúmlega 300 keppendur mættu til leiks. Þetta mót er það fjölmennasta sem haldið hefur verið á einum sólarhring og er komið til að vera. Mótahald gekk yfirleitt mjög vel á starfsárinu.

Golfklúbbur Selfoss

Aðalfundur GOS fór fram í golfskálunum 7. desember sl. Páll Sveinsson, formaður GOS, kynnti ársskýrslu klúbbsins 2022.



Mikið er búið að afreka á árinu og allt uppávið. Skóflustunga var tekin að nýju æfingaskýli í janúar og var það tekið í notkun í byrjun maí. Fjöldi

félagsmanna tók þátt í því. Nýtt ráshús var einnig smíðað og opnað í vor, en nokkrir vaskir menn úr heldri hópi félagsmanna, EldGOS, eiga heiður að byggingu þess. Nýju golfholurnar þrjár voru teknar í notkun við opnun vallar í vor.

Nýtt svæði fyrir stutta spilið var opnað í lok maí. Vetrarstarf klúbbsins gekk vel þrátt fyrir hömlur vegna Covid-19. Samningur við Árborg var undirritaður í byrjun árs, um áframhaldandi umhirðu íþróttavalla sveitarfélagsins. Skiðagöngubraut var lögð síðasta vetur á vellinum, sem sló í gegn hjá íbúum. Rafmagnsknúin flatarsláttuvél bættist í vélafloata klúbbsins í júlí. Afreksstarf blómstrar og voru Aron Emil, Heiðar Snær og Heiðrún Anna valin í landsliðin og var Heiðrún valin íþróttakona HSK í mars.

Nýr vallerstjóri, Ólafur Dór Steindórsson, var ráðinn nú í haust og mun hann hefja störf í byrjun árs 2023. Var Ólafur boðinn velkominn til starfa og Bjarka, fyrrum vallerstjóra og nú aðstoðarvallerstjóra, þakkað fyrir gott starf. Þessa dagana standa yfir samningaviðræður um endurnýjun samstarfssamnings við Sveitarfélagið Árborg. Fjölgun í klúbbnum hefur verið stöðug uppávið og eru nú 612 kylfingar skráðir í klúbbinn. Mörg og stór eru verkefni framundan, en stefnt er að opnun 18-holu golfvallar árið 2026.

Hlynur Geir Hjartarson framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning golfklúbbsins og fór yfir skýringar

og sundurliðanir hans. Rekstrartekjur voru kr. 102.130.327,- Rekstrargjöld urðu kr. 83.340.390,- Hagnaður ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði varð kr. 4.330.993,-

Kosning tveggja stjórnarmanna til 2ja ára. Í framboði voru þeir Hreinn Þorkelsson, núverandi meðstjórnandi, og Leifur Viðarsson. Þeir voru þeir einu sem buðu sig fram og því sjálfkjörin. Arnóri Inga Hlíðdal þakkað fyrir stjórnarsetu síðustu 2 árin.

Stjórnina skipa Páll Sveinsson formaður, Bjarki Már Magnússon varaformaður, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Hreinn Þorkelsson ritari og meðstjórnendurnir Leifur Viðarsson, Ástfríður M Sigurðardóttir og Magnús J. Magnússon.

Viðurkenningar voru veittar af Páli Sveinssyni varaformanni. Háttvísibikarinn hlaut Leifur Viðarsson. Efnilegasti unglingurinn var kosinn Katrín Embla Hlynisdóttir. Golfkarl ársins er Aron Emil Gunnarsson og golfkona ársins er Heiðrún Anna Hlynisdóttir.

Golfklúbburinn Úthlíð

Enn eitt starfsárið hjá Golfklúbbi Úthlíðar **Golfklúbburinn ÚTHLÍÐ** er nú að liða. Þrátt fyrir að sumarið væri

ekki mjög hlýtt voru margir góðir dagar og mikið spilað á Úthlíðarvelli en kannski ekki eins mikið og undanfarin tvö sumur þegar COVID ástand olli því að utanlandsferðir Íslendinga voru í lágmarki. Völlurinn kom ágætlega undan vetri og var alveg laus við kal. Opnað var fyrir spilamennsku um miðjan maí þegar völlurinn var orðinn frostlaus.

Nokkrir starfsmenn komu að hirðingu vallarins. Jón Þórðarson sá um brautarslátt eins og undanfarin ár. Eva Petersen sló brautir og annaðist afgreiðslu í golfskála ásamt fleirum. Sigurvin Heiðar Sigurvinsson aðstoðaði við að slá röff og aðra hirðingu. Kunnum við þeim öllum bestu þakki fyrir þeirra framlag.

Um 370 félagar voru skráðir í GÚ í skýrslum GSÍ síðasta sumar. Þar af eru um 150 fullgildir félagar. Munurinn, þ.e. um 220 félagar eru aukafélagar þ.e. eru í GÚ til að hafa aðgang að Golfbox en eru ekki með spilarétt á vellinum. Stærstur hluti aukafélaga koma úr golfklúbbi Íslandsbanka. Þá eru, eins og undanfarið, nokkur fyrirtæki og félagasamtök sem eiga sumarhús í Úthlíð og þar í kring með samning um aðgang að vellinum fyrir sína dvalargesti.

Mótahald sumarsins gekk ágætlega og nutum við góðs af nokkrum styrktaraðilum sem hjálpuðu



Hluti af nýliðum GOS 2022.



Keppendur á Vormóti á Úthlíðarvelli.

okkur með stærstu mótin. Margt Smátt styrkti vormótið myndarlega og þar tóku þátt um 60 manns. Sigurvegarar urðu Benedikt Sveinsson Blöndal í karlaflokki og Aníta Pálsdóttir í kvennaflokki.

80 keppendur tóku þátt í miðsumarmótinu í byrjun júlí. Mótinu lauk með veislu og verðlaunaafhendingu um kvöldið í Réttinni þar sem Hlynur Snær trúbadur skemmti fram á nótt. Glæsilegir vinningar komu frá Versus, Reykjavík Spirits, MyCar og Golfsögu. Sigurvegarar urðu afafedgarnir Sveinn Auðunn Sæland og Auðunn Torfi Sæland.

Tveggja daga meistaramót GÚ fór að venju fram um miðjan júlí. Keppt var í 10 flokkum. Klúbbmeistarar 2022 eru Jónas Guðmarsson og Dýrleif Arna Guðmundsdóttir. Þátttaka í meistaramóti var í slakara lagi, náði ekki 40 keppendum. Sama má segja um Geirs goða mótið 2022 fór fram 14. ágúst. Sigurvegarar í högggleik voru Kristinn Sölvi Sigurgeirsson og Guðný Jóna Þórsdóttir. Þau hlutu Geirs goða og Höllubikarana. Sigurvegarar í punktakeppni voru Sigurvin Heiðar Sigurvinsson og Bylgja Valtýsdóttir.

Sumrinu lauk með vel sótttri og skemmtilegri bændaglímu þar sem lið Guðmundar Leifssonar knúði fram sigur á liði Arnars Þráinssonar.

Á næsta ári eru skipulagðar tvær golfferðir fyrir félaga í GÚ. Sú fyrri er í lok apríl til Costa Ballena og Fairplay. Sú seinni í október til Costa Navarino í Grikklandi. Þá á klúbburinn 30 ára afmæli á næsta ári og er fyrirhuguð afmælisveisla 1. júlí samhliða miðsumarsmótinu.

Eftir um 20 ár lét Þorsteinn Sverrisson af formennsku og Sveinn Eyland var kosinn formaður. Ferðapjónustan í Úthlíð hefur fram til þessa álfarið séð um rekstur Úthlíðarvallar og hafa tekjur golfklúbbsins því að mestu leyti runnið til hennar á grundvelli samnings þar um. Þetta fyrirkomulag má alveg endurskoða ef það er vilji klúbbfélaga. Á sama hátt mætti gjarnan taka lög klúbbsins til endurskoðunar, en þau hafa verið lítið breytt frá upphafi og að sumu leiti barn síns tíma.

Undirbúningur er hafin að byggingu vélageymslu á Úthlíðarvelli en það hefur verið bagalegt að hafa ekki aðstöðu til að geyma slátturvélar inni og hefur leitt til meiri bilana og styttri endingar. Þá er í skoðun hjá Ferðapjónustunni að kaupa nýja braturslátturvél þar sem við höfum verið að berjast við bilanir í núverandi vél.

Að lokum þökkum við öllum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu sem er að liða, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum og öðrum sem styrkt hafa klúbbinn t.d. í sambandi við móthald.

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2022 var þannig skipuð: Guðmundur Baldursson formaður, Magnús Ingvason varaformaður, Ingvar Jónsson ritari, Magnús Joachim Guðmundsson gjaldkeri, Þórunn Jónsdóttir meðstjórnandi, Ásta Júlía Jónsdóttir og Gústaf Ingvi Tryggvason varamenn.

Árið 2022 var okkur nokkuð gott þó veðrið hafi ekki verið neitt sélega hliðholtt til golfiðkunar.

Talsvert mikil aðsókn var á völinn og þá sérstaklega á vormánuðum. Með breyttum og betri velli hefur ásókn í að koma og leika völinn aukist verulega. Völlurinn er orðinn betri og skemmtilegri, sandur á brautum heyrir sögunni til að miklu leiti. Þá má ekki gleyma því að Þorláksvöllur er sá völlur sem lengst er opin árlega, og ákveðin forréttindi að geta spilað á völinum að jafnaði sjö til átta mánuði á ári eða lengur. Þetta er nánast eini völlur landsins sem er með opið inn á sumargreen allt árið.

Á árinu var áfram unnið við nýframkvæmdir á völinum, til að aðlagja hann að þeirri heildarbreytingu sem unnið er að. Byggðir voru upp nokkrir nýir rauðir teigar og sett var vökvunarkerfi í teiga.

Skráðir félagar í Golfklúbbi Þorlákshafnar voru um áramótið 635, 394 félagar og 241 aukaaðili. Í heild er



þetta nánast á pari við fyrra ár eða fjölgun um samtals átta.

Unglingastarfið í sumar var í umsjá Ingvars Jónssonar formanns unglinganefndar klúbbsins og Arnórs Snæs Guðmundssonar leiðbeinanda. Tímabil unglingastarfsins hófst mánudaginn 17. maí og stóð til 13. júlí. Þjálfað var í þremur hópum, 1. - 2. bekk, 3. - 4. bekk og 5. - 10. bekk. Þátttakan og áhuginn í sumar var mikill og horfum við til þess að komast í innanhúss aðstöðu eins fljótt og hægt er til að geta haldið úti æfingum yfir vetrartímann. Þetta er eina íþróttagreinin í sveitarfélaginu sem ekki hefur aðstöðu til æfinga og iðkunar þann tíma. Mikil ánægja var með æfingarnar bæði hjá foreldrum og iðkendum.

Kvennastarf GP undir stjórn Elínar og Ástu Júlíu gekk vel. Sumarstarfið hófst eins og alltaf á námskeiði hjá Ingvari. Í sumar spilaði hópur kvenna saman kl.18:00 á miðvikudögum. Svipaður fjöldi var í hópnum og árið á undan. Að þessu sinni var ekki farið heimsókn á aðra velli eins og gert hefur verið undanfarin sumur.

Hið árlega Black Sands open mót var haldið hjá okkur 1. maí og var þátttaka góð. Þó nokkur fyrirtækja- og klúbbamót voru haldin á árinu og heppnuðust þau yfirleitt mjög vel. Innanfélagsmót voru 10 talsins og voru þau með svipuðu sniði og undanfarin ár, frekar dræm þátttaka var í þessum mótum. Meistaramótið var haldið í byrjun júlí, keppt var í fjórum flokkum karla og tveimur flokkum kvenna. Helgi Róbert Þórisson varð klúbbmeistari karla og Kolbrún Stefánsdóttir klúbbmeistari kvenna. Í lok meistaramóts var snæddur kvöldverður þar sem verðlaunaafhending fór fram. Golfsveit GP keppti á Íslandsmóti golfklúbba 4 deild, sem haldið var hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar 12. til 14. ágúst. Strákarnir stóðu sig eins og alltaf áður með miklum sóma.

Aðalfundur GP vegna ársins 2022 var haldinn 19. janúar s.l. og var mæting á fundinn þökkaleg. Fjárhagsleg afkoma á árinu var nokkuð góð, í takt við áætlanir. Við getum verið sátt með árangurinn þegar tekið er mið af öllum þeim framkvæmdum sem unnið er að.

Stjórn GP þakkar starfsfólki, félögum og öllum öðrum fyrir ánægjulegt starfsár.



Kýlfingar á Þorláksvelli.

Golfklúbburinn Þverá

Aðalfundur var haldinn á Hellishólum 29. október 2022. Víðir Jóhannsson sem verið hefur formaður undanfarin ár gaf ekki kost á sér til endurkjörs í það embætti. Á aðalfundinum var rætt um að gera netsíðu fyrir golfklúbbinn. Þá var rætt um ýmsar fjárfundunarleiðir, s.s. auglýsingar á skilti, auglýsingar á golfbílum og halda fjárfundunarmót.

Stjórn félagsins skipa: Ragnar Arnþórsson formaður, Rúnar Garðarsson meðstjórnandi, Anton Smári Rúnarsson mótsstjóri, Baldur Baldursson, Magnús Már Vilhjálmsson og Guðlaugur Sigurðarson vallarnefnd, Víðir Jóhannsson gjaldkeri og Hólmfríður Jónsdóttir ritari.



Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn í golfskála GÖ laugardaginn 3. desember 2022 að viðstöddum tæplega 50 félögum auk þess sem 28 félagar streymdu fundinum. Félagar í GÖ voru um 690 um áramót.



Helstu tölur úr rekstrarreikningi. Rekstrartekjur: kr. 76.825.027 samanborið við 69.504.757 árið 2021. Rekstrargjöld: kr. 71.263.890 samanborið við 56.528.335 árið 2021. Rekstrarhagnaður kr. 5.561.137 samanborið við 12.976.422 árið 2021.

Árgjöld án afsláttar, voru samþykkt kr. 92.000 auk þess sem fundurinn samþykkti skálagjald kr. 7.000. Spilaðir hringir á árinu voru um 19.000 og jukust enn og aftur enda golfsumarið langt að þessu sinni.

Starfsmenn í fullu starfi eru Sveinn Steindórsson framkvæmdarstjóri, Ólafur Dór Steindórsson, vallarstjóri sem lét af störfum á haustmánuðum, Friðrik Guðmundsson og Gunnar Marel Einarsson.

Stjórn GÖ 2022 var skipuð eftirfarandi: Knútur G. Hauksson formaður, Guðmundur Pálmason varaformaður, Brynjar Stefánsson ritari, Guðlaug Þorgeirsdóttir gjaldkeri og Hannes Björnsson meðstjórnandi. Varamenn eru Aðalsteinn Steinþórsson og Sigríður Björnsdóttir.

Hestamannafélagið Geysis

Aðalfundur Geysis 2022 fyrir árið 2021 var haldinn 2. mars 2022. Nýir stjórnarmenn voru kosnir inn og er ný stjórn skipuð eftirfarandi félagsmönnum, formaður Ólafur Þórisson, varaformaður Lárus Jóhann Guðmundsson, gjaldkeri Árný Hrunn Svavarsdóttir, ritari Dórothea Oddsdóttir og meðstjórnandi Marta Gunnarsdóttir. Varamenn eru þeir Hlynur Guðmundsson og Þorbjörn Hreinn Matthíasson.



Starf Geysis er loksins komið í sitt rétta horf. Eftir allt sem samfélagið hefur gengið í gegnum undanfarin ár með frestunum og aflysingum á fjölda viðburða og þar fram eftir götunum. Við höfum sloppið mjög vel frá þessu miðað við fjölda annarra íþróttar og viðburða sem fara fram í samfélaginu okkar á hverju ári.

Uppsakeruhátíð Geysis var haldin í apríl og var þar farið yfir árangur og starf æskulýðsnefndar 2021. Verðlaunuð voru börn og unglingar sem stóðu sig vel á keppnisvælinum 2021 ásamt því að allir sem tóku þátt í æskulýðsstarfi Geysis 2021 fengu viðurkenningu.

Reiðnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmennt fóru af stað í byrjun febrúar og voru þau vel sótt að



Púttað á 18. flöt á Öndverðarnessvelli.



Sigurður Steingrímsson á Hátíð frá Forsæti II, sigurvegari í unglingflokki á LM2022 á Hellu í sumar.

venju. Haldin voru námskeið í Skeiðvangi á Hvolsvelli, Rangárhöllinni á Hellu og Skeiðvöllum í Rangárfingi ytra.

Viðbót við þessi venjulegu reiðnámskeið sem fara fram vikulega í 12 vikur á hverjum vetri var einnig í gangi keppnishópur með keppni í hestaíþróttum að markmiði, bæði íþróttakeppni og gæðingakeppni. Einnig hefur Teresa verið með reiðnámskeið á Hellu fyrir þá einstaklinga sem ekki hafa aðgang að hestum.

Æskulýðssýning Geysis var haldin 1. maí með mikilli eftirvæntingu og tókst frábærlega. Öll börn, unglingar og ungmennt sem tóku þátt í starfi Geysis koma saman og taka þátt í þessari frábæru hestasýningu til að sýna afrakstur vetrarins.

Æskulýðsreiðtúr var farinn í byrjun júní og var riðið niður á fjöru í Miðkoti og var fin mæting.

Ævintýraferð Geysis var farin um miðjan júní og var riðið frá Velli í Hvolhreppi og að Fossi á Rangárvöllum þar sem var gíst í eina nótt. Tæplega 20 börn voru með í þessari ferð. Er þetta í annað skiptið sem farið er í þessa ferð og tókst þessi ferð frábærlega eins og í fyrra.

Mikil þátttaka var í úrtöku fyrir Landsmót sem

haldið var á Hellu í sumar 2022. Geysir sendi fjöldann allan af þátttakendum í hvern aldursflokk.

Í barnaflokki náðu fimm knapar í topp 30 og þrír af þeim í B-úrslit – 10. sæti, 12. sæti og 13. sæti og tveir knapar í A-úrslit – 2. sæti og 3. sæti. Í unglingaflokki náðu átta knapar í topp 30 og einn af þeim í B-úrslit – 10. sæti og þrír knapar í A-úrslit – 8. sæti, 4. sæti og svo 1. sæti. Í ungmennaflokki náðu 3 knapar í topp 30 og einn af þeim í A-úrslit – 4. sæti. Í B-flokki náðu 5 hestar í topp 30 og tveir af þeim í B-úrslit – 11. sæti og 14. sæti. Í A-flokki náðu 3 hestar í topp 30 og tveir af þeim í A-úrslit – 6. sæti og 7. sæti.

Sumarnámskeiðin tókust vel og var góð mæting í þau. Þar læra börnin og unglingarnir að umgangast hestinn og fara í útreiðartúra. Það er töluverður munur að vera með hest að vetri til á húsi eða að sumri til úti í haga og þá farið í lengri reiðtúra, sundriðið og farið niður á fjöru.

Annað mótahald hjá Geysir hefur tekist vel og hefur þátttaka aukist á vormótinu hjá Geysi, en Suðurlandsmótin voru með frekar fáum þátttakendum núna í sumar. Má ætla að Landsmótið og svo Íslandsmót fullorðna og Ungmenna á Hellu hafi átt sinn þátt í því, þar sem þétt dagskrá allt sumarið hafi dregið úr löngun knapa til að keppa.

Annað starf Geysis hefur verið nokkuð gott. Reiðvegagám í flottum farvegi og búið að bæta aðgengi hestamanna á okkar svæði með uppsetningu áningarhólfa til að auðvelda þeim sem ferðast á hestum að stoppa og skipta um hesta.

Nú á haustdögum er verið að vinna í undirbúningi næsta starfsárs, endurnýja nefndir og halda uppskeruhátíð og fleira sem tilheyrir haustinu.

Hestamannafélagið Jökull

Starfið hjá hinu nýja hestamannafélagi hefur verið umfangsmikið undanfarið árið. Árið 2022 byrjaði með námskeiðahaldi fyrir börn og fullorðna. Í febrúar fór hin árlega Uppsveitadeild af stað en í henni eru þrjú keppniskvöld þar sem keppt er í fjórgangi, fimmgangi, tölta og skeiði.

Snemma á árinu fór félagið af stað með þá vinnu að sækja um styrki til sveitarfélaganna fjögurra sem félagið er í. Þau eru Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafingshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Félagið sótti um umtalsverðan fastan styrk sem er árlegur til næstu fimm ára. Öll





Ungir verðlaunahafar á Gæðingamóti Jökuls.

sveitarfélögin samþykktu einróma og er stjórnin auðmjúk og þakklát fyrir góðar undirtektir.

Þann 3. mars var haldinn aðalfundur þar sem kosið var um nafn og fékk félagið sem fram að þessu hafði verið kallað Hestamannafélag Uppsveitanna sitt endanlega nafn. Kosið var úr sjö tillögum og endaði á að nafnið Jökull fékk flest atkvæði. Heitir því félagið hér eftir Hestamannafélagið Jökull.

Sumarið er tíminn sem hestamennskan blómstrar og hestamenn uppskera. Félagsmenn fóru og kepptu á Landsmóti á Helli í júlí. Árangurinn var með miklum ágætum. Einnig fóru margir og horfðu á í styttri eða lengri tíma.

Í júlí höldum við okkar stóra árlega Gæðingamót á Flúðum. Skráningarnar á mótið voru um 270 sem gerir þetta að stærsta Gæðingamóti ársins að undanskyldu Landsmóti. Gleðin ræður ríkjum á þessu árlega móti og allir nutu þess að vera í blíðunni sem lék við okkur alla mótsdaga núna.

Farnir voru skemmtilegir kvöldreiðtúrar á vegum félagsins. Hittist þá fólk á fyrirfram ákveðnum stað og var riðið í 2-3 klst undir leiðsögn. Þetta er komið til að vera og búið að skipuleggja fleiri slíka næsta sumar. Einnig var farinn langur félagsreiðtúr sem byrjaði í Árnesi í austurluta svæðisins og riðið á nokkrum dögum vestur yfir starfssvæðið og endað á Vallarmóti á Laugarvatnsvöllum. Mæltist þetta vel fyrir.

Í nóvember var síðan haldinn stór haustfundur með stjórnun og nefndum á vegum félagsins og vetrarstarfið skipulagt. Seinna sama dag höldum við okkar fyrstu árhátíð í Árnesi og mættu þar rúmlega 100 manns og skemmtu sér vel saman.

Um mánaðarmótið nóv-des voru haldnir tveir skemmtilegir viðburðir. Þetta var annarsvegar sýnikennsla með Jakobi Svavari Sigurðssyni og Helgu Unu Björnsdóttur og svo var líka fyrirlesturinn "Afhverju förum við með hross í kynbótadóm?" þar sem Gísli Guðjónsson kynbótadómari var með mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi.

Hestamannafélagið Ljúfur

Aðalfundur Ljúfs var haldinn 17. febrúar 2022. Stjórn félagsins skipa Ragnhildur Gísladóttir formaður, Erla Björk Tryggvadóttir varaformaður, Cora Jovanna Claas gjaldkeri, Þórunn Bjarnadóttir ritari og Snævar Freyr Sigtryggsson meðstjórnandi. Fjöldi félagsmanna Ljúfs árið 2022 er 171.



Mikil aukning hefur verið í Hestamannafélaginu Ljúfi undanfarin þrjú ár og er komið nýtt og skemmtilegt andrúmsloft í félagið. Hesthúshaverfið við Vorsabæjarvelli hefur lifnað við með nýjum og yngri félögum sem þar stunda reiðmennsku allt árið um kring. Hesthúsaeygndur í hverfinu hafa verið í átaki við að fegra hverfið og vonandi fáum við fljótlega inni aðstöðu til þess að geta haldið námskeið allt árið um kring án þess að þurfa að ferja hesta í aðrar reiðhallir.

Pollanámskeið fyrir yngstu börnin í mars, Áseta og Árangur - námskeið fyrir börn og unglinga í apríl, Sumarnámskeið Ljúfs fyrir börn fædd 2009 - 2015 í júní. Páskamót Ljúfs í reiðhöll Eldhesta. Skemmtilegt tólmót með 25 keppendum. Páskabingó í reiðhöll Eldhesta. Paránámskeið fyrir fullorðna í apríl og maí. Æskulýðsdagur Ljúfs í maí. Reiðnámskeið, grill og fjör. 17. júní heiðursreið í skrudgöngu ásamt því að teyma undir börnum í lystigarðinum. Firmamót Ljúfs 9. júní á hringvellingum að Vorsabæjarvöllum. Landsmót LH. Þrjár stúlkur fengu keppnisrétt á landsmóti í barnaflokk. Þær kepptu svo á landsmótinu í júlí þar sem þær stóðu sig með þrýði. Bókleg Knapamerkjanámskeið 1 og 2 voru haldin í nóvember og desember.

Vinna við reiðveg sem liggur á milli Varmár og Þorlákshafnarvegs hófst í byrjun árs og kláraðist í lok

árs. Þar með náðist að klára reiðhringinn í kringum Hveragerðisbæ. Vinna hefur verið lögð í að tryggja að sett verði göng fyrir reiðmenn undir nýjan þjóðveg á milli Hveragerðis og Selfoss ásamt tengingum við reiðveg.

Nýting beitarhólfa við hesthúshaverfi Ljúfs hefur ekki verið jafn mikil síðustu fimm árin og félagsmenn voru duglegir að hreyfa hesta sína í sumar.

Mikil aðsókn ferðamanna í Reykjadal veldur því að félagið þarf að tryggja öryggi hestamanna og í því felst að huga vel að reiðleiðum og að hindra bílaumferð ferðamanna inn á félagssvæðið.

Unnið er að því að setja upp raflýsingu í hesthúshaverfinu í samvinnu við Hveragerðisbæ.

Stofnuð var reiðhallarnefnd sem vinnur að því að skipuleggja byggingu reiðhallar að Vorsabæjarvöllum. Slík aðstaða mun umbreyta starfi félagsins og það er mikilvægt að halda því starfi áfram.

Hestamannafélagið Sleipnir

Starfsárið hófst í rölegheitum en enn voru Covid takmarkanir og um 20 þúsund manns í sóttkví. Kynningarfundur Æskulýðsnefndar var þó haldinn með þeim takmörkum sem í gildi voru og kynnt námskeið vetrarins sem og tekið á móti skráningum. Í fyrstu viku febrúar var haldið 1. vetrarmót Sleipnis-Byko /Furufliðar og áhorfendur leyfðir í bílum sínum. Þórrareið / þórrablóti var hins vegar frestað. Verkefnið Félagshús Sleipnis sem keyrt var til prufu 2021 var fest í sessi og byrjaði aftur í febrúar af fullum krafti. Félagið tók á leigu 22ja hesta hús fyrir starfseminu og naut þar stuðnings bæjarfélagsins. Sem áður hefur verið sagt er það ætlað til að stuðla að nýliðun og að gefa öllum börnum og unglingum tækifæri á að stunda hestaþróttir allt árið.

Stefnumótunarfundur var haldinn 14. febrúar þar sem lagðar voru línur fyrir störf stjórnar og nefnda næstu 2 árin.

Aðalfundur Sleipnis var haldinn 9. mars, þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf og kosning til stjórnar. Öllum sóttvarnartakmörkum var síðan aflétt 25. mars og óheft starf gat hafist aftur. Í mars og apríl voru svo 2. vetrarmót Sleipnis og námskeið Æskulýðsnefndar komin á fullt skrið, 3. vetrarmót Sleipnis, Páskatólmót, Skírdagsreið, Kvinnakvöld Sleipnis og skráningar á vörnámskeið.



Ljúfsfélagar í skrudgöngu 17. júní 2022.

Teymt var undir börnum í Árborg þann 1. maí skv. venju, kvennareidúttur og tiltektar/umhverfisdagur Sleipnis á félagssvæðinu fylgdu svo í kjölfarið. Mikil vinna við endurbætur á keppnissvæði og völlum félagsins á Brávöllum var framkvæmd af félagsmönnum í sjálfböðavinnu. Fyrstu skeiðleikar Skeiðfélagsins voru haldnir 18. maí og opið WR-íþróttamót Sleipnis frá 19.-22. maí. Hinn árlegi viðburður æskulýðsnefndar „Hestaför Sleipnis“ var haldinn 26. maí í Sleipnishöllinni og aðgangur öllum opin.

Sumarskóli Sleipnis fór af stað í byrjun júní og var rekinn fram í ágúst. Mikil aðsókn var að venju en þarna er öllum börnum í Árborg gefinn kostur á að koma á reiðnámskeiði við hæfi. Gæðingamót Sleipnis var haldið 3.-5. júní og 2. skeiðleikar Skeiðfélagsins í framhaldinu. Kynbótasýningar voru haldnar 13.-16. júní í fyrsta skipti í langan tíma og tókust með afbrigðum vel. Sumarferð Sleipnis 2022 var farin dagana 16.-18. júní þar sem riðið var um þjóðgarðinn. Uppselt var í ferðina sem tókst með miklum ágætum. Í júlí var seinni kynbótasýning ársins frá 25.-29. og síðsumarreið Sleipnis fór fram seinni hluta ágústmánaðar.

Félagshesthús Sleipnis byrjaði svo aftur í septemberbyrjun og voru öll pláss nýtt.

Uppskeruhátíð Sleipnis var haldin 22. nóvember í Hvíta húsinu og tókst vel. Tilnefndur var félagi ársins, heiðursfélagar útnefndir og afreksknöpum Sleipnis veittar viðurkenningar.

Sleipnir á tvo Íslandsmeistarar 2022 og einn knapa í 3. sæti B flokks á Landsmóti sem haldið var í sumar. Félagið átti jafnframt tvo knapa í landsliði fullorðinna og tvo knapa í landsliði ungmenna. Framkvæmdir innanhúss í Hliðskjálfi, félagheimili Sleipnis, héldu áfram sem og endurnýjun innanstokksmuna og er áætlað að framkvæmdalok verði í janúarlök 2023.

Fundir voru haldnir í nóvember með öllum nefndum félagsins þar sem farið var yfir starf ársins, skipan nefndanna og dagskrá 2023.

Í stjórn félagsins 2022 eru Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður, Anna Björg Nielsdóttir, varaformaður, Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, ritari, Unnur Edda Jónsdóttir, gjaldkeri og Solveig Pálmadóttir. Varastjórn skipa Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir og Magnús Stephensen Magnússon.

Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 4. mars 2022. Stjórn félagsins er þannig skipuð: Formaður: Sigurður Kristján Jenson, Gjaldkeri: Christiane Bahner. Ritari: Esther Sigurpáldóttir Meðstjórnendur: Ólafur Elí Magnússon og Oddný Steina Valsdóttir. Varamaður: Ragnar Jóhannsson. Fulltrúar unga fólksins: Veigar Páll Karelsson og Tumi Snær Tómasson. Árið fór hægt af stað en hélt stöðugt seinni hlutann. Mót hafa verið sótt og gengið nokkuð vel þá sérstaklega í frjálsum þar sem mörg verðlaun hafa verið unnin. Félagið býður upp á fjölmargar greinar fyrir yngri iðkendur 6 til 15 ára, íþróttaskóla fyrir leikskólaaldur. Einnig er Ringo spilað alla föstudaga fyrir 16 ára og eldri og meistaraflokkur kvenna í blaki fóru upp um deild og urðu þær HSK meistarar á árinu. Félagið hefur fjölgað æfingum mikið og endurnýjaði fyrirmyndafélag ÍSÍ á árinu.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn að Laugalandi 10. mars og var góð mæting á fundinn þar sem venjuleg



Ungir Sleipnisfélagar á námskeiði við félagshús Sleipnis.



Iðkendur íþróttafélagsins Dímonar á glímumóti sem haldið var í íþróttahúsinu Hvolsvelli.



Garparnir Esja Sigríður, Sýlvía Sif, Svanborg, Steindórr Orrí, Sumarliði og Vikar Reyrr skipuðu skólahreytildið Laugalandsskóla 2022.

aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar fóru fram. Síðan hefur skapast sú skemmtilega hefð að bjóða upp á pizzur í lok fundar sem hefur verið vel þegið. Þær breytingar urðu á stjórn félagsins að Árni Pálsson lét af störfum og gekk Ólafur Brynjar Ásgeirsson í stjórn. Í stjórn Garps til næsta aðalfundar eru Nanna Jónsdóttir formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri, Ólafur Brynjar Ásgeirsson ritari, Árbjörg Sunna Markúsdóttir fyrsti varamaður og Veigar Þór Viðisson annar varamaður og fulltrúi yngri iðkenda.

Boðið var upp á æfingar í skólahreytsti, frjálsum íþróttum, körfubolta, handbolta, borðtennis, sundi og síðan var boðið upp á leikjánaðmskeið yfir sumartímann. Fyrri hluti ársins lítaðist af COVID-19, sem hafði áhrif á æfingar og keppni hjá okkur eins og öðrum. Samstarf milli Garps, Dímonar og Heklu um keppnisliði í körfubolta hjá elstu krökkunum hélt uppteknum hætti og gekk mjög vel. Ásamt sameiginlega liðinu í körfubolta voru sótt á árinu mót í borðtennis og frjálsum íþróttum, þátttakendur og þjálfara voru félaginu til fyrirmyndar og árangur góður. Garpur og Hekla héldu úti sameiginlegum æfingum fyrir eldri iðkendur og ákveðið var að slást í för með UMFS og fara í keppnisferð til Gautaborgar undir fararstjórn UMFS. Iðkendur Garps og Heklu voru duglegir að safna fyrir ferðinni og hittust meðal annars vikulega og flokkuðu dósir allan veturinn frá almennum íbúum og Hótel Rangá, eru þeim færðar

bestu þakkir fyrir stuðninginn. Einnig fengu iðkendur Garps og Heklu fjárstyrk upp í kostnað á ferðinni frá Margrétarhofi, Þjótanda og Reykjagarði. Það er klárlega ómetanlegt að geta leitað til fyrirtækja á svæðinu þegar mikið liggur við og eru fyrirtækjunum Margrétarhofi, Þjótanda og Reykjagarði færðar hjartans þakkir fyrir stuðninginn. Þjálfurum og UMFS færum við einnig góðar þakkir fyrir faglegt og gott utnumhald á ferðinni í alla staði.

Nýmæli var hjá Garpi að bjóða upp á handboltaæfingar en mikil eftirspurn hefur verið um að koma á laggirnar handboltaæfingum hjá félaginu og í tilefni af því að þetta var þrítugasta starfsár félagsins þá fjárfesti félagið einnig í þeim búnaði sem þurfti til þ.e.s. fjórum handboltamörkum og mikið af handboltum með von um að handboltaæfingar séu komnar til að vera hjá félaginu. Jafnframt ákvað stjórn í tilefni að þrítugasta starfsárinu að afleggja farandbikarnum og kaupa tvo nýja sem verða veitir fyrir annars vegar besta árangur stúlkna og hins vegar besta árangur drengja. Einnig var bætt við verðlaunum fyrir góða ástundun eftir kynjum í flestum deildum en þær æfingar sem eru með yngri iðkendur veita öllum iðkendum viðurkenningu að vori í lok æfingatímabilsins.

Gaman er að segja frá því að gólfíð í íþróttahúsinu á Laugalandi var endurnýjað sem seinkaði aðeins hvenær hægt var að byrja haustönnina

en endurnýjun á gólfinu var langþráður draumur iðkenda og þjálfara því algjörlega ómaksins virði að biðja eftir. Fjárstuðningur frá sveitarfélögunum á starfssvæði Garps var samkvæmt samningum sem er gríðarlega mikils virði til að halda úti starfinu. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasófnun til styrktar félaginu og eru honum færðar hjartans þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi Garps og í þágu umhverfisins.

Starfsárið litaðist af COVID-19 faraldrinum að hluta en var þrátt fyrir það viðburðaríkt og skemmtilegt.

Íþróttafélagið Gnýr

Íþróttafélagið er með ýmislegt, hér er það helsta.

6. janúar þrettándagleði varð að flugeldasýningu og skotið upp frá Stóra Ási. 19. janúar fengum afhent lyftingastöng, lóð, dýnu, bolta og ýmislegt vegna (Rannís), verkefnið hét Kraftur 2.



25. janúar Boccia var æft einu sinni, stundum tvisvar í viku í janúar, febrúar og mars og aftur 11. ágúst til 17. desember. Í mars var Bocciamót milli liðsfélaga í Gný og starfsmanna. Starfsmenn unnu aftur. Leikfélag Sólheima frumsýndi Dýrin í Hálsaskógi á sumardaginn fyrsta að venju, fullt var á allar sýningar. Um 30 sem taka þátt.

Göngustígagerð hélt áfram um svokallaðan flóðahring 2.7 km hringur um Sólheima. Lionsklúbburinn Ægir afhenti í maí formlega tvö mögnuð tæki til að hjóla og handstyrkingar, tengjanlegt myndum og hjólaleiðum.

Í júní fóru allir íbúar Sólheima í dagsferð í Skátamiðstöðina Úlfjótssvatni. Leiðsögn, leikir, samvera, grill og gaman. Víkingabátur heimatilbúinn, settur á leiksvæði barna við trampolínið, vinsæla.

17. júní; Sólheimaskátar fánaberar og heiðursvörður á hátíðarhöldum GOGG.

Hjóláttak 2022 undirbúið. 15 hjól, sem fundust aftur á Sólheimum, gerð upp og settút fyrir alla sem vildu og gátu notað að vild. Nokkur hjólaanna eru kominn inn aftur til að lagfæringar fyrir sumarið 2023, hjá Hjólreiðaverkstæði Leós hér á Sólheimum. Menningarveisla og afmælis hátíð hófst og stóð í tvo mánuði, gestafjöldi fór fram úr öllum væntingum. Íbúum í Grímsnes- og Grafningshreppi var boðið sérstaklega í heimsókn. Félögum í Lionsklúbbnum Ægi var boðið í heimsókn og skoðunarferð um staðinn.

26. ágúst; Regnbogaganga Sólheima gengin hringur og endað á Péturstorgi með D.J. G.G.

10. september; Norðurlandamót skátasafna haldið á Sólheimum, mikill heiður og allt gekk vel.

22. september; Heilsueflandi samfélag. Fastar gönguferðir 2,7 km um Flóðahring vikulega kynnt sérstaklega í sveitarfélaginu til að fá fleiri að ganga sér til heilsubótar.

15. september; Íþróttafélagið Gnýr með heilsuáttak í tækjasal Sólheima.

23. september; SvartaPétursmótið 2022. Berglind Hrafnkelsdóttir vann, sem er magnað en hún sigraði líka árið 1993 þá búsett á Selfossi.

24. september; Sólheimahlaupið og framfarabíkar Frískra Flóamanna hlaut Berglind Hrafnkelsdóttir sigraði með yfirburðum bikarinn góða fyrir miklar framfarir, seiglu og kraft á gönguæfingum.

15. október; Íslandsmeistaramót ÍF í einstaklingskeppni í Reykjanesbæ, mjög gaman að hitta alla vinina. Bingó var þriðja hvern föstudag í beinni útsendingu frá Úps Útvarpi Sólheima.

Sólheimakirkja. Kirkjubjöllur hringdu eins og áður fallega og í takt án breytinga en messuhald hefur verið með minna móti árið 2022, okkur vantar nefnilega prest!



Nokkrir vaskir íþróttakappar að hita upp fyrir bocciaæfingu hjá Gný.

Sundlaug Sólheima verður vonandi opnuð aftur fyrir 5. júlí 2023.

17. október; Kvöldvaka hjá Fossbúum í Sunnulaekjaskóla, ein skemmtilegasta kvöldvaka hingað til, við í skátafélagi Sólheima komum heim hlæjandi og þreytt eftir þetta.

30. október; Vísitása biskups Íslands var í Sólheimakirkju.

2. nóvember; 110 ára afmæli skáta og 100 ára afmæli kvennskáta á Íslandi haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur Skátafélag Sólheima mætti og skemmti sér vel.

Bocciamót milli starfsmanna og Íþróttafélagsins Gnýs. Átta lið kepptu og Íþróttafélagið Gnýr sigraði loks með töluverðum yfirburðum, já æfingin skapar meistaran.

Starfsmenn og Íþróttafélagið Gnýr héldu jólamót 15. desember og aftur unnum við í Gný.

Svo átti síðasta HSK mót ársins í Boccia að vera á Selfossi 17. desember, en var því miður fellt niður vegna fannfergis. En nokkuð gott ár 2022.

Íþróttafélagið Hamar

Starfandi stjórn frá aðalfundi 15.3.2022: Þórhallur Einisson formaður, Íris Brá Svavarsdóttir gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari, María Rún Þorsteinsdóttir og Þorsteinn T. Ragnarsson meðstjórnendur.



Karlalið Hamars í blaki fagnar Íslandsmeistaratitlinum á heimavelli í Hveragerði.

Skyndilegar og óvæntar breytingar urðu á stjórn félagsins í byrjun sumars þegar formaður og gjaldkeri félagsins sögðu af sér. Við tók erftitt og skritið tímabil þar sem töluverð óvissa ríkti og gerir í raun enn um hvað ætti til bragðs að taka þar sem lagaheimildir skorti algerlega til að bregðast við málum sem þessum. Ákvað því löskuð stjórn að leita til ÍSÍ og HSK til ráðlegginga og var það mat þeirra að stjórnin væri starfhæf þó fámenn væri. Var hún þannig skipuð fram að auka-aðalfundi sem formaður HSK hvatti stjórn til að halda þó engar heimildir í lögum væru fyrir slíkum fundi. Voru þær Guðjóna Björk Sigurðardóttir og Silja Runólfssdóttir sem starfað höfðu samhlíða stjórn frá því um haustið kjörnar í stjórn.

Starfandi stjórn frá auka-aðalfundi 9.10.2022: Silja Runólfssdóttir formaður, Guðjóna Björk Sigurðardóttir gjaldkeri, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari, María Rún Þorsteinsdóttir og Þorsteinn T. Ragnarsson meðstjórnendur.

Árið 2022 var að mörgu leiti mjög erftitt ár fyrir Íþróttafélagið Hamar. Eins og alþjóð veit misstum við mestan hluta íþróttaaðstöðu félagsins í óveðri í febrúar og hefur það verið vandasamt verk að halda úti starfsemi félagsins í þessu ástandi. Stjórn Hamars



hefur þurft að vinna mikla vinnu til aðstoðar flestum deildum til að geta boðið upp á óskerta þjónustu, sem alltaf var markmiðið og hefur gengið að mestu leyti afskaplega vel. Það sannaðist enn og aftur að þegar verst fer þá standur fólk best saman.

Samvinna milli deilda hefur aukist til muna og allir, stjórnarlíðar, þjálfarar og foreldrar, hafa unnið þrekvirki við að halda starfinu úti við þessar aðstæður en það hefur gengið.

Stjórn Hamars setti á laggirnar fjölgreinauverkefnið Áfram Hamar þar sem 6-7 ára iðkendur stendur til boða að æfa allar íþróttir sem félagið hefur upp á að bjóða fyrir eitt verð einu sinni í viku. Börnin geta því æft fimm daga vikunnar í klukkutíma í senn mismunandi greinar. Verkefnið hefur nú gengið eina önn, frá hausti að áramótum og er óhætt að segja að það hafi tekið ofboðslega vel þó enn sé þetta í þróunar og lærdómsferli. Foreldrar hafa tekið þessu vel og hefur orðið umtalsverð umstokkun á dreifingu iðkenda eftir íþróttagreinum. Fámennu deildirnar hafa blómstrað í þessu verkefni og hafa aldrei fleiri æft, sund, badminton eða blak í þessum aldursflokki frá upphafi.

Árið 2023 verður að líkindum svipað árinu á undan og þarf allt Hamarsfólk að snúa bókum saman og halda starfinu sem best úti og koma í veg fyrir frekari fækkun iðkenda en árið 2022 varð hátt í 20% fækkun og er það fyrst og fremst aðstöðuleysi um að kenna.

Íþróttafélagið Mímir

Aðalfundur félagsins

árið 2022 var 18. janúar.

Núverandi stjórnendur eru

íþróttformennirnir Ragnar

Dagur Hjaltason og Kjartan

Helgason. Í hverri viku er boðið upp á íþróttatíma

fjórum sinnum í viku, mánudaga til fimmtudaga

fyrir nemendur skólans þar sem keppt er og leikið

sér í allskyns íþróttum og hreyfingu. Einnig er einu

sinni í mánuði haldin keppni í ákveðni íþrótt á milli

bekkja skólans. Við sjáum líka um Dolluna sem er

íþróttakeppnisbraut, Þórsmótið sem er gömul hefð

og er viku löng íþróttakeppni milli bekkja, ML tröllið

og ML skessan sem er kraftlyftingakeppni.



Íþróttafélagið Suðra

Aðalfundur félagsins var haldinn í

Selinu þann 31. maí 2022. Sitjandi

stjórn, Ófeigur Ágúst Leifsson

formaður, Aðalbjörg Skúladóttir

gjaldkeri, Þórdís Bjarnadóttir ritari,

María Sigurjónsdóttir og Guðrún

Lilja Hermannsdóttir meðstjórnendur.

Æfingar voru í sundi, boccia, golfi, lyftingum,

taekwondo og fótbolta.

Boccia; Íslandsmót í liðakeppni á Akureyri,

vinamót í Vestmannaeyjum, Íslandsmót í

einstaklingskeppni í Reykjanesbæ þar sem okkar fólk

stóð sig með stakri þrýði eins og alltaf. Svo stóð til að

vera með HSK mót í boccia í desember en þurftum

við að aflysa því samdægurs vegna veðurs.

Golf; HSK mót í golfi var haldið sumarið 2022.

Um vorið sendum við fjóra leikmenn til Kolding í

Danmörku á Sportfestival Special Olympics.

Lyftingar; Íslandsmót í lyftingum haldið á Selfossi

14. maí. Tveir iðkendur fóru í haust til Viborg í

Danmörku og kepptu í lyftingum á EM sem Kraftur

skipulagið.

Ekkert mót var haldið í taekwondo og fótbolta.

Áttum góðan fund með fulltrúa Árborgar.

Fjölgun á íbúum í Árborg hefur í för með sér fjölgun

einstaklingum sem vilja taka þátt í íþróttastarfi

fatlaðra sem er frábært. Það sem okkur í Suðra



Frá Þórsmóti Mímis í körfuknattleik.

skortir til að geta veitt æfingar sem hæfa öllum aldri er húsnæði, þjálfarar og síðast en ekki síst fólk til að vinna með okkur í stjórn. Hendi því hér með út í „cosmoið“ og vona að á nýju ári fylkist til okkar fólk til aðstoðar og aukin kvóti á húsnæði verði í höfn haustið 2023.

Gott samstarf við önnur félög og deildir innan UMFS eru okkur mikilvæg og hefur það verið gott eins og fyrri ár.

Þetta árið fjölgaði iðkendum í flestum greinum og fögnum við því.

Eins og alltaf þá viljum við hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfskraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja.

Íþróttafélag Uppsveita

Árið 2022 gekk vonum framari í alla

staði. Ungu félagið heldur áfram

að stækka, iðkendum fjölgar sem

og stuðningsmönnum sem er

fagnaðarefni.

Haldinn var fyrsti aðalfundur

í sögu félagsins en það tókst ekki að halda hann

árið 2021 vegna ýmissa hindrana og þá helst

samkomutakmarkanna. Fundurinn var haldinn 8.



mars í Aratungu og voru samþykktar lagabreytingar ásamt ársreikning og tekið var gott spjall um árið framundan og væntingar. Aðalráð félagsins skipa Sólmundur Magnús Sigurðarson formaður, Núi Mar Jónsson ritari og Matthías Bjarnason gjaldkeri. Knattspyrnudeild skipa Gísli Þór Brynjarsson formaður meistaraflokksráðs, Gústaf Sæland formaður barna- og unglingaráðs, og Matthías Bjarnason gjaldkeri.

Aðeins er starfrækt knattspyrnudeild í félaginu eins og er og boðið er upp á æfingar og keppni fyrir 7. - 3. flokk og meistaraflokk karla í samstarfi við Ungmennafélög Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiðamanna, Laugdæla og Hvatar.

Ungmennafélögin sjá um æfingar á veturna en þátttaka í kappleikjum og mótum er á vegum Íþróttafélagsins. Íþróttafélagið aðstoðar ungmennafélögin á ýmsan hátt t.a.m. við ráðningu þjálfara.

Á sumrin sér Íþróttafélagið alfarið um æfingar og keppni í knattspyrnu.

Í sumar æfðu yngri flokkar félagsins á sex völlum til skiptis á Laugarvatni, Flúðum, Borg í Grímsnesi og í Reykholti, Arnesi, og Brautarholti. Virkir iðkendur undir 15 ára voru þetta sumarið um 80. Æfingar voru tæplega 100 talsins í yngri flokkum og KSÍ leikir 30 talsins. Einnig tefldum við fram liðum á ýmsum sumarmótum og má þar helst nefna Orkumótið í



Keppendur á Sportfestival Special Olympics í golfi. F.v. Reynir Arnar Ingólfsson, María Sigurjónsdóttir, Bjarni Friðrik Ófeigsson og Telma Þóll Þorbjörnsdóttir.



Kristinn Sölvi Sigurgeirsson gerir tilraun að marki með hjólhestaspyrnu í leik Uppsveita og KM á Flúðavelli 16. júní 2022. Kristinn skoraði ekki í leiknum en það kom ekki að sök þar sem liðið sigraði 7-0. Kristinn var fyrirliði liðsins í 13 leikjum í sumari og skoraði í þeim 9 mörk.

Eyjum, Olismótið á Selfossi og N1 mótið á Akureyri. Þjálfarar voru Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús.

Meistaraflokkur karla átti sannkallað metár í 4. deild karla þar sem liðið fór létt með riðilinn sinn, 13 sigrar og 1 tap en í tapleiknum var slegið áhorfendamet á Flúðavelli er 236 manns horfðu á Árborg stela sigrinum á lokamínútu leiksins. Þjálfari liðsins var Liam Killa. George Rasvan var markahæsti leikmaður íslandsmótsins með 41 mark hvorki meira né minna og félagið bætti sunnlenskt stigamet í 4. deild karla með 39 stig. Liðið virtist óstöðvandi en var þó kippt niður á jörðina í úrslitakeppninni þar sem liðið tapaði samanlagt 8-2 gegn Árbæ sem fóru alla leið í úrslitaleik 4. deildar og spila í 3. deild 2023. Árangur liðsins tryggði þó sæti í 4. deild karla 2023 en deildin hefur verið minnkuð úr 36 liðum niður í 10 og lið 11-27 færð niður í nýja 5. deild og lið 28-36 í nýja Utandeild.

Í byrjun árs hlaut félagið viðurkenninguna grasrótarfélag ársins fyrir „frábært uppbyggingarstarf í knattspyrnu barna og unglinga“. Við erum óendanlega stolt af því starfi sem við höfum náð að byggja upp á stuttum tíma og jafnframt erum við gríðarlega stolt og þakklát fyrir það að tekið er eftir því innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur Knattspyrnufélags Rangæinga var haldinn 17. mars 2022 þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf og kosin var ný stjórn. Í stjórn félagsins sitja Tinna Erlingsdóttir formaður, Gunnar Aron Ólason gjaldkeri, Sandra Sif Úlfarsdóttir ritari, Guðmundur Úlfar Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir meðstjórnendur, Tómas Birgir Magnússon og Klara Viðarsdóttir eru varamenn. Mannauður félagsins er mikill en hjá félaginu starfa átta reynslumiklir þjálfarar. Þjálfarar félagsins voru á nýliðnu starfsári Ólafur Örn Oddsson, Yngi Karl Jónsson, Ástvaldur Helgi Gylfason, Lárus Viðar Stefánsson, Þorgils Freyr Gunnarsson og Stefán Bjarki Smárasón. Meistaraflokkur karla KFR spilaði í 4. deild á tímabilinu en spilandi þjálfari þeirra var Hjörvar Sigurðsson.

Iðkendaþjöldi KFR hefur aukist jafnt og þétt og í yngri flokkum félagsins æfa yfir 240 iðkendur knattspyrnu úr þremur sveitarfélögum, Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra og Ásahreppi. Sveitarfélögin standa þétt við bakið á félaginu og veita árlega góða styrki

til félagsins til að sinna iðkendum sínum, bæði í peningastyrkjum og með aðgangi að íþróttasvæðum sveitarfélaganna. Sérstakt átak fór af stað haustið 2019 til þess að auka vægi stúlkna í knattspyrnu og fékk félagið veglegan styrk frá Rannís til þessa verkefnis. Verkefnið hefur einnig hlotið styrk úr Verkefnasjóði HSK. Þetta er langtímaverkefni á vegum félagsins og hefur skilað auknum iðkendum meðal stúlkna í sveitarfélaginu. KFR fékk einnig styrk frá HSK til þess að bjóða yngstu iðkendum, 4-6 ára fríar æfingar í samstarfi við leikskólana á svæðinu. Iðkendur yngri flokka fóru á mörg mót víðsvegar um landið á tímabilinu og einnig tók KFR þátt í Faxaflóamóti og Íslandsmóti KSÍ. KFR var í samstarfi við elstu flokka Selfoss, Hamars, Ægis og Sindra þar sem iðkendaþjöldi er takmarkaður.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn mánudaginn 16. janúar 2023. Nýja aðalstjórn félagsins skipa eftirtaldir: Guðbjartur Örn Einarsson formaður, Kolbrún Rakel Helgadóttir meðstjórnandi, Rakel Guðmundsdóttir ritari, Lárus Guðmundsson meðstjórnandi, Jón Reynir



Sveinsson meðstjórnandi. Yfirþjálfari félagsins: Arnar Logi Sveinsson.

Árið byrjaði nokkuð vel og var góður kjarni af börnum að æfa, sérlega í yngri árgöngunum. Iðkendum fjölgaði og sérstaklega í 7. og 6. flokk (1.-4. bekk). Æfingartímarnir voru nánast þeir sömu milli ára og æfingafjöldi sá sami. Sérstakar stelpuæfingar héldu áfram á árinu 2022 og var ánægja með það fyrirkomulag. Við lifum þó því miður við þær aðstæður að vera með frekar fáa iðkendur í 4. flokk og upp úr og það gerir okkar æfingastarf erfiðara. Við erum þó búin að eiga í góðu samstarfi undanfarin mörg ár með Hamri og Selfoss í 4.-2. flokk, bæði kyn. Eitthvað hefur það samstarf dalað síðustu 2 ár og t.d. gekk Hamar úr því fyrir tímabilið 2022. Það þarf því að vinna að því að koma aftur á og í betri mynd. En þetta samstarf er mikilvægt til að okkar iðkendur og annara fái öll verkefni við hæfi. Líklega yrði best að Hamar og Ægir ynnu meira náið saman enda bæirnir nokkuð líkir að stærð og nálægt hvor öðrum.

Annað vandamál sem við búum við og tengist líka því vandamáli hve við eigum fáa iðkendur í eldri árgöngunum, er að við höfum ekki vetraraðstöðu til að æfa nútímaknattspyrnu. Margir iðkendur velja aðrar íþróttir yfir vetratíma (inniþrótt) þar sem okkar aðstaða er ekki góð. Enginn æfir með eldri flokka á parketi nema í neyð eins og við höfum þurft að gera. Og okkur bráðvantar hér í Þorlákshöfn knattþús/fjölnota íþróttahús og höfum verið að þrýsta á bæjaryfirvöld um slíkt. Við vonumst til að draumur okkar verði að veruleika innan 1-2 ára enda yrði slíkt bylting fyrir alla okkar aðstöðu.

Sumarið var gott og nánast allir yngri flokkarnir fóru á þessi helstu sumarmót 2022 og gekk heilt yfir vel og krakkar skemmtu sér vel.

Í lok árs 2022 varð ljóst að það yrðu breytingar á skipan barna- og unglingaráðs fyrir næsta tímabil. Nýtt og kröftugt fólk kemur inn og vonandi eflir það allt yngri flokka starfið.

Sömu þjálfarar voru með meistaraflokkinn á síðasta tímabili og áður, Nénad og Baldvin og leikið var í 2. deild eftir að hafa komist upp úr 3. deild árið áður. En í stuttu máli fór árangur okkar manna verulega fram úr okkar væntingum. Við vorum mest allt tímabilið í baráttu um að komast upp í Lengjudeild en því miður tókst það ekki og urðum að sættast á 3. sætið. Við gerðum einnig vel í Mjólkurbikarnum og komumst í 8 liða úrslit, en duttum þar út eftir að hafa veitt einu besta liði landsins, KA, verðuga baráttu. Fram að því höfðum við unnið KFB, KFS, Hött/Huginn og Fylki (sem til upplýsingar vann Lengjudeildina



KFR varð Reyçup meistari í 3. flokki kvenna í B deild.

2022). Þetta er okkar besti árangur í bæði deild og bikar frá upphafi og það eykur á okkar væntingar um framhaldið.

Hjá okkur eins og flestum öðrum hafa síðustu þrjú ár litast af Covid þó faraldurinn sjálfur væri ekki til ama 2022, en það hafð samt áhrif á rekstur félagsins. Reksturinn hefur verið nokkuð þungur þessi síðustu 3 ár og þarf heldur að bæta í fjáraflanir á næstu misserum til að við verðum ekki öfugu megin við núllið. En sem betur fer skuldar félagið ekkert og það er vel. Við erum reyndar nokkuð bjartsýn og horfum björtum augum fram á við.

Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2022.

Körfuknattleiksfélag Selfoss

Aðalfundur var haldinn 30. mars 2022. Ársreikningurinn var meginmálið og rekstrar-



niðurstaðan jákvæð um tæpar 240.000 kr. Í stjórn voru kjörin: Gylfi Þorkelsson, formaður, Eyþór Frimannsson, Þórey Helgadóttir, Jóhanna Hallbjörnsdóttir, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, Kristjana Gunnarsdóttir og Guðmundur Ármann Böðvarsson.

Sumarið var annasamt við undirbúning unglíngalandsmóts UMFÍ á Selfossi, sem haldið var um verlsunarmannahelgina. Félagið sá um skipulagningu og framkvæmd körfuboltakeppni mótsins.

Félagið stóð fyrir gróðursetningu í október, í samstarfi við Skógræktina, sem fjárflyun fyrir félagið, og gekk verkið vel.

EKKI náðist að ráða starfsmann til að sinna daglegum verkefnum félagsins, eins og stefnt hefur verið að undanfarin tvö ár. Góð reynsla hefur verið af starfi umsjónarmanns yngri flokka eftir eins árs reynslutíma.

Yngriflokkastarfið stendur í blóma og iðkendum fjölga ár frá ári. Þjálfarateymið er öflugt og vel haldið utan um starfið.

Í sumar og haust var unnið að endurnýjun viðurkenningarinnar Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og lauk því ferli með afhendingu fána og viðurkenningarskjals á heimaleik meistaraflokks karla í október.

Meistaraflokkur karla lék í 1. deild karla og varð árangurinn að vonum vorið 2022, en þó ekki nægur til að komast í úrslitakeppni. Frá og með nýju



Birkir Hrafn Eyþórsson, körfuknattleiksmaður ársins hjá Selfossi.



Nýtt æfingahúsnæði fyrir loftgreinar og ungmennastarf hjá Skyttum.

keppnistímabili í haust er liðið enn yngri en oftast áður og ungt og sífellt fleiri ungir drengir koma inn í leikmannahópinn úr uppeldisstarfinu. Liðið hefur á sínum snærum aðeins einn erlenda atvinnumann sem leikur með piltum úr ungmennaflokki, og allt niður í 11. flokk og er við árslok á miðju tímabili í úrslitakeppnissæti, 4. sæti deildarinnar, sem er finn árangur í deild þar sem flest liðin eru með 3-4 erlenda atvinnumenn í sínum röðum.

Körfuknattleiksmaður ársins 2022 var valinn Birkir Hrafn Eyþórsson. Birkir, sem kemur úr uppeldisstarfi félagsins, er aðeins 16 ára gamall og vakti mikla athygli með U16 ára landsliðinu á NM og EM sl. sumar. Félagið átti marga leikmenn í úrvalshópum KKÍ og hvorki fleiri né færri en 4 landsliðsmenn í yngri landsliðum. Auk Birkis Hrafns þá Tristan Mána Morthens og Ara Hrafnar Bjarmason í U16 ára liðinu og Óla Gunnar Gestsson í U20.

Á heildina liðið gengur starfið vel og framtíðin er björt með stóran hóp af metnaðarfullum iðkendum sem eru smám saman, hver á fætur öðrum, að gera sig gildandi í afreksþópi fullorðinna.

Lyftingafélagið Hengill

Árið 2022 var rölegt hjá Lyftingafélaginu Hengli og vinna hefur farið mjög rólega af stað eftir COVID.



Tveir félagsmenn tóku þátt í RIG, þær Heiðrún Stella og Friðný Fjola en þær tóku einnig þátt á Íslandsmeistarumóti LSÍ. Bríet Anna tók þátt á haustmóti LSÍ og norðurlandamóti U20 og U17 ásamt því að keppa á jólamóti LSÍ.

Fyrirhugað er að halda aðalfund í lok mars en hann var ekki haldinn 2022 vegna COVID. Með hækkandi sól vonum við að starfsemi taki við sér á ný en hægt er að segja að starfsemin hafi nánast legið alveg niðri þessi síðustu tvö ár vegna heimsfaraldurs.

Skotíþróttafélagið Skyttur

Síðastliðið ár er eitt það viðburðarikasta í sögu félagsins frá stofnun þess í lok árs 2008 og horfir félagið björtum augum til ársins 2023 að það verði enn viðburðarikara.



Á þessu ári hófust loksins framkvæmdir við ríffilhús sem hefur lengi verið í burðarliðnum en sökkull hefur verið steyptur fyrir 72 fermetra hús sem mun geta rúmað 10 brautir fyrir

ríffilvöll sem býður uppá allt að 500 metra skotfæri. Markmið félagsins er að klára plötuna á árinu þannig að hægt sé að koma fyrir borðum og liggja á henni fyrir sumarið.

Mikilvægur áfangi náðist á leirdufuvellinum þegar keyptar voru nýjar Promatic Skeet pro leirdufúvélur í húsin en þær gömlu voru úr sér gengnar. Þetta var stór fjárfesting fyrir félagið en nauðsynleg til að halda úti skeet velli. Stjórnin er mjög ánægð með þessar leirdufúvélur og vonum að félagsmenn geti nýtt þær til æfinga og keppni.

Það sem stóð upp úr á árinu var að félagið hóf barna og unglíngastarf í skotíþróttum. Starfið hófst í vor með kynningu í sýslunni sem var haldið að Laugalandi í Holtum. Aðsóknin var langt fram úr björtustu vonum. Í framhaldi var haldið haglabýssunámskeið fyrir unglínga í haust og gekk það mjög vel.

Skipulagðar æfingar fyrir börn á aldrinum 6-20 ára byrjuðu á haustönn einu sinni í viku til skiptis á Hellu og á Hvolsvelli og komust ekki allir að sem vildu. Félagið hefur verið með þrjá þjálfara og einn aðstoðarþjálfara sem hafa komið að starfinu.

Félagið hefur fjárfest í góðum æfingabúnaði, m.a. 6 laserrífflum og eru 4 stykki af þeim komin til landsins og er byrjað að nota þá við æfingar. Félagið tók einnig í notkun Sportabler skráningarkerfið á árinu og hefur það reynst mjög vel.

Af keppnisárangri á árinu þá er þetta mikið afreksár hjá félaginu. Tveir keppendur í unglíngaflokki kepptu á nokkrum mótum á árinu með góðum árangri. Fyrst ber að nefna Óðinn Magnússon sem keppti í loftskammbýssu og 50m liggjandi ríffli. Hann vann nokkur gull og er Íslandsmeistari í báðum greinum í drengjaflokki ásamt því að setja Íslandsmet í 50m liggjandi ríffli í drengjaflokki.

Bríet Berndssen keppti í skeet á landsmóti síðasta sumar með glæsilegum árangri og hreppi hún gullið.

Í fullorðinsflokki keppti Magnús Ragnarsson í loftskammbýssu, staðlaðri skammbýssu og sport skammbýssu með góðum árangri. Hann vann meðal annars gull á landsmóti í loftskammbýssu.

Á nýju ári á félagið von á nýju æfingahúsnæði fyrir loftgreinar og ungmennastarf. Æfingasalurinn er á Hvolsvelli og verður það bylting í íþróttastarfi, m.a. í barna og unglíngastarfi.

Umf. Dagsbrún

Stjórn skipa Albert Rútsson formaður, Jól Elvarsson ritari og Pia Rumpf gjaldkeri. Varamenn eru Bjarki Hafberg Björgvinsson og Bjarney Jóna Unnsteinsdóttir. Aðalfundur félagsins 2022 var haldinn 15. mars.



Þorablót var ekki haldið á þessu ári út af covid. Ungmennafélag og Þorablótsnefndin gátu samt hist og gerðu Þorablótsmyndband í staðinn sem vakti mikla lukku.

Haldinn var aðalfundur um miðjan mars og bættist við nýr varamaður í stjórn. Rædd voru ýms atriði fyrir komandi ár.

26. mars var haldið Góuball og þar með endurlífguð gömul hefð. Það var góð mæting og ekki var stemmingin síðri.

16. júní var haldið Sveitaball í Gunnarshólma með pomp og prakt. Ungmennafélag Dagsbrún tók á árinu þátt í verkefni til minningar um sögu sjósóknar/sjóróðra frá Landeyjasandi.

Folaldasýningin féll niður í ár út af lélegri þátttöku. Í desember var loksins hægt að halda jólaball og voru jólasveinarirnir heldur betur vel stemmdir.



Dagsbrún tók á árinu þátt í verkefni til minningar um sögu sjósóknar/sjóróðra frá Landeyjasandi.

Umf. Eyrarbakka

Aðalfundur sem vera átti 16. febrúar 2022 féll niður vegna samkomutakmarkana og veikinda.



Boðið var upp á körfuboltaæfingar fyrir yngri krakka (5-10 ára) tvisvar sinnum í viku.

Gerð var tilraun með að hafa opna íþróttatíma á laugardagsmorgnum fyrir foreldra til að koma með börnin sín og leika.

Í apríl og maí var haldið Hópslaup í fjögur skipti þar sem hlaupinn er 800m hringur og allir sem hlaupa þrisvar sinnum fá verðlaunapening. Boðið var upp á safu og súkkulaði í síðasta skiptið.

Fyrsta sunnudag í aðventu var kveikt á jólatrénu, dansað í kringum það og jólasveinar mættu með gótti fyrir börnin.

Stjórn UMFE 2021-2022 skipa Bjarni Þór Erlingsson formaður, Vigdís Sigurðardóttir gjaldkeri, Guðlaug Lilja Sævarsdóttir og Hera Fjörð.

Umf. Gnúpverja

Stjórn Ungmennafélags Gnúpverja 2022-2023 skipa: Magnea Guðmundsdóttir formaður, Ingvar Þrándarson gjaldkeri og Jón Marteinn Finnogason ritari. Aðalfundur félagsins var haldinn í Árnesi 29. mars 2022, Hafdis Hafsteinsdóttir gaf ekki kost á sér sem ritari áfram og var Jón Marteinn kosinn ritari í hennar stað. Æfingaárinu var startað um miðjan janúar en þá hófust knattspyrnuæfingar að nýju eftir jólafrí, æft var tvisvar til þrisvar í viku ýmist úti eða inni eftir veðri. Í júní var farið af stað með sumar-knattspyrnuæfingar í samstarfi við Íþróttafélag Uppsveita (ÍBU), ætlaðar börnum á aldrinum 5-16 ára. Samhliða þeim var boðið uppá æfingar þar sem börn frá öðrum ungmennafélögum í uppsveitum Árnessýslu æfðu saman. Þjálfarar voru frá ÍBU, þeir Gústaf Sæland og Sólmundur Magnús. Sameiginleg lið frá Íþróttafélagi Uppsveita tóku þátt í hinum ýmsu knattspyrnumótum síðasta sumar sem og Íslandsmóti KSÍ yfir veturinn. Þar sem sumaræfingarnar gengu vel, mæting góð og mikill áhugi hjá iðkendum að halda áfram að æfa var ákveðið að bjóða upp á áframhaldandi æfingar yfir veturinn og fram til næsta



sumars. Einnig var boðið upp á körfuboltaæfingar einu sinni í viku í Árnesi vor- og haustönn, og komu þjálfarar frá Ungmennafélagi Hrunamanna. Æfingar voru að öllu jafna vel sóttar. Þar sem mikil ánægja var með körfuboltaæfingarnar var ákveðið að halda áfram með þær á nýju ári. Um haustið var ráðinn nýr knattspyrnuþjálfari, Elías Örn Arnarsson. Aðsóknin á knattspyrnuæfingar fór fram úr okkar björtustu vonum, var þá skráning 1. og 2. bekkinga það góð að tekin var sú ákvörðun að æfingum yrði skipt upp í tvo aldursflokka. Æfa því 1.-4. bekkur saman og 5.-7. bekkur saman. Með þessum breytingum hefur gefist kostur á að byggja upp æfingar betur með tilliti til aldurs. Einnig var sú nýbreytni í haust að þá hófst akstur eftir knattspyrnuæfingar í Brautarholt í samstarfi við sveitarfélagið okkar, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Við erum afar þakklát þessu samstarfi og framlagi hreppsins, því með akstrinum erum við að auka aðgengi barna í hreppnum að hreyfingu.

Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn þann 19. maí 2022. Farið var yfir fjárhagsstöðu og ársreikning félagsins, einnig voru krakkar verðlaunaðir fyrir

ástundun og framfarir í hverri grein fyrir sig. Hann Jón Jónsson var gerður að heiðursfélaga Umf. Heklu. Kosið var um nýja stjórn og kvöddu þær Hugu Pétursdóttir, Agnes Ólöf Thorarensen og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir og erum við þeim þakklát fyrir þeirra framlag til félagsins.

Stjórnina skipa: Sindri Snær Bjarnason formaður, Guðmundur Jónasson varaformaður, Muhammad Azfar Karim gjaldkeri, Ólöf Árnadóttir ritari, Ína Karen Markúsdóttir meðstjórnandi, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Elfa Ósk Guðlaugsdóttir varamenn.

Körfubolti: Um 15-20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu tvisvar í viku. Fyrri hluta ársins var félagið í samstarfi með Dímon og Garpi með lið í 10. flokki drengja í keppni í Íslandsmóti KKÍ og hafa þeir staðið sig með mjög vel á síðari hluta tímabilsins. Þetta keppnistímabil var lið í 9. flokki skráð til leiks og hafa þeir leikið með mikilli þrýði. Þjálfarar eru Þorsteinn Darri Sigurgeirsson og Sigurður Kristinn Jónsson.

Tómstundanámskeið: Á sumartímanum bauð félagið uppá 4 vikna leikjanámskeið fyrir krakka á grunnskólaaldri og var það vel sótt.

Dans: Boðið var uppá dans á seinni hluta ársins og



Þátttakendur á jólafríleikasýningu Umf. Heklu.

mæltist það mjög vel fyrir meðal foreldra og barna. Dansað var í blönduðum stíl.

Blak: Meistaraflokksslið kvenna undir merkjum Heklu og Dímon kepptu árinu og stóðu sig með mikilli þrýði eins og er þeirra venja.

Fimleikar: Rúmlega 100 iðkendur á aldrinum 6-15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins 2-4 sinnum í viku. Iðkendum var skipt í fjóra hópa eftir aldri og getu. Í lok árs var haldin jólafimleikasýning og var hún þeim til mikillar fyrirmyndar.

Taekwondo: Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu taekwondo í íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru rúmlega 20, bæði börn og fullorðnir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu. Kennarar eru Daniel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Línuskautar: Um 30 iðkendur á aldrinum 6-12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskipt í tvo hópa undir stjórn Diego Pinero Pinera.

Akstursíþróttir: Félagið hélt torfærukeppni á árinu eins áður. Hjóladeildin biður enn eftir æfingasvæði sínu í nágrenni Hellu og eru um 10-15 iðkendur.

Ársþing HSK: Þau sem mættu fyrir hönd okkar á HSK-þingið voru Guðmundur Jónasson, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Ólöf Árnadóttir og Sindri Snær Bjarnason.

Umf. Hrunamanna

Aðalfundur UMFH var haldinn 26. apríl 2022. Jóhanna Bríet Helgadóttir er formaður félagsins, Sigurjón Snær Jónsson gjaldkeri, Dúna Rut Karlsdóttir ritari og Sigurður Sigurjónsson og Helgi Valdimar Sigurðsson meðstjórnendur.



Körfuboltadeildin hélt áfram sínu starfi með hefðbundnum hætti. Vegna fækkunar barna á grunnskólaaldrinum hefur reynst erfiðara að halda úti mörgum liðum og leitað hefur verið til annara liða með samstarfi. Meistaraflokkur karla hélt sæti sínu í 1. deild og vann liðið nokkra góða sigra. Hrunamenn eiga nokkra iðkendur í unglingalandsliðum KKÍ sem við erum afar stolt af.

Frjálsíþróttadeildin hélt áfram með öflugt starf, út sumartímabilið. Keppendur Hrunamanna létu þó ekki deigan síga og tóku þátt í öllum HSK mótunum og Íslandsmeistaramótum, ásamt fjölmörgum öðrum mótum. Margir titlar féllu liðsmönnum okkar í vil ásamt nokkrum tugum verðlaunasæta á fyrrnefndum mótum. Okkar frábæri þjálfari, Guðbjörg Viðarsdóttir hætti störfum við þjálfun í sumarlok og hefur starf deildarinnar legið niðri sökum þjálfaraleysis.

Knattspyrnudeildin tók loksins aftur til starfa á haustmánuðum. Þar eru öflugir iðkendur sem stunda sína íþrótt af kappi. Liðið keppir undir merkjum ÍBU og hafa iðkendur farið á ófá mót, sem ekki væri gerlegt nema með sameiginlegu uppsveitaliði. Frábært samstarfsverkefni.

Blakdeild kvenna og karla héldu sínu starfi. Þrátt fyrir töluverðar takmarkanir var hægt að halda úti nokkuð ágætu starfi og farið á fáein minni mót. Góðir sigrar innan og utan vallar.

Umf. Hvöt

Árið 2022 byrjaði á miklum lokunum í sveitarfélaginu þar sem að Covid var ríkjandi á svæðinu. Engu að síður voru tæplega 30 börn skráð í starf hjá félaginu og æfðu þegar það var leyfilegt.

Þorablótið féll niður vegna Covid takmarkanna eins og árið áður.



Meistaraflokksslið Hrunamanna í körfuknattleik. Myndin er tekin þegar Árni Þór Þjálfaði sinn síðasta leik með þeim.

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. apríl í félagsheimilinu Borg. Sama stjórn situr áfram eftir aðalfundinn, Guðrún Ása Kristleifsdóttir formaður, Anika Baecker gjaldkeri og Sigríður Þorbjörnsdóttir ritari. Guðni Reynir Þorbjörnsson er áfram varamaður í stjórn og Ingólfur Örn Jónsson skoðunarmaður reikninga.

Leikjanámskeið var haldið í tvær vikur í júní og var þátttaka góð og tókst mjög vel til. Því miður tókst hins vegar ekki að vera með sundnámskeið þetta sumar.

Yfir sumartímann var Hvöt ekki með neinar æfingar en Íþróttafélag Uppsveita var með fótþolæfingar í uppsveitunum og þar á meðal voru öðru hvoru æfingar á Borg.

Haustið 2022 hófust æfingar aftur og nú boðið upp á knattspyrnu, blak, frjálsar íþróttir og körfubolta. Um 30 iðkendur hófu æfingar þetta haustið.

Ungmennafélagið á í mjög góðu samstarfi við frístundastarf skólans þar sem að starfsmenn skólans fylgja börnunum í íþróttastarfið og aðstoða ef á þarf að halda og erum við mjög þakklát fyrir það.

Að lokum fengum við svo jólasvein til að heimsækja börn á aðfangadag í samstarfi við Lionsklúbbinn Skjaldbreið. Hann fór í mikilli ofankomu og heilsaði upp á heimilismenn, trallaði og skildi eftir smá pakka fyrir þau.

Umf. Ingólfur

Stjórn félagsins skipa Þröstur Guðnason formaður, Kristinn Guðnason gjaldkeri og Þórhalla Gísladóttir ritari. Varamenn eru Daniel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ragnheiður Jónasdóttir.



Ekki náðist að halda aðalfund í ár, en úr því verður bætt árið 2023.

Á síðasta aðalfundi félagsins var rætt um skógræktarreit félagsins í landi Nefsholts. Til stendur að setja upp skilti með upplýsingum um skógræktarreitinn sem hefur verið í eigu félagsins frá 1958.

Umf. Laugdæla

Aðalfundur UMFL var haldinn miðvikudaginn 17. maí 2022 í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni. Eva Hálfánardóttir hélt áfram sem gjaldkeri en Elías Bergmann Jóhannsson tók við sem formaður og Magnús Kjartan Eyjólfsson sem aðalritari. Innan félagsins eru nokkrar deildir eða nefndir, t.d. körfuboltadeild, fótþoladeild, blakdeild, skákdeild, frjálsíþróttadeild o.fl. Öflugir formenn deildanna stuðla að metnaðarfullu starfi í hverri grein.



Karlalið Laugdæla í blaki varð í þriðja sæti á héraðsmótinu í blaki.

Vorið 2022 var lítið af andarslitum covid en UMFL hélt úti æfingum í blaki, fimleikum, frjálsum, körfubolta, fótbolta, og þreki. Haustið 2022 voru æfingar í blaki, fimleikum, frjálsum, fótbolta, körfubolta og þreki. Meistaraflokkur karla í körfubolta var endurvakinn og hóf leik í Íslandsmóti karla í 2. deild. Einnig eru Laugðælir með liði í 10. flokki drengja í körfubolta ásamt því að tefla fram sameiginlegu liði með Hrunamönnum í 9. flokki drengja. Blaklið fullorðinna tefla fram liði í 3. deild karla og 5. deild kvenna veturinn 2022-23.

Tekin var ákvörðun um að slíta samstarfi um frístundaskóla og hefur Bláskógabyggð alfarið tekið yfir reksturinn á honum.

Vegna covid faraldursins var þorablóti UMFL aflýst en náðist að halda 17. júní hátíðlegan með skróðgöngu og samkomu í íþróttahúsi.

UMFL skrifaði undir samstarfssamning við Bláskógabyggð á árinu en í honum felast húsnæðis- og peningastyrkir til ungmennafélagsins og skuldbindingar UMFL um að halda úti íþróttastarfi.

Starfsemi ungmennafélagsins beið hnekkis um haustið vegna endurbóta á gólfi íþróttahússins á Laugarvatni. Vel til tókst að halda úti æfingum utandyrá þökk sé góðri veðráttu ásamt því að vinir okkar á Flúðum buðu okkur velkomin í íþróttahúsið þar til að iðka blak og körfubolta fullorðinna. Kunna Laugðælir þeim heila þökk fyrir velvildina.

Kærar þakkir til allra sem komið hafa að starfsemi félagsins undanfarið ár, þjálfurum, iðkendum, sjálfbóðaliðum og sveitarfélaginu Bláskógabyggð.

Umf. Selfoss

Loks kom að því að heimsfaraldur Covid -19, með öllum þeim takmörkunum sem honum fylgdi, lyki á árinu. Eftir janúar mánuð fór starf félagsins hægt og rölega að komast í eðlilegt horf aftur, eftir allar þær takmarkanir sem í gildi höfðu verið. Það var þó snemma ljóst að ýmislegt hefði breyst og þá sérstaklega í ýmsu móta- og viðburðahaldi. Erfiðara var að fá sjálfbóðaliða til starfa og virtist sem „sófátíminn“ í covid hefði haft áhrif á fólk, þannig að erfitt væri að koma ýmsum upp úr sófanum og aftur í sama farveg og fyrir covid. Var þetta ár að mörgu leyti öðruvísi hvað það varðaði og þurfti oft á tíðum að beita ýmsum hvötum til að manna ýmis sjálfbóðaliðastörf, við mótahald og aðra viðburði.

Aðalfundur félagsins var haldinn, fimmtudaginn 28. apríl. Á fundinum lét Viktor S Pálsson af störfum sem formaður félagsins og í hans stað var kosinn formaður félagsins, Helgi S. Haraldsson, fyrrverandi formaður Frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss og lauk þar með 24 ára formannstíð hans sem formanns deildarinnar. Auk Helga sitja í framkvæmdastjórn félagsins, Brynhildur Jónsdóttir, gjaldkeri og Sværrir Einarsson, ritari. Meðstjórnendur eru auk þess, Hafsteinn Guðmundsson og Hermann Ólafsson. Ásamt framkvæmdastjórn, mynda aðalstjórn félagsins formenn allra deilda þess, sem nú eru alls níu. Á aðalfundi félagsins var ein ný deild samþykkt formlega sem deild, en hafði áður verið nefnd, en það var Rafíþróttadeild. Auk þessara deilda er starfandi borðtennisnefnd hjá félaginu.

Hjá félaginu eru starfandi, framkvæmdastjóri í fullu starfi og bókarí í hálfu starfi. Þær breytingar urðu á árinu að Aðalbjörg Skúladóttir lét af störfum sem bókarí og í hennar stað var ráðinn Hafdis Jóna Guðmundsdóttir. Framkvæmdastjóri félagsins Gissur Jónsson, var í veikindaleyfi allt árið og í hans stað var ráðinn Björgvin Jóhannesson, tímabundið til að leysa starf hans. Staerstu deildir félagsins,



Selfosshöllin var vígð þann 9. maí 2022.

knattspyrnadeild, handknattleiksdeild, fimleikadeild og frjálsíþróttadeild, eru allar með starfsmenn í vinnu, frá hlutastarfi og uppí fullt starf. Eru það ýmist framkvæmdastjórnar, yfirþjálfarar eða starfsmenn með aðra titla og hlutverk. Það er alveg ljóst að þegar umsvif deilda eru orðin verulega mikil að þá er það orðið meira en venjuleg félagskjörin stjórn getur sinnt alla daga. Þær breytingar urðu á árinu að starf vallaustjóra var gert að fullu starfi og í því er sem fyrr Sveinbjörn Músson, sem áður gegndi því í hálfu starfi á móti hálfu starfi framkvæmdastjóra knattspyrnadeilda. Umsvif á vallaustjórnun jukust verulega þegar nýja Selfosshöllin var tekin í notkun.

Umf. Selfoss er með þjónustusamning við Sveitarfélagið Árborg, þar sem kveðið er á um ýmsan stuðning við starf félagsins. Samningurinn kláraðist á árinu og var í árslok endurnýjaður til aðeins eins árs, með það að markmiði að ýmsir þættir hans yrðu settir í nánari greiningu og skoðun á árinu 2023, með það að markmiði að undirbúa nýjan langtímasamning, með breyttum áherslum og verkefnum. Einnig er félagið með samning við Árborg um rekstur íþróttavallaustjórnar við Engjaveg, umsjón með æfingasali taekwondodeildarinnar í íþróttahúsinu Baulu, æfingasali júdódeildarinnar í Sandvíkursalnum og umsjón með mótakrosssvæðinu á Selfossi. Nýja fjölnotahúsið, Selfosshöllin, á íþróttavallaustjórnun við Engjaveg, hefur gjörbreytt aðstöðumálum fyrir félagið og þá sérstaklega, aðstöðu knattspyrnuíðkunar og frjálsíþróttaiðkunar. En einnig hefur ýmis önnur starfsemi fengið þarna inni, m.a. öflugt íþróttastarf 60 ára og eldri á vegum sveitarfélagsins, þar sem æft er skipulega tvisvar í viku. Þrátt fyrir að allar íþróttagreinar félagsins eigi sinn samastað í sveitarfélaginu er ljóst að með ört stækkandi sveitarfélagi og fjölgun íbúa, þá fjölga iðkendum og nauðsynlegt að bæta enn frekar aðstöðumál og þá er komið að því að halda áfram með þarfagreiningu og uppbyggingaráform íþróttamiðstöðvar við Engjaveg. Þar liggur fyrir framtíðarsýn um enn frekari uppbyggingu og nauðsynlegt að halda þeim áformum á lofti og þoka þeim áfram, í að þau verði að veruleika.

Deildir félagsins standa fyrir, auk æfinga og skipulögðu starfi iðkenda, ýmsu mótahaldi og árlegum viðburðum. Margir sem hafa fest sig í sessi til margra ára eða áratuga og eru bæði á félagsvísu heima fyrir eða á landsvísu með þátttöku annara félaga og iðkenda af öllu landinu. Iðkendur félagsins tóku þátt í mörgum verkefnum með landsliðum sinna íþróttagreinna og vali í ýmsa úrtakshópa

og úrvalshópa. Fór það ekki á milli mála á verðlaunahátíð Sv. Árborgar, hvað iðkendur félagsins hafa náð góðum árangri, þegar landsliðsfólk, Íslands- og bikarmeistarar, ofl. voru verðlaunuð fyrir afrek sín. Verðlaunahátíð félagsins var haldin í desember, þar sem Eva María Baldursdóttir frjálsíþróttakona og Egill Blöndal júdómaður, voru útnefnd íþróttakona og karl félagsins, fyrir góðan árangur á árinu.

Framkvæmdastjórn og aðalstjórn funduðu reglulega á árinu og tóku fyrir og fjölluðu um helstu málefni félagsins og deilda þess. Það er ljóst að covidárin hafa sett verulegt mark á fjárhag félagsins og deilda þess og framundan vinna við að styrkja hann enn frekar og ná úr þeim öldudal sem hann komst í á þessum árum covid.

Umf. Skeiðamanna

Aðalfundur var haldinn þann 9. mars 2022 í félagsheimilinu í Brautarholti. Á fundinum voru gerð skipti á gjaldkerum. Ágúst Guðmundsson hætti hjá okkur og við tók hann Ásgeir Guðmundsson. Stjórnina skipa:

Viktória Rós Guðmundsdóttir formaður, Ásgeir Guðmundsson gjaldkeri og Guðfinna Ósk Magnúsdóttir ritari.

Verkefni ársins 2022 voru þessi: Sumardagurinn fyrsti, þann 21. apríl 2022 var haldinn hátíðlegur í Brautarholti. Formleg opnun var á ærslabelgnum okkar sem keyptur var árinu áður og öllum boðið í skemmtun og veitingar. Félagið sá um leiki og keypti kókur, snúða og kleinur frá Myllunni.

Leikjanámskeið var haldið þann 7. - 16. júní 2022 fyrir börn í 1. - 7. bekk. Anna Þórný Sigfúsdóttir sá um námskeiðið eins og síðustu ár. Farið var í hjóla-, göngu- og sundferðir svo eitthvað sé nefnt.

Spilanefndin var endurvakin á ný og fengum við til liðs við okkar þrjár efnilegar spilakonur til að halda utan um spilakvöldin þær Sigríði Garðarsdóttir, Helenu Steinþórsdóttur og Lilju Össurardóttur.

Borðspilakvöld var svo haldið þann 26. október í félagsheimilinu í Brautarholti. Starfsmenn frá spilavinum mættu til að kenna sveitungum ný borðspil. Góð þátttaka og margir lærðu ný spil.

Landsátak var í sundi í nóvember og tók Ungmennafélagið þátt í annað sinn. Markmið voru gefin út að synda ákveðið marga metra á opnunartíma Skeiðalaugar. Samtals tóku 55 manns þátt, fólk á öllum aldri. Viðurkenningar voru veittar fyrir þátttöku og verðlaun fyrir að ná ákveðnum



markmiðum. Allir fengu að gjöf handklæði með merki og nafni Ungmennafélags Skeiðamanna.

Verðlaunaa afhending var þann 8. desember fyrir þátttakendur sundátaksins. Veittar voru veitingar með því, smákökur, kaffi og svali.

Umf. Stokkseyrar

Núverandi stjórn Ungmennafélags Stokkseyrar skipa Ingi Þór Jónsson formaður, Agnes Lind Jónsdóttir gjaldkeri, Ágústa Oddsdóttir ritari, Jason Orri Jakobsson, Ólafur Már Ólafsson og Arnar Tryggvason meðstjórnendur. Skoðunarmenn reikninga eru Steingrímur Pétursson og Gunnlaugur Þór Kristjánsson



Aðalfundur fór fram í íþróttahúsinu á Stokkseyri 14. desember 2022.

Helstu verkefni á árinu 2022 voru íþróttir barna, fjölskyldu- og menningarhátíðin Bryggjuhátíð sem haldin er árlega í byrjun júlí og knattspyrnulið Stokkseyrar í 4. deild karla.

Á árinu 2023 er ætlun félagsins að efla enn frekar íþróttastarf barna að loknum skóladegi í barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri, með áherslu á fyrsta til sjötta bekk.



Frá íþróttaskólanum í íþróttahúsinu á Stokkseyri.

Umf. Trausti

Stjórn félagsins skipa Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður, Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir gjaldkeri og Guðmundur Jón Viðarsson ritari.

Aðalfundur var haldinn 23. mars 2022. Árið byrjaði með því að halda flugeldasýningu á þrettándanum í samstarfi við Björgunarsveitina Dagrenningu á Hvolsvelli. Héldum við pílukvöld öll fimmtudagskvöld fram að páska. Þátttaka var gríðar góð og áhugi fyrir að halda þessu áfram. Héldum útsláttarmót á Skírdag sem fór vel fram. Árlegi ruslatínsludagurinn var laugardaginn 9. apríl og gekk vel. Árlegu 17. júní hátíðarhöldin haldin í samstarfi við Kvenfélagið Eygló að Heimalandi. Tókum að okkur fjáröflun og slógum kirkjugarðinn í Stóra Dal. Byrjuðum aftur með pílukvöldin í nóvember. Að lokum aðstoðuðum við jólasveinana á Þorláksmessu að heimsækja börn í umdæminu.



Yngsti aldurshópurinn við rásmark í spretthlaupi á 17. júní á Heimalandi.

Umf. Þjótandi

Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Félagslundi 17. febrúar 2022. Í stjórn félagsins eru Fanney Ólafsdóttir formaður, Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri og Magnús St. Magnússon ritari.



Starfið á árinu gekk vel. Félagið er með svokallaðar Þjótandaæfingar og glímuaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt. Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendur, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjakvöld fyrir unglinga vikulega í sumar.

Félagið sendi keppendur á HSK-mótin í frjálsum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Glímufólkið okkar keppti einnig á nokkrum mótum og náðum við t.d. að verða Bikarmeistari félagsliða 2022 á Bikarglímu Íslands á Hvolsvelli í febrúar.

Í Covid-samkomubanninu héldum við þrettándabingó á netinu í fyrsta sinn. Í byrjun febrúar opnaði félagið gönguskíðasvæði sem varð mjög vinsælt. Notast var við heimatilbúinn sleða til að gera brautir, en í lok árs fékk félagið styrk úr verkefnasjóð

HSK og keypti þá í kjölfarið nýjan gönguskíðaspora sem nú er kominn í notkun. Haldin var tveggja kvöld félagsvist í mars. Við seldum pylsur og kókomjólk á sveitaballi í Þingborg og tókum á móti Héraðsþingi HSK 31. mars þar sem allir starfsmenn þingsins komu úr okkar röðum. Flóahlaupið fór fram í apríl og einnig Viðavangshlaupið okkar á sumardaginn fyrsta. Þá héldum við páskabingó og stóðum fyrir skíðaferð í Bláfjöll sem fjölmargir mættu í. Við tókum þátt í Fjöri í Flóa í maí og vorum með kókuskreytingakeppni fyrir krakka, pylsusölu, andlitsmálingu og áskorendakeppni fyrir framboðslistana í sveitarstjórnarkosningunum.

Það ríkti hátíðarstemning í Flóahreppi 21. maí þegar Flóaskóli sigraði í Skólahreysti 2022, Þjótandi, ásamt fleiri félagasamtökum í sveitinni, gaf skólanum peningaupphæð til áframhaldandi aðstöðuupþýggingar fyrir æfingar. Við héldum upp á 17. júní ásamt kvenfélögunum og ungmenntafélagsreiðtúrinn var farinn í júlí þar sem mættu yfir 30 manns og riðu upp með Hvítá í mikilli blíðu. Í júlí og ágúst var útivistarverkefnið „Sá ég spóa suð'ri Flóa“ í gangi þar sem hægt var að

ganga á fimm staði í hreppnum og skrifa nafn sitt í gestabækur. Í lokin var dregið um vinninga sem voru matur í miðbænum á Selfossi og veiðileyfi í Hvítá við Hallanda. Félagar úr Þjótanda mættu vel á unglingalandsmótið á Selfossi, bæði sem keppendur og starfsmenn og Flóamótið fór fram á skólatíma 2. september. Í október frumsýndum við nýjar glæsilegar húfur félagsins. Öllum krökkum á leik- og grunnskólaaldri bauðst að fá gefins húfu og urðu þær strax mjög vinsælar. Félagið stóð fyrir dansnámskeiði í haust í samvinnu við Heilsuefandi samfélag og voru yfir 20 pör sem tóku þátt.

Við tókum að okkur fjáröflunarverkefni fyrir Flóahrepp, að keyra út á alla bæi nýjar ruslunnur fyrir plastúrgang og var ungmennum á framhaldsskólaaldri boðin sú vinna. Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í fyrsta sinn. Skótuveislun var fjölmenn á Þorláksmessu og fyrir jólin var svo félagið með jólasveinabjónustu sem alltaf er vinsæl í hreppnum.

Stjórnin fundaði tíu sinnum og félagið gaf út 12 tölublöð af Áveitunni, sem á árinu færðist nær alveg yfir á netið, en ennþá er hægt að kaupa áskrift á pappír.



Frá köfukreitingakeppni þjótanda 2022.

Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 4. maí 2022. Stjórnin hélt sér síðan í fyrri. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjöla Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir með formönnum deilda.



Raflíðróttaeildin fór vel af stað árið 2022. Starfsemin er enn í kjallara ráðhúss Ölfuss í herbergi inn af félagsmiðstöðinni. Ráðgert að flytja starfsemina í betra húsnæði á næstunni. Starfið samanstendur af tveimur aldursflokkum, yngri flokkur 6.-7. bekkur og eldri flokkur 8.-10. bekkur. Æfingar eru tvisvar í viku í tvo tíma í senn hjá eldri flokk og 1,5 tíma í senn hjá yngri flokk, einnig var bætt við 5. bekk því eftirspurnin var mikil. Um það bil 30 börn stunda reglulega æfingar hjá deildinni.

Æfingar ganga vel eru enn í þróunarferli þar sem starfið breytist mikið og fljótt og taka þjálfarar mið af öðrum raflíðróttaeildum hvað það varðar.

Fimleikaæfingar hófust 4. janúar og iðkendur deildarinnar voru um 143 talsins. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan janúar og var í alls 12 skipti. Yfirþjálfari var Ásdís Birta Auðunsdóttir en auk hennar störfuðu 20 þjálfarar við deildina. Farið var með nokkra hópa á mót og stóðu þau sig með sóma. Páskabingó var haldið í ráðhúsinu en það er stór fjárflokkur deildarinnar og voru flottir vinningar frá fyrirtækjum hér í kring. Mjög góð mæting var og fullt út úr dyrum. En aðrar fjáraflanir deildarinnar eru dósasafnanir. Vorsýning og uppskeruhátíð var haldin í maí. Sumarnámskeið var haldið og voru 55 iðkendur og 5 þjálfarar. Haustið hófst 4. september með 137 iðkendum. Litli íþróttaskólinn byrjaði um miðjan september og var í alls 10 skipti. Yfirþjálfari var Ásdís Birta og auk hennar störfuðu 17 þjálfarar við deildina. Þjálfarar deildarinnar fóru á eitthvað af námskeiðum og eignuðumst við nokkra dómara þessa önnina. Farið var með tvo hópa á Egilsstaði á mót og voru fyrirtæki hér í þorpinu sem styrktu þá ferð ásamt ýmsum fjárflokkum sem iðkendur sáu um. Jólasyning var 17. desember og í ár var sett upp sýning byggð á ævintýrinu um Encanto. Mikið var lagt í sýninguna og tóku allir iðkendur deildarinnar þátt, að utanskildum iðkendum Litla íþróttaskólans.

Starf körfuknattleiksdeilda Þórs hefur gengið vel á árinu. Meistaraflokkur karla fékk boð um að taka þátt í Europe cup eftir gott gengi í Íslandsmóti KÍ og var ákveðið að þiggja boðið og taka þátt. Fyrir liðið til



Keppendur frá fimleikadeild Þórs.

Kosovo og tók þátt í riðlakeppni sem gaf ómetanlega reynslu. Sameiginlegt lið, Hamars-Þórs leikur í meistaraflokki kvenna sitt annað tímabil í 1. deild og hefur liðið staðið sig vel. Gaman var að fá sterkan hóp Þórsstelpna heim eftir farsælt ár með Fjölni.



Yngri kynslóðin í álfabúningum á Goðalandi.

Meistaraflokkar okkar eru fyrirmyndir yngri iðkenda og hafa um leið hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Um 110 krakkar, 4 - 18 ára, eru að æfa hjá deildinni. Yngri flokkar deildarinnar hafa staðið sig vel undanfarin ár og tekið þátt í Íslandsmótum KÍ en nokkrir flokkar eru í samstarfi við önnur lið á Suðurlandi. Undanfarin ár höfum við haft vel menntaða og góða þjálfara sem er lykillinn að góðu gengi.

Þórsarar áttu sex fulltrúa í yngri og A landsliði Íslands sem kepptu í sumar. Jóhanna Ýr Ágústsdóttir keppti með U15 ára landsliðinu. Emma Hrönn Hákonardóttir, Hildur Gunnsteinsdóttir, Gígja Rut Gautadóttir, kepptu með U18 ára liði stúlkna á NM í Finnlandi og á EM. Tómas Valur Þrastarson með U18 ára liði drengja á NM og EM og Styrmir Snær Þrastarson keppti með A landsliði Íslands.

Emma Hrönn og Tómas Valur voru valin körfuknattleiksfolk Þórs 2022. Bæði hafa þau náð langt á körfuboltavellinum með miklum dugnaði og hæfileikum. Emma Hrönn var einn af lykil leikmönnum U18 ára landsliðs Íslands sem náði flottum árangri.

Í deildinni starfa fjöldi sjálfbóðaliða og er seint þakkað þeirra framlag sem skapar góða umgjörð um starfið. Við leggjum af stað inn í nýtt ár með von í brjósti um að körfuboltinn fái að blómstra sem aldrei fyrr á nýju ári.

Starf Badmintondeilda Þórs gekk vel fyrir sig á árinu og iðkenda fjöldi hélst svipaður. Nýr yfirþjálfari tók við í byrjun árs, Magnús Joachim Guðmundsson en hann hafði áður starfað sem þjálfari við deildina. Stór hluti iðkenda voru byrjendur og því lítið um keppnisferðir og afrek.

Starfsárið 2022 var nokkuð rólegt hjá Vélhjóladeild UMF. Þórs. Deildin stóð ekki fyrir sérstökum viðburðum en okkar fólk tók vissulega þátt í Íslandsmóti í Mótorkrossi. Einnig var brautin löguð til. Máni Mjöllnir varð Bikarmeistari 6-10 ára.

Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa Árne Sigurpálsson formaður, Ólafur Rúnarsson ritari, Sigurður Steinarsson gjaldkeri og meðstjórnendur eru Páll Eggertsson og Ólög G. Eggertsdóttir.



Engin starfsemi var á árinu 2022, þar sem hinni árlegu þrettándabrennu var aflýst sökum Covid aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðalfundur er fyrirhugaður á næstu misserum.

Myndir úr starfinu



Ringólið HSK á Landsmóti 50+ í Borgarnesi.



Sigurlið Selfoss á aldursflokkamóti HSK í sundi 2022.



George Rasvan, leikmaður Uppsveita, var markahæsti leikmaður Íslandsmótsins.



Stuðningsmenn Þórsara á bikarúrslitaleiknum gegn Stjörnunni.



Heims- og Ólympíumeistarinn Daniel Stahl kastar kringlu á Selfoss Classic.



Grýlupottahlaupið á Selfossi nýtur alltaf vinsælda.

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa, Golfklúbburinn Tuddi, Hestamannafélagið Háfeti, Íþróttafélagið Mílan
Karatefélag Suðurlands, Knattspyrnufélag Árborgar, Skotíþróttafélag Suðurlands, Torfæruklúbbur Suðurlands
Umf. Biskupstungna, Umf. Eyfellingur, Umf. Framtíðin, Umf. Merkiðvöll



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS OG HNAPPADALSSÝSLU
SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

UMFÍ

BLANDA AF ÍPRÓTTAKEPPNI, ALMENNRI
HREYFINGU OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI

LANDSMÓT UMFÍ 50+

STYKKISHÓLMI
23.-25. JÚNÍ



ALLT UM MÓTIÐ **UMFI.IS**



Besta bankaappið

Samkvæmt Maskínu 2022